



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. ágúst 2006 – 230. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MÁNUDAGUR

### Getur orðið ansi svæsið

Þegar fræga og ríka fólk skilur geta háar fjárhæðir oft skipt um eigendur og deilurnar orðið hatrammar þar sem engum er hlíft.



FÓLK 28

### Stóð ekki undir væntingum

Madonna hélt tónleika í Danmörku um helgina en stóð engan veginn undir þeim kröfum sem til hennar eru gerðar og heimtuðu sumir endurgreiðslu.



FÓLK 31

### Bjórðagurinn er okkar Bastilludagur

„Franska byltingin hófst með blóðbaði og þróaðist yfir í stríð á erlendum grundum. Íslenska byltingin hófst með bjórbaði en þróaðist yfir í innrásir og yfirtökur á erlendum grundum,“ segir Hallgrímur Helgason.

Í DAG 20


### Fagnaðarhöldunum frestað

FH náði ekki að tryggja sér Íslandsmeistaratiðinn í gær. Liðið varð að setta sig við jafntefli gegn Blikum, 1-1, á heimavelli á sama tíma og Valur lagði Fylki í Árbænum, 1-0.



ÍPRÓTTIR 34

### VEÐRIÐ Í DAG



**KÓLNANDI** - Í dag verður norðan 5-10 m/s. Rigning og skúrir norðan til og austan en skýjað með köflum á Suður- og Suðvesturlandi. Hiti 7-16 stig, hlýjast syðra.


VEÐUR 4

## Meirihluti vill Sjálfstæðisflokk í stjórn

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja tæp 54 prósent að Sjálfstæðisflokkur verði í ríkisstjórn eftir næstu kosningar. Rúm 48 prósent vilja Samfylkingu og 45 prósent vilja að Vinstri græn verði í ríkisstjórn.

**SKOÐANAKÖNNUN** Meira en helmingur svarenda vill að Sjálfstæðisflokkurinn verði í ríkisstjórn eftir næstu kosningar samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Næstflestir, eða rúm 48 prósent, vilja að Samfylkingin eigi aðild að ríkisstjórn. 45 prósent segjast vilja meirihlutasamstarf við Vinstri græn. Rúm 38 prósent segjast vilja að Framsóknarflokkurinn haldi áfram í ríkisstjórn og tæp 15 prósent segjast vilja að Frjálslyndi flokkurinn sitji í ríkisstjórn eftir næstu kosningar.

Mikill munur er á afstöðu kynjanna til þess hvaða flokk fólk vill í ríkisstjórn. Meira en helmingur



karla lítur til hægri og vill að Sjálfstæðisflokkur eigi aðild að næstu stjórn. Meira en helmingur kvenna

lítur hins vegar til vinstri og vill að Samfylking eða Vinstri græn sitji í næstu ríkisstjórn.

Rúmlega 59 prósent karla vilja að Sjálfstæðisflokkur verði í stjórn, en tæplega 47 prósent kvenna. Þá vilja tæp 42 prósent karla að Framsóknarflokkur eigi aðild að ríkisstjórn, en rúm 34 prósent kvenna.

Rúmlega 58 prósent kvenna vilja hins vegar að Samfylkingin eigi aðild að næstu ríkisstjórn, en hlutfall karla er rúm 40 prósent. Þá vilja rúm 55 prósent kvenna að Vinstri græn eigi aðild að ríkisstjórn, en tæplega 37 prósent karla.

- ss / sjá síðu 4

Heimsmót í farsímakasti:

## Finni vann með 89 metra kasti

**FINNLAND** Sjöunda óformlega heimsmestaramótið í farsímakasti fór fram í Savonlinna í Finnlandi um helgina. Með 89 metra löngu kasti tryggði Finninn Lassi Eteläaho sér heimsmestaratitilinn í ár. Nýtt heimsmet var sett í kvennaflokki.

Finnska stúlkan Eija Laakso bætti kvennaheimsmetið er hún slengdi farsíma 50,83 metra vegalengd, sjö metrum lengra en næstlengsta kastid í kvennaflokki.

Keppendur komu hvaðanæva úr heiminum til að etja kappi í þessari ungu íþrótt. Sigurkast Eteläahos var tveimur metrum lengra en það næstlengsta, að því er fram kemur á fréttavef danska blaðsins Politiken.

- aa



SÝNA HERNADARMÁTT Íranskri sprengiflaug skotið í heræfingunum um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heræfingar Írana á Persaflóa:

## Skutu nýrri gerð flugskeytis

**ÍRAN, AP** Nýrri gerð af íranskri sprengiflaug var í gær skotið frá kafbát á Persaflóa. Tilraunaskotið var liður í umfangsmiklum heræfingum Írana á Persaflóa, sem virðast vera haldnar til að sýna Vesturlöndum hernaðarmáttinn sem Íransstjórn ræður yfir.

„Herinn prufuskaut með árangursríkum hætti hraðfleygri langdrægri „kafbáts-til-yfirborðsflaug“ á Persaflóa,“ upplýsti Sajjad Kouchaki flotaforingi í frétt íranska ríkissjónvarpsins.

Frestur sem öryggisráð SÞ gaf Íransstjórn til að stöðva auðgun úrans eða eiga ella á hættu að vera beitt alþjóðlegum refsiaðgerðum rennur út um mánaðamótin.

- aa

Meistaramót í hrútaþukli:

## Strandamaður sigurvegari

**HRÚTAÞUKLI** Strandamaðurinn Kristján Albertsson frá Melum og Sigurður Sigurðarson dýralæknir voru sigurvegarar á meistaramóti í hrútaþukli sem haldið var á Ströndum í gær. Um fimmtíu keppendur kepptu í tveimur flokkum. Flokki vanra þar sem reyndir hrútaðómarar meta gæði hrúta og í flokki óvanra þar sem tilfinningin ræður.

„Sigurður sá út röðina án þess að taka mikið á hrútinum,“ segir Jón Jónsson á Kirkjubóli, skipuleggjandi mótsins. Sigurður sigraði í flokki óvanra og keppti á mótinu fyrir hönd Kvæðamannafélagsins Iðunnar sem var á Hólmavík í til efni landsmóts hagryðinga. „Hann setti fram ansi snjallan röksuðning og söng vísurnar sem hann hafði ort á meðan á keppninni stóð,“ bætir Jón hlæjandi við.

- at



HJÓLANDI Í HÁLOFTUNUM Félagarnir Ísak Axelsson og Páll Guðni Guðmundsson léku sér á svæði í Öskjuhlíðinni sem ætlað er til æfinga fyrir hjólaðamenn. Ekki var annað að sjá en að þeir hefðu náð mikilli færni og væru farnir að hjóla í háloftunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Par með þriggja ára barn tekið í Leifsstöð með fíkniefni:

## Gleypti hálf kíló af hassi

**LÖGREGLUMÁL** Par á fertugsaldri með þriggja ára gamalt barn var stöðvað við reglubundið eftirlit tollgæslunnar í Leifsstöð um hádegisbil á fimmtudaginn. Párið var að koma frá Kaupmannahöfn og vöknud grunsemdir tollgæslunnar um að maðurinn væri með fíkniefni innvortis.

Maðurinn, sem er frá Suður-Ameríku en hefur verið búsettur hér á landi um nokkurra ára skeið, var sendur í röntgenmyndatöku og reyndist hann þá hafa gleypt um fimm hundruð grömm af hassi. Hann var þá handtekinn í framhaldinu. Hvorki konan, sem er frá

Norður-Afríku, né barnið reyndust vera með fíkniefni á sér. Lögregla telur að maðurinn hafi ætlað efnið til sölu og dreifingar. Hann hefur ekki komið við sögu lögreglu áður.

Efnið hafði hann gleypt í smokkum og var það dreift um meltingarveg mannsins og maga.

Um föstudagskvöldið fór maðurinn að kenna sér meins, rof hafði komið á einhverjar umbúðirnar og var hann þá fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans með hjartsláttartruflanir.

Eftir aðhlyningu náði maðurinn sér að fullu og efnið skilaði sér með hefðbundnum hætti að sögn

lögreglu. Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, kannast ekki við að á móta aðferð hafi verið notuð áður við smygla á hassi. „Ég minnst þess ekki að fjölskylda með barn hafi áður reynt að smygla hassi með þessum hætti,“ sagði Jóhann R. „Þetta undirstrikar enn og aftur óskamfeilni þeirra sem eru að smygla fíkniefnum, í þessu tilviki er barn notað sem skálkaskjól til að villa um fyrir okkur.“

Söluandvirði efnisins á götunni er um milljón króna.

Manninum var sleppt á laugardaginn og telst málið upplýst. - æþe

LESTUR MEDAL 18-49 ÁRA

Lestur á fasteignablöð

38%



27%



Allt-fasteignir. á mánudegi Fasteignablað Morgunblaðsins

\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.



Íslendingur á þrítugsaldri lenti í honum kröppum í Kaupmannahöfn:

# Hrint fyrir lest en slapp með skrámur

**DANMÖRK** Tuttugu og sex ára gömlum Íslendingi var hrint fyrir lest á Nørreport-lestarstöðinni í Kaupmannahöfn á laugardagskvöld.

Samkvæmt fréttum danskra fjölmiðla átti maðurinn í stappi við annan heimilisláusan mann yfir sigarettu sem endaði með því að honum var hrint út á teinana í veg fyrir lest. Á ótrúlegan hátt slapp maðurinn með lítilsháttar höfuðverka og skrámur þar sem hann lá milli lestarteina þegar lestin fór hjá. Að sögn lögreglu gengur það krafaverki næst að hann skyldi hafa sloppið svona vel. Þess séu mjög fá dæmi að fólk sem lendir undir lest komist lífs af.

Lögreglan leitar enn ákaft að hinum manningnum. Mynd af baksvip hans náðist í öryggismyndavél.

„Við verðum að leita fyrir okkur á götunni. Sá sem var hrint telur sig hafa séð manninn áður, en það er það eina sem við höfum í höndunum. Við verðum að leita fanga meðal útigangsmanna,“ hefur fréttavefur Politiken eftir Henrik Andersen, aðalvaktstjóra rannróknadeildar Kaupmannahafnarlögreglunnar.

- ks/aa

**ATVIKIÐ MYNDAÐ** Á þessari mynd úr öryggismyndavél á Nørreport-lestarstöðinni sést Íslendingurinn falla af brautarfallinum. Lestin ók yfir hann fjórum sekúndum síðar.

LÖSAMYND/POLIFOTO



## SPURNING DAGSINS

**Birkir, hvern fjárann ætlar þú að laga?**

„Það er að ýmsu að hyggja þegar kemur að fjárlögunum, sumt fjári snúið.“

Framsóknarmaðurinn ungi, Birgir Jón Jónsson, tók við formennsku í fjárlaganefnd Alþingis á dögunum.

Íraski forsætisráðherrann:

## Átökin ekki borgarastríð

**ÍRAK, AP** Bylgja sprengju- og skotárása gekk yfir Írak þvert og endilangt í gær. Tugir manna létu lífið í árásunum, þrátt fyrir að gripið hafi verið til umfangsmikilla aðgerða til að auka öryggi borgaranna í höfuðborginni Bagdad og áskoranir frá forsætisráðherranum Nouri al-Maliki, sem er sjía-múslími, um að landar hans úr ólíkum trúarhópum hætti gagnkvæmum árásum.

Al-Maliki hélt því enn fremur fram að tekið væri að draga úr átökum trúarhópa og að ríkisstjórn hans væri að ná árangri í að stöðva bæði bræðravíg sjía og súnna og árásir uppreisnarmanna.

„Það er ekki borgarastríð. Það verður aldrei borgarastríð í Írak,“ lýsti hann yfir í sjónvarpsviðtali.

En mannfalið hélt áfram. Minnst 51 lét lífið í skot- og sprengjuárásunum vítt og breitt um landið, þar á meðal í Kirkuk í norðri og Basra í suðri, auk Bagdad og nágrennis.

- aa

Vélhjól utanvegar:

## Litlar sem engar skemmdir

**LÖGREGLUMÁL** Skálaverðir og vegfarendur tilkynntu lögreglunni á Hvolsvelli um utanvegaakstur hóps torfærubifhjólanna milli Hvann-gils og Kaldaklofskvíslar í gær.

Lögreglunni var tilkynnt um hóp þrjátíu vélhjólanna sem skildu eftir sig djúp og ljót hjólför utan vegar á gönguleiðinni Laugaveginum milli Landmannalauga og Þórsmurkur.

Tveir lögreglumenn fóru í eftirlitsferð á þyrlu Landhelgisgæslunnar TF-LÍF seinnipartinn í gær til að skoða verksummerki á svæðinu og að sögn lögreglu voru engar skemmdir sjáanlegar.

- æþe



**FRELSINU FEGNIR** Anita McNaught, í miðju, eiginkona Fox-myndatökumannsins Olafs Wiig, talar á blaðamannafundi á hóteli í Gaza-borg í gær með eiginmanninn sér á vinstri hönd en hinn gíslann, Steve Centanni, á þá hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gíslar lausir á Gaza

Tveir fréttamenn Fox-sjónvarpsstöðvarinnar voru í gær látnir lausir úr hálfmána-aðar langri gíslingu herskára Palestínanna. Enginn hefur verið handtekinn.

**GAZA, AP** Tveir fréttamenn Fox-sjónvarpsstöðvarinnar bandarísku voru í gær látnir lausir úr tveggja vikna gíslingu herskára Palestínanna á Gaza-svæðinu. Þeir voru heilir á húfi, en sögðu gíslatökumennina hafa haldið sér kirfilega bundnum með bundið fyrir augun og hótad sér lífláti tækju þeir ekki íslamstrú.

Eftir að mennirnir – Bandaríkjamadurinn Steve Centanni og Nýsjálandingurinn Olaf Wiig – endurheimtu frelsi sitt hittu þeir Ismail Haniyeh, forsætisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar, og yfirgáfu því næst Gaza-svæðið í lýti. Fyrst mönuðu þeir þó aðra erlenda fréttamenn til að hika ekki við að kynna sér aðstæður hrjðara Palestínanna á Gaza-svæðinu.

Fréttamaðurinn Centanni, sem er sextugur, og myndatökumaður-

inn Wiig, sem er 36 ára, hurfu úr vinnubíl sínum á Gaza-svæðinu þann 14. ágúst. Það var svo ekki fyrr en tíu dögum síðar sem áður óþekktur hópur herskára Palestínanna, „Helgu heilags-stríðs-sveitirnar“, lýsti yfir ábyrgð á mannráninu og sendi frá sér myndband sem sýndi gíslana á lífi. Kröfur hópsins um að allir múslimar sem væru í haldi í bandarískum fangelsum yrðu látnir lausir í skiptum fyrir gíslana vöktu ugg um að erlendir öfgamenn, hugsanlega tengdir al-Kaída-hryðjuverkanetinu, væru farnir að láta til sín taka á Gaza-svæðinu.

En talsmenn palestínskra öryggismálayfirvalda sögðu þetta nafn á hópnun hentiheiti sem þekktir róttæklingar úr röðum heimamanna notuðu til að vekja á sér athygli. Allan tímann hafi verið vitað hverjir þeir voru. Tals-

mennirnir sögðu að haft hefði verið upp á þeim með hjálp þriðju aðila sem ekki komu annars nálægt mannráninu. Þeir sögðu þó ekkert um hvort palestínski yfirvöld hefðu samið við gíslatökumennina.

Á síðustu tveimur árum hafa herskár Palestínammenn rænt á þriðja tug útlendinga, oftast til að setja fram persónulegar kröfur, en þeim hefur í flestum tilvikum verið sleppt samdægurs og án þess að hár væri skert á höfði þeirra.

Allan tímann á meðan Centanni og Wiig voru í haldi héldu palestínskir ráðamenn því stöð og stöðugt fram að þeir vissu ekkert um það hverjir gíslatökumennirnir væru. Haniyeh vék sér undan að svara þegar hann var spurður hvort reynt yrði að handtaka þá.

audunn@frettabladid.is

Bilvelta á Ólafsfjarðarvegi:

## Endaði fjörutíu metrum frá vegi

**LÖGREGLUMÁL** Nítján ára ökumaður missti stjórn á bifreið sinni um hálf átta leytið í gærmorgun á Ólafsfjarðarvegi við bæinn Djúpárþakka, með þeim afleiðingum að bifreiðin valt.

Vegkaflinn þar sem ökumaður ok er hlykkjóttur en malbikaður. Bíllinn endastakkst og fór nokkrar veltur og endaði um fjörutíu metrum frá veginum á hjólnum.

Ökumaðurinn var einn í bílnum og var í bílbelti. Hann slasaðist lítillega og var fluttur til aðhyllningar á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Bifreiðin er talin ónýtt.

-æþe

Sameinuðu þjóðirnar:

## Sáttmáli í mál-efnum fatlaðra

**MANNÚÐARMÁL** Samningar náðust um sáttmála Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra á föstudag en víræður um hann hafa tekið um

fimm ár að sögn Helga Hjörvar sem sæti á í íslensku sendinefndinni. Sáttmálinn er af sama toga og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

„Sáttmálinn öðlast svo gildi þegar nægilegur fjöldi þátttökubjóða hefur staðfest hann, það verður vonandi innan tveggja eða þriggja ára og hann nær þá til réttindahóps sem um 650 milljónir manna fylla,“ segir Helgi.

-jse

## ÞÝSKALAND

### Slösuðust í eldingu

Eldingu laust niður í hóp fólks, sem var að fylgjast með flugsýningu og knattspyrnuleik í Sankt Augustín við Bonn í Þýskalandi í gær, með þeim afleiðingum að 25 manns slösuðust, sumir illa.

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli um nauðlendingu flugvélar British Airways:

## Ánægð með skjót viðbrögð

**NAUÐLENDING** Forsvarsmenn á Keflavíkurflugvelli fundu í dag um aðgerðir á flugvellinginum um helgina þegar flugvél British Airways nauðlenti vegna gruns um eld í farþegarými. Arngrímur Guðmundsson, deildarstjóri öryggisviðs Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, segist vera nokkuð ánægður með aðgerðirnar og sérstaklega hvað viðbragðstími hafi verið góður. „Það sem er sérstakt við þetta mál er hvað fyrirvarinn var stuttur fyrir okkur. Þarna líða bara tíu mínútur eða korter frá því að vélin tilkynnir um að það er ástand um borð og þangað til hún er lent.“

Farþegar þurftu að bíða inni í flugvélinni allan tímann sem vélin var á Keflavíkurflugvelli áður en hún hélt frá sinni áfram til Bandaríkjanna, eða í um þrjár og hálf klukkustund. Arngrímur segir að það hafi verið ákvörðun flugstjór-



**FLUGVÉL BRITISH AIRWAYS Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Einungis liðu tíu til fimmtán mínútur frá því að flugvélin tilkynnti um ástand í vélinni og þangað til henni var lent á flugvellinginum.

ans sem hann hefur tekið í samvinnu við flugfélagið British Airways. „Flugstjóranum þótti greinilega ekki ástæða til að farþegarnir færu frá borði enda voru þeir ekkert hræddir. Ég fór sjálfur um borð í vélna og farþegar voru bara mjög rólegir og yfirvegaðir.“

Aðspurður um hvort farþegarnir hafi ekki fengið að fara inn í

-at

**NÝTT!** Tómsunda-  
bækur

Fyrir káta krakka

SETBERG



ÓDÝRASTA ADSL TENGING Á ÍSLANDI

# ADSL VERÐHRUN!

512  
Kb/s

ÓTAKMARKAÐ  
NIÐURHAL!

BTNET  
flær bitar • meiri hraði

Eingöngu  
hjá BT!

ÓTAKMARKAÐ  
NIÐURHAL!

1.990

3.990

www.btnet.is - þjónustuver sími 588 1234



## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 25.8.2006

## KAUP SALA

Bandaríkjadalur	69,91	70,25
Sterlingspund	132,16	132,80
Evra	89,26	89,76
Dönsk króna	11,962	12,032
Norsk króna	11,006	11,126
Sænsk króna	9,682	9,738
Japanskt jen	0,5963	0,5997

SDR 103,65 104,27

Gengisvísitala krónunnar  
123,3903

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kjósendur Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks vilja nýtt stjórnarsamstarf:

## Hópur sem vill á önnur mið

**SKOÐANAKÖNNUN** Greinilegt er að hópur kjósenda Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks vill ekki halda áfram með ríkisstjórnarsamstarfi. Þetta les Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur úr skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birtist í blaðinu í dag.

„Það vekur strax athygli að 32,2 prósent vilja stjórnarsamstarf ríkisstjórnarflokkanna sem er langt frá því fylgi sem flokkarnir fengu samanlagt í þessari skoðanakönnun,“ segir Baldur sem bætir við að greinilegt sé að þó nokkur hópur úr öðrum hvorum flokkum, eða báðum, vilji leita á önnur mið í stjórnarsamstarfi.



**BALDUR ÞÓRHALLSSON STJÓRN MÁLA-FRÆÐINGUR** Segir niðurstöður skoðanakönnunarinnar endurspeglar tvær blokkir á sviði stjórnmálanna.

Baldur segir einnig að veki athygli að ekki fleiri en 14,8 prósent skuli nefna stjórnarandstöðuna sem besta kostinn í ríkisstjórnarsam-

starfi, „Stjórnarandstaðan þarf að gera mun betur til þess að fella ríkisstjórnina í kosningunum. Sjálfstæðisflokkurinn stendur mjög vel að vígi,“ segir Baldur og vísar í niðurstöður skoðanakönnunarinnar í gær og það að 53,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu úr könnuninni vildu að Sjálfstæðisflokkurinn kæmi að ríkisstjórnarsamstarfi.

48,2 prósent þeirra sem tóku afstöðu vilja að Samfylkingin taki þátt í ríkisstjórnarsamstarfi. „Þetta endurspeglar þessar tvær blokkir, annars vegar hægri blokkina og vinstri blokkina, sem eru tvær nokkuð jafnar blokkir sem takast á,“ segir Baldur Þórhallsson. - at

Fimmtán ára ökumaður:

## Tekinn fullur á bíl foreldranna

**LÖGREGLUMÁL** Aðfaranótt sunnudags stöðvaði lögreglan í Reykjavík níu ökumenn sem eru grunaðir um ölvun við akstur. Þar af var einn fimmtán ára ökumaður sem lögregla stöðvaði í austurhluta Reykjavíkur um níuleytið um morguninn.

Drengurinn stal bifreið frá foreldrum sínum og ákvað að fara í ökuferð eftir að hafa setið að sumbli. Drengurinn var stöðvaður af lögreglu við eftirlit og vegna aldurs var foreldrum hans gert viðvart til að vera viðstaddir skýrslutöku.

Lögregla kys að tjá sig ekki um viðbrögð foreldranna. - æpe

## 68 prósent vilja aðra stjórn

Flestir, eða tæplega 36 prósent, vilja vinstri stjórn eftir næstu kosningar, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Rúm 32 prósent vilja hægri stjórn en rúmlega 22 prósent vilja samstarf hægri og vinstri aflu.

**SKOÐANAKÖNNUN** Um 68 prósent svarenda í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja annað stjórnarsamstarf en núverandi stjórnarflokkanna eftir næstu kosningar. Tæpur þriðjungur aðspurðra vill Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk áfram í ríkisstjórn, en það er um 19 prósentustigum minna en samanlagt fylgi þessara tveggja flokka samkvæmt könnun blaðsins sem birt var í gær. Þá sögðust 10,7 prósent myndu kjósa Framsóknarflokkinn ef boðað yrði til kosninga nú, en 39,8 prósent sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Mun fleiri karlar en konur vilja áframhaldandi samstarf ríkisstjórnarflokka eftir næstu kosningar. 37,6 prósent karla sögðust helst vilja slíkt ríkisstjórnarsamstarf, en 25,3 prósent kvenna. Þá list íbúum á landsbyggðinni betur á áframhaldandi samstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks en íbúum höfuðborgarsvæðisins. 36,0 prósent íbúa á landsbyggðinni vilja slíkt meirihlutasamstarf, en 30,1 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Svör dreifðust aðallega á sex möguleika: meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks; Frjálslynda flokksins, Samfylkingar og Vinstri grænna; Sjálfstæðisflokks og Samfylking-


ar; Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna; Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna og samstarf Samfylkingar og Vinstri grænna. Þá voru um tíu prósent sem vildu aðra möguleika í ríkisstjórnarsamstarfi. Meðal þeirra voru nokkrir sem vildu meirihlutasjórn eins flokks. Af þessum valkostum nefndu flestir áframhaldandi samstarf núverandi ríkisstjórnarflokka.

Tæplega 15 prósent vilja að núverandi stjórnarandstöðuflokkar myndi ríkisstjórn eftir næstu kosningar, en samanlagt fylgi þeirra flokka í könnun blaðsins í gær var 48,9 prósent.

Aðeins fleiri konur en karlar vilja ríkisstjórn núverandi stjórnarandstöðuflokka, eða 18,4 prósent kvenna og 11,8 prósent karla.

Um 36 prósent svarenda sögðust vilja vinstri stjórn eftir næstu kosningar, myndaða af bæði Samfylkingu og Vinstri grænum og mögulega Framsóknarflokki eða Frjálslynda flokknum. Þar af vildu tæplega 15 prósent meirihlutasamstarf með Frjálslynda flokknum. Rúmlega sex prósent vildu samstarf með Framsóknarflokknum, en 15 prósent vildi ríkisstjórn sem í væru einungis þessir tveir flokkar. Mun fleiri konur en karlar sögðust vilja Samfylkingu og Vinstri græn í ríkisstjórn, ýmist

## HVÆÐA STJÓRN MÁLAFLOKKA VILT ÞÚ AÐ MYNDI RÍKISSTJÓRN EFTIR NÆSTU KOSNINGAR?



Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins 26. ágúst 2006

þá tvo flokka eða með þriðja flokknum. 27,7 prósent karla sögðust vilja slíka vinstri stjórn eftir kosningar, en 46,1 prósent kvenna.

Þá eru mun fleiri á höfuðborgarsvæðinu sem vilja vinstri stjórn eftir næstu kosningar en íbúar á landsbyggðinni. 39,3 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu sögðust vilja ríkisstjórn eftir næstu kosningar sem inniheldi bæði Samfylkingu og Vinstri græn. Þar af vildu 15,8 prósent samstarf við Frjálslynda flokkinn. 5,1 prósent vildi samstarf við Framsóknarflokkinn og 18,4 prósent vildu að einungis Samfylking og Vinstri græn myndu stjórn.

29,6 prósent íbúa á landsbyggðinni sögðust vilja vinstri stjórn með samstarfi Samfylkingar og Vinstri grænna. Þar af vildu 12,8 prósent að Frjálslyndi flokkurinn væri jafnframt í stjórn, 8,1 pró-

sent vildi einnig hafa Framsóknarflokkinn í stjórn en 8,7 prósent sögðust vilja tveggja flokka stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna.

Tæp 22 prósent svarenda segjast vilja blöndu af hægri og vinstri flokkum í næstu ríkisstjórn. Þar af segjast 12,3 prósent vilja ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og 9,2 prósent vilja samstarf Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna. Mjög lítt munur er á afstöðu til þessara kosta eftir kyni eða búsetu.

Hringt var í 800 kjósendur laugardaginn 26. ágúst og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var; Eftir næstu kosningar, hvaða stjórnmálaflokkar vilt þú að myndi næstu ríkisstjórn? 61,0 prósent svarenda tók afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is



NIÐURRIF LÝSISHÚSSINS Í stað hússins mun rísa hjúkrunarheimili með níutíu hjúkrunarrýmum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bæjarstjóri á Seltjarnarnesi:

## Vill flýta byggingu á Lýsisreit

**HEILBRIGÐISMÁL** Niðurrif á húsnæði Lýsis við Grandaveg er langt á veg komið og til stendur að bjóða út byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða með níutíu rýmum fyrir Reykjavíkinga og Seltirninga.

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, segir að sóst verði eftir því hjá heilbrigðisráðuneytinu að framkvæmdinni verði flýtt. „Hugmyndin var sú að hjúkrunarheimilið yrði tekið í notkun snemma árs 2009. Við viljum flýta verkinu, ef hægt er,“ segir Jónmundur. Seltjarnarnesbær á lóðina og mun fá um þrjátíu af hjúkrunarrýmum til sinna afnota. Telur Jónmundur að það muni uppfylla framtíðarþörf bæjarins fyrir hjúkrunarrými. - sgi

## LÖGREGLUFRÉTTIR


**Sundlaugarpartí** Lögregla fékk tilkynningu um þrjú leytið í fyrrið, að hópur fólks væri að skemmta sér í Breiðholtssundlaug. Þegar lögregla kom á vettvang voru um fimmtán manns í lauginni og flúðu margir þeirra þegar lögregla mætti. Þrjú þeirra hreyfðu sig aftur á móti hvergi og neituðu að koma sér upp úr lauginni. Þeir voru að lokum handteknir og færðir í fangageymslur.

## BANDARÍKIN

**Geimferjuskoti seinkað** Allt benti til þess í gær að áformuðu geimskoti geimferjunnar Atlantis frá Kanaveralhöfða á Flórída á morgun yrði seinkað fram í næstu viku vegna fellibyljarins Ernesto sem nálgast strendur Flórída.

## NÆSTA RÍKISSTJÓRN

Hægri stjórn, vinstri stjórn eða blönduð stjórn



Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins 26. ágúst 2006.

**SKÓLA TILBOÐ!** NÁMS-HESTUR

**ACER ASPIRE 3661WLMi**

Intel Celeron M 1.5Ghz  
512MB DDR2 Vinnsluminni  
80GB Harður diskur  
15.4" CrystalBrite skjár  
ATI Xpress X200M, 256MB Skjákort

**INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

**TÖLVUKAUPALÁN TIL 36 MÁNADA 3.092,- Á MÁNUÐI**

**89.900,-**

WWW.SVAR.IS | svar.tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

**VEÐURSPÁ**

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NORÐANÁTTIR OG KÓLNANDI**  
Jæja, þá er hann lagstur í norðanáttir. Það þýðir að veður fer smám saman kólnandi og verða tölumær yfirleitt undir tíu gráðunum næstu daga, síst þó sunnan til. Úrkomu verður einum á norðan- og austanverðu landinu en ekki eru horfur á skellibjörtu veðri syðra. Þar verður bjart með köflum. Ekki er að sjá annað en að norðanáttirnar standi fram yfir næstu helgi.

**VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG**  
Norðan 5-8 m/s. Skýjað með köflum. Hiti 10-13 stig í dag en fer hægt kólnandi.

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	19°C hálfskýjað	London	20°C skúrir
Billund	17°C rigning	Paris	16°C skúrir
Oslo	17°C skúrir	Frankfurt	18°C rigning
Stokkhólmur	18°C skúrir	Friedrichshafen	16°C skúrir
Gautaborg	17°C skúrir	Berlín	19°C hálfskýjað

**um hádegi »**

Alicante	30°C hálfskýjað
Mallorca	28°C hálfskýjað
Algarve	30°C heiðskirt
Krit	30°C heiðskirt
Las Palmas	28°C hálfskýjað

» á morgun  
5-10 m/s

» miðvikudagur  
8-13 norðvestan til, annars hægar.

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



ALLT AÐ 100% LÁN!

# ÚTSALAN RISAÚTSALAN ER HAFIN!

**ISUZU TROOPER 3.0 32"**

Nýskráður 12.99 - Sjálfskiptur - Ekinn 146 þús.

28.450,- á mánuði  
miðað við 100% lán.Verð áður: 1.440.000,- Nú: **990.000,-****NISSAN PRIMERA ACENTA**

Nýskráður 06.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 48 þús.

28.450,- á mánuði  
miðað við 100% lán.Verð áður: 1.680.000,- Nú: **1.290.000,-****RENAULT MEGANE**

Nýskráður 09.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 36 þús.

26.232,- á mánuði  
miðað við 100% lán.Verð áður: 1.690.000,- Nú: **1.280.000,-****OPEL VECTRA 2.5 V6**

Nýskráður 09.00 - Beinskiptur - Ekinn 76 þús.

29.850,- á mánuði  
miðað við 100% lán.Verð áður: 1.090.000,- Nú: **890.000,-****NISSAN TERRANO II SE**

Nýskráður 09.99 - Beinskiptur - Ekinn 130 þús.

22.985,- á mánuði  
miðað við 100% lán.Verð áður: 1.090.000,- Nú: **680.000,-****NISSAN ALMERA LUXURY**

Nýskráður 02.03 - Beinskiptur - Ekinn 47 þús.

Verð áður: 920.000,- Nú: **770.000,-****SUBARU LEGACY WAGON**

Nýskráður 02.01 - Sjálfskiptur - Ekinn 93 þús.

19.262,- á mánuði  
miðað við 100% lán.Verð áður: 1.230.000,- Nú: **940.000,-****SUBARU FORESTER TURBO**

Nýskráður 05.99 - Sjálfskiptur - Ekinn 123 þús.

26.412,- á mánuði  
miðað við 100% lán.Verð áður: 1.170.000,- Nú: **780.000,-****NISSAN TERRANO LUXURY**

Nýskráður 06.01 - Beinskiptur - Ekinn 91 þús.

23.735,- á mánuði  
miðað við 100% lán.Verð áður: 1.460.000,- Nú: **1.160.000,-**

Nú er hafin glæsileg útsala á notuðum bílum hjá Ingvari Helgasyni.  
Mikið úrval góðra bíla á enn betra verði. Líttu við og gerðu góð kaup.

**ALLT AÐ 550.000 KR. AFSLÁTTUR!**

Við bíðum spenntir eftir  
nýjum eigendum!



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

Birt með fyrirvara um innsláttavillur.





## KJÖRKASSINN

Ætlar þú í berjamó í haust?

<b>Já</b>	46%
<b>Nei</b>	54%

SPURNING DAGSINS Í DAG?

Ertu flughrædd/ur?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Lögregla rannsakar hvað fór úrskeiðis þegar þota í innanlandsflugi í Bandaríkjunum hrapaði í Kentucky:

# Einn komst af en 49 fórust í flugslysi

**KENTUCKY, AP** Þota sem var nýlögð af stað til Atlanta frá Blue Grass-flugvelli í Lexington í Kentucky, hrapaði rétt utan við flugbrautina í gær. Einn úr áhöfn vélarinnar komst af, mikið slasaður, en allir



**BRUNNU INNI** Dánardómstjórinn Gary Ginn skýrir frá rannsókn slyssins í Lexington í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

aðrir sem í vélinni voru, 49 manns, fórust.

Eldur kom upp í vélinni er hún hrapaði, en búkur hennar virtist heill þegar að var komið. Hún var í eigu Comair-flugfélagsins og af gerðinni Bombardier CJR-200 sem mikið er notuð í ferðum milli borga í Bandaríkjunum.

„Þeir voru nýkomnir á loft svo að ég er viss um að vélin var full af eldsneyti,“ sagði Gary Ginn, dánardómstjóri Fayette-sýslu sem Lexington tilheyrir. Hann sagðist gera ráð fyrir að dánarorsök flestra sem um borð voru væri að rekja til eldhafsins.

Þetta er mannkæðasta flug-



CRJ-200 Vélín sem hrapaði var af þessari gerð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

slyss sem orðið hefur í Bandaríkjunum í nærri sex ár.

Talsmaður lögreglu sagði að verið væri að rannsaka hvort vélín hefði tekið á loft frá rangri flugbraut og flugstjórinn fyrst gert

sér grein fyrir því á síðustu stundu að brautin væri of stutt. Laura Brown, talsmaður bandarísku flugöryggisstofnunarinnar FAA, sagði að engar vísbendingar bentu til hryðjuverks.

- aa

Kosningadeilurnar í Mexíkó:

## Vinstrimaður vann í Chiapas

**MEXÍKÓ, AP** Frambjóðandi stærsta vinstriflokksins í Mexíkó, Juan Sabines, vann kosningar til ríkisstjóra í Chiapas í suðurhluta landsins. Hlaut hann samkvæmt opinberum úrslitum 6.300 fleiri atkvæði en aðalkeppinauturinn, Jose Antonio Aguilar, sem var frambjóðandi borgaralegu flokkanna. Úrslitin gátu vart verið naumari þar sem yfir ellefu hundruð þúsund atkvæði voru greidd í kosningunum. Fulltrúar PRI, flokks Aguilar, sögðust umsvifalaust munu kæra úrslitin og saka andstæðingana um kosningavik.

Enn er óútkljáð deila um hver sé réttkjörinn forseti Mexíkó eftir að frambjóðandi vinstrimanna í nýlega afstöðnum forsetakosningum neitaði að játa sig sigraðan. Áfrýjunardómstóll hyggst úrskurða í þeirri deilu í dag. - aa

Tölvubilun hjá Esso:

## Töf á auglýst-um afslætti

**BENSÍN** Tölvubilun hjá bensínstöðum Esso olli því að auglýstur þrettán krónu afsláttur á eldsneyti tók ekki gildi á tilsettum tíma í gær. Allnokkrir viðskiptavinir olíufélagsins létu í ljós gremju sína þegar þeir voru rúkkadír um fullt verð eftir að afsláttur átti að taka gildi. Magnús Ásgeirsson, innkaupastjóri eldsneytis hjá Esso, segir atvikið óheppilegt. Hann vill beina til viðskiptavina sem keyptu bensín á tilbóðstímabilinu að halda eftir kassakvittun svo að hægt sé að endurgreiða þeim mismuninn. - æþe

## LÖGREGLUFRETTIR

**Velti bíl á Sæbraut** Tvitugur öku- maður velti bíl sínum á tíunda tímanum í gærmorgun á Sæbrautinni til móts við Kalkofnsveg. Ökumann sakaði ekki en bíllinn er mikið skemmdur. Hann var einn í bílnum.



**BROTALÖM Í TILKYNNINGASKYLDU** Grunur leikur á að vinnuveitendur sinni ekki í nógu ríkum mæli þeirri skyldu sinni að tilkynna erlenda starfsmenn til Vinnuálastofnunar innan tíu daga frá því að þeir hefja störf. Brotalömin er hugsanlega til komin vegna tafa við afgreiðslu kennitalna.

## BÍLL DAGSINS

### OPEL CORSA COMFORT

Nýskr. 05.03 - Beinskíptur - Ekinn 60 þús. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

## EKKI BORGA MEIRA!

29 þúsund kr. munur á ársiðgjaldi

SAMKVÆMT KÖNNUN  
ASÍ ER ELÍSBET ALLT  
AÐ 29.000 KR.

ÓDÝRARI EN GÖMLU  
TRYGGINGAFÉLÖGIN.

Reiknaðu þitt dæmi á [elisabet.is](http://elisabet.is)

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALANUM

**elisabet**

[elisabet.is](http://elisabet.is)

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

# Hundruð erlendra manna óskráð

Þjóðskráin hefur ekki undan að afgreiða umsóknir um kennitölur fyrir erlenda starfsmenn. Fyrirtæki geta ekki staðið skil á skatti meðan kennitölu vantar. Vinnuveitendur skila ekki inn ráðningarsamningi til Vinnuálastofnunar.

**VINNUMARKAÐUR** Þjóðskráin afgreiðir um eitthundrað nýjar kennitölur fyrir erlenda starfsmenn fyrirtækja á hverjum degi og hefur samt ekki undan. Sex til átta vikur tekur að afgreiða kennitölurnar. Lögum samkvæmt á að gera það á tíu virkum dögum.

„Nýju lögin, sem sett voru 1. maí, halda hvorki vatni né vindum. Eftirlit átti að vera með því hversu margir erlendir starfsmenn kæmu til landsins en enginn veit hversu margir útlendingarnir eru,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Fyrirtæki eiga að skila ráðningarsamningum við erlenda starfsmenn til Vinnuálastofnunar innan tíu daga frá því starfsmaðurinn hefur störf en gera



VILHJÁLMMUR BIRGIS- SON GISSUR PÉTURSSON

ekki. Fyrirtækin geta ekki heldur staðið skil á staðgreiðslu skatta þegar kennitölu vantar.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segir nokkuð til í gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar en unnið sé ötullega að lausn málsins. Fulltrúar Vinnuálastofnunar eigi þessa dagana fundi með starfsmönnum

Þjóðskrárinnar og skattyfirvalda.

„Í byrjun september eigum við von á að geta samkeyrt skrár og kennitölur til að finna út hverjir fá greidd laun án þess að vera skráðir. Höfuðmáli skiptir að vinnuveitendur sem leggja inn ósk um kennitölu sendi okkur afrit af ráðningarsamningi en þeir virðast ekki gera það,“ segir Gissur.

Hann tekur fram að töf á afgreiðslu kennitölu gefi vinnuveitendum ekki rétt á að biða með að senda inn ráðningarsamning en vinnuveitendur virðist hafa misskilið þetta.

Áhyggjur eru innan verkalýðshreyfingarinnar um að svört atvinnustarfsemi hafi eða muni aukast vegna ástandsins hjá hinu opinbera. Gissur segir hægt að leiða líkur að því að þeir skipti hundruðum erlendu starfsmennirnir sem hafi verið óskráðir hér á landi í sumar. „Við höfum þetta ekki fast í hendi.“

Vinnuálastofnun hefur heimild til að grípa til dagsektá sé ekki farið að lögum. Gissur segir að ekki hafi verið tilefni til að grípa til þessarar heimildar en ekki sé útilokað að það verði gert þegar stofnunin hafi fengið fullvissu sína um að tilkynningarskyldan sé öllum skýr.

[gns@frettabladid.is](mailto:gns@frettabladid.is)

Skrifstofustjóri Þjóðskrár:

## Samningar eru vanda- málið ekki kennitala

**VINNUMARKAÐUR** Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár, segir að kennitala sé ekki vandamálið hvað erlenda starfsmenn varðar, vandinn sé sá að vinnu-

veitendur skili ekki inn ráðningarsamningum. Kennitalan fást og biðtíminn stýttist þegar starfsmenn Þjóðskrár verði allir komnir úr sumarleyfi.



# ÚTSALA ALVÖRU

**Komdu á alvöru útsölu hjá Bílalandi B&L.  
Allt að 100% lán á aðeins 3,9%\* vöxtum og ekkert lántökugjald.**

## DÆMI UM BÍLA Á ÚTSÖLU



SUZUKI VITARA, verð áður kr. 620 þús.



RENAULT LAGUNA, verð áður kr. 630 þús.



VW PASSAT, verð áður kr. 630 þús.



SUBARU LEGACY, verð áður kr. 990 þús.



VW PASSAT, verð áður kr. 790 þús.



OPEL ASTRA, verð áður kr. 730 þús.



RENAULT SCENIC, verð áður kr. 730 þús.



TOYOTA COROLLA 4WD, verð áður kr. 950 þús.



RENAULT MEGANE, verð áður kr. 780 þús.



RENAULT MEGANE, verð áður kr. 770 þús.



SUZUKI GRAND VITARA, verð áður kr. 1390 þús.



RENAULT MEGANE II, verð áður kr. 1160 þús.



DAEWOO TACUMA, verð áður kr. 1050 þús.



RENAULT CLIO, verð áður kr. 990 þús.

Alvöru útsala verður hjá Bílalandi B&L dagana 24. til 29. ágúst.  
Opíð verður frá kl. 10 til 18. Athugið að lokað verður sunnudaginn 27. ágúst.

Alvöru útsala er einnig hjá B&L Selfossi, s. 575 1460, SG Bílum,  
Reykjanesbæ, s. 421 4444, Bílasi, Akranesi, s. 431 2622 og  
Bílasölu Akureyrar, s. 461 2533.

**575 1230**



Grjóthálsi 1  
bilaland.is

\*Birt með lýrara um verðbreytingar og ástættavör. Ath. að varðgreiðslur taka mið af gengissprungi CHF og JPY í júní 2010 búttali.





## VEISTU SVARIÐ?

- 1 Í tilefni hvers var haldin flugsýning á Reykjavíkflugvelli um helgina?
- 2 Hvað heitir Íslendingurinn sem lærir eskimófræði í Danmörku?
- 3 Hvaða herrafataverslun opnaði í síðustu viku á nýjum stað á Klappargá?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Upptök elds í eiturefnamóttöku í Gufunesi ekki komin í ljós:

# Rannsókn heldur áfram í dag

**BRUNI** „Ég er bara að bíða eftir svörum frá lögreglunni en hún hefur rannsókn á málinu eftir helgi,“ segir Einar B. Gunnlaugsson, verkstjóri Efnamóttökunnar, en mikill eldur braust út í eiturefnamóttökunni í Gufunesi á föstudagskvöldið.

Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út eftir að miklar sprengingar urðu inni í móttökunni. Mikill viðbúnaður var á svæðinu og er rannsókn málsins nú komin í hendur tæknideildar lögreglunnar eftir að slökkviliðið lauk störfum sínum í Gufunesi. Þeir hafa nú lokað svæðinu og munu hefjast handa í dag. Skemmdirnar eru miklar en þær ættu þó ekki að hafa mikil



SLÖKKVILIDSMENN FRÁ HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Enn eru upptök eldsins í eiturefnamóttökunni í Gufunesi ókunn en rannsókn málsins er í höndum tæknideildar lögreglunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

áhrif á starfsemina, sem mun halda áfram á mánudaginn með óbreyttum hætti. Enn sem komið er eru

upptök brunans ókunn en Einar telur líklegast að gasleki hafi valdið sprengingunum og eldinum. - ap

## PÝSKALAND

### Þriðji maðurinn handtekinn

Þýska lögreglan handtók á föstudaginn þriðja manninn sem grunaður er um að hafa komið sprengjum fyrir í tveimur járnbrautarlestum í lok júlí. Sprengjurnar sprungu ekki.

## HÚSAVIK

### Meðmælaganga um Bakkaland

Meðmælaganga áhugamanna á Húsavík til stuðning byggingu álvers í Bakka á Húsavík fór fram í fyrradag. Hátt í hundrað manns tóku þátt í göngunni.

## SPÁNN

### Franco fjarlægður

Stytta af Francisco Franco, fyrirverandi einræðisherra á Spáni, hefur nú verið fjarlægð úr anddyri herforingjaskóla í Zaragoza, þar sem hún hafði staðið í 58 ár. Íhaldsmenn á þingi gagnrýndu aðgerðina og sögðu vinstri-stjórnina stunda pólitískar hreinsanir á 20. aldar sögu landsins.

Björg Thorarensen:

## Valgerður braut ekki lög

**STJÓRN MÁL** „Það eru ekki mjög skýrt mótaðar reglur um það hér hvað ráðherra né öðrum er skylt að leggja fram fyrir Alþingi,“ segir



BJÖRG THORARENSEN

Björg Thorarensen, lagaprófessor við Háskóla Íslands, aðspurð um það hvort Valgerður Sverrisdóttir hafi brotið af sér með því að kynna ekki innihald skýrslu Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings.

„Hún verður því að skýra þingmönnum frá því af hverju hún hafi stungið skýrslunni undir stól og þegar þau rök hafa heyrst, en hingað til hafa það aðeins verið falsrök, þá tel ég rétt að hún sjálf ásamt sínum samstarfsmönnum og Alþingi meti það hvernig henni beri að axla ábyrgð í þessu máli,“ segir Össur. Össur segir ummæli Valgerðar í fjölmiðlum um að hún hafi sjálf greint þingmönnum frá skýrsl-

Össur Skarphéðinsson gagnrýnir Valgerði Sverrisdóttur:

## Beitir blekkingum

**STJÓRN MÁL** Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingar, segir að Valgerður Sverrisdóttir hafi beitt blekkingum í fjölmiðlum þegar hún hafi verið spurð um það hví hún hafi ekki greint þingmönnum frá innihaldi skýrslu Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

„Hún verður því að skýra þingmönnum frá því af hverju hún hafi stungið skýrslunni undir stól og þegar þau rök hafa heyrst, en hingað til hafa það aðeins verið falsrök, þá tel ég rétt að hún sjálf ásamt sínum samstarfsmönnum og Alþingi meti það hvernig henni beri að axla ábyrgð í þessu máli,“ segir Össur. Össur segir ummæli Valgerðar í fjölmiðlum um að hún hafi sjálf greint þingmönnum frá skýrsl-

unni vera blekkingar því hið sanna sé að hún hafi neyðst til þess að minnast á hana á Alþingi þremur árum eftir að framkvæmdirnar voru samþykktar á Alþingi. Einnig hafi náttúruverndarsamtök ekki fengi að sjá skýrsluna fyrr en ári eftir að framkvæmdirnar voru samþykktar en Valgerður hafi látið í veðri vaka að það hafi verið öllu fyrr.

„Umhverfismatsskýrslan var ein meginstöðin sem við þingmenn studdumst við þegar við tókum afstöðu til málsins og í þeirri skýrslu segir að tæknimenn telji að berggrunnurinn undir staðinu sé traustur. En Valgerður vissi þá, ein allra þingmanna, að það var ástæða til að vefengja það. Þetta er því grafalvarlegt mál,“ segir Össur. - jse



FRAMKVÆMDIR VIÐ HÚSBYGGINGU Seðlabankinn og ríkisvaldið hafa að undanfögnu reynt að taka á þenslu með fastari tókum á ríkisrekstrinum. Miklar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, meðal annars við húsbýggingar, hafa haft mikil áhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# Stýrivextir eru háir á Íslandi

Stýrivextir á Íslandi skera sig frá stýrivöxtum annarra þjóða. Stýrivextirnir eina tækið sem Seðlabankinn hefur til þess að ná tókum á verðbólgunni.

### EFNAHAGSMÁL

Stýrivextir Seðlabanka Íslands eru meira en ferfalt hærrí heldur en hjá hinum Norðurlöndunum. Stýrivextir í Svíþjóð, Noregi og Danmörku eru undir þremur prósentum en eftir síðustu hækkun eru stýrivextir hér á landi 13,5 prósent. Stýrivextir hafa farið hækkandi á Norðurlöndunum að undanfögnu, eins og víðs vegar um Evrópu.

Gylfi Magnússon, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, segir óhjákvæmlegt fyrir Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti umtalsvert til þess að berjast gegn verðbólgu, sem hækkað hefur mikið milli ára. „Vextir seðlabanka almennt eru eitt helsta hagstjórnartæki hins opinbera, bæði hérlandis og í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Staðan er sú að hér á landi þarf að hægja á hjólum efnahagslífsins og halda verðbólgunni niðri. Seðlabankinn hefur fyrst og fremst þetta tæki til þess að ná markmiðum sínum.“

Stýrivextir í Japan eru núll prósent eins og mál standa nú. Þeir voru hækkaðir í 0,25 prósent í júlí, en lækkaðir aftur skömmu síðar.

Gylfi segir efnahagshorfur í löndum þar sem stýrivextir eru litlir sem engir, þveröfugar við þær sem hafa verið hér á landi. „Ég sé nú ekki fyrir að við kom-



GYLFI MAGNÚSSON

umst í hóp með þjóðum sem eru með litla sem enga stýrivexti, auk þess efast ég um að það sé vilji fyrir því að skipta á aðstæðum hér og í Japan. Japönsk stjórnvöld hafa undanfarnin átug verið að kljást við efnahagskreppu, eftir mikinn uppgang árin þar á undan. Meginnmunurinn er sá, að það gengur illa að örva fjárfestingu og neyslu og halda þannig uppi eftirspurninni. Þetta er vandi sem er þveröfugur við vandann hér á landi, og af tvennu illu þá held ég að íslenski vandinn sé eftirsóknarverðari.“

Íslensk stjórnvöld hafa að undanfögnu dregið úr ríkisframkvæmdum til þess að slá á þenslu. Gylfi Magnússon telur möguleika vera á því að ná meiri árangri í aðhaldi. „Það er ljóst að Ísland sker sig úr hópnun, hvað varðar vexti almennt. Jafnvel á tíunda áratugnum, þegar verðbólgan var ekki eins mikil og nú, þá voru stýrivextir háir, samanborið við löndin í kringum okkur. Það er ekki hægt að komast hjá því að tengja þetta gjaldmiðlinum okkar, en einnig verður að horfa til þess að helsti vandinn hér á landi hefur verið annars eðlis en vandinn í löndunum í kringum okkur. En það er hægt að herða tókin á vandanum með því að draga meira úr ríkisútgjöldum.“ magnush@frettabladid.is

**LYFJA**  
- Lifið heil



15%

afsláttur af eftirtöldum pakkningastærðum til 31. ágúst



Innsogslyf 18 stk.



Dagplástur 15 mg. 7 stk.



Nefudalyf



Tungurótartöflur 30 stk.



Nikótínnyggigúmmi 30 stk.

**LYFJA**  
- Lifið heil

Garðatorgi • Grindavík • Keflavík • Lágmúla Laugavegi • Smáratorgi • Setbergi • Smáralind Spönginni • Höfn • Fáskrúðsfirði • Egilsstaðir Seyðisfirði • Neskaupstað • Eskifirði • Reyðarfirði Ísafirði • Bolungarvík • Patreksfirði • Borgarnesi Grundarfirði • Stykkishólmi • Búðardal • Húsavík Kópasker • Raufarhöfn • Þórshöfn • Sauðárkrúki Blönduósi • Hvammstanga • Skagaströnd Selfossi • Laugarási

Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hættu á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leiðið til læknis eða lyfjafraðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem tengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, ostöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.





# GÆÐAPARKET

GÆÐAPARKET  
Eik ★★★★★  
2200x182x14mm 4mm

GÆÐAPARKET  
Hlynur ★★★★★  
2200x182x14mm 4mm

## Á VERÐI SEM SLÆR ÖLL MET

Kr. 2.595,-<sup>pr.m<sup>2</sup></sup>

Kr. 2.675,-<sup>pr.m<sup>2</sup></sup>

STEIRER PARKETT

Steinskífa 30x60  
Kr. 2.198,-<sup>pr.m<sup>2</sup></sup>

Austurrískt gæðaparket

ALLT Á EINUM STAÐ

- Undirlag undir parket og flísar
- Parketlím og -listar
- Flísalím og fúga
- LITHOFIN flísabón ofl.

Gerðu  
samanburð  
á verði og  
gæðum!

GÆÐA

PLASTPARKET

Eik og Beyki  
1210 x 193 x 8,3mm  
Kr. 945,-<sup>pr.m<sup>2</sup></sup>

NÝTT

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM

FLÍSAR verðdæmi

Hvítar glans veggflísar 15x15 cm .....	685 kr/m <sup>2</sup>
Hvítar glans veggflísar 20x25 cm .....	895 kr/m <sup>2</sup>
Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm .....	895 kr/m <sup>2</sup>
Beige Slide gólfplísar 33,3x33,3 cm .....	996 kr/m <sup>2</sup>
*Brúnar Regina gólfplísar 33,3x33,3 cm ....	996 kr/m <sup>2</sup>

\*UPPELT - VÆNTANLEGT



# MURBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is





**NAXI-KONUR BÍÐA VIÐSKIPTAVINA** Gamli bærin í Lijiang í Yunnan-héraði í Kína er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna og vinsæll ferðamannastaður. Bærin er „höfuðborg“ hins ímyndaða lands, Sjangrí La. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breska utanríkisráðuneytið hættir að veita íslenskum námsmönnum styrki:

## Íslendingar of ríkir fyrir styrki

**NÁM** Allt lítur út fyrir að Chevening námsstyrkir, sem breska sendiráðið hefur umsjón með og veitir árlega fyrir hönd breska utanríkisráðuneytisins, muni ekki bjóðast Íslendingum frá og með næsta ári. „Við erum ekki búin að fá endanlega staðfestingu en það bendir allt til þess að við fáum ekki lengur styrki, því miður. Rökin eru þau að Íslendingar séu of efnuð þjóð,“ segir Árdís Sigurðardóttir, blaðafulltrúi breska sendiráðsins.



ÁRDÍS SIGURÐARDÓTTIR

við í sendiráðinu erum að reyna allt til að finna nýjar leiðir til að halda styrkjunum, því það er mjög mikilvægt að Íslendingar haldi áfram að sækja háskólánám í Bretlandi og hafi tök á því að fá einhverja styrki til þess. Það sjá það allir að það er gott fyrir Ísland og Bretland að styrkja tengslin á milli landanna,“ segir Árdís.



ALP MEHMET

Chevening styrkir, sem hétu áður British Council skólalstyrkir og seinna FCOSAS, hafa verið veittir Íslendingum frá stríðslokum, en íbúar um 160 landa geta sótt um styrkina. Á vefsíðu Chevening styrkjanna segir að hætt sé að veita þá í flestum löndum Vestur Evrópu. „Það er aðallega verið að hugsa um mikið af Afríkulöndum og Asíulöndum þar sem slíkir styrkir eru lífsspursmál. Núna fá engin lönd innan Evrópusambandsins styrkina lengur, enda

borga þau lægri skólagjöld í Bretlandi. En við höfum fengið styrkina undanfarin ár, eins og til dæmis Noregur, því við erum utan ESB og erum þar af leiðandi að borga full skólagjöld,“ segir Árdís.

Árdís segir að ákvörðun Foreign and Commonwealth Office í Bretlandi hafi ekki komið á óvart, en stofnunin hefur verið að draga úr námsstyrkjum til handa Íslendingum undanfarin ár. Um fimm til átta Íslendingar hafa fengið Chevening styrki árlega og í seinni tíð hefur ekki verið um fulla styrki að ræða.

- rsg

Björn Bjarnason:

## Vill ræða um leyniþjónustu

**DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Björn Bjarnason, vill hefja umræður um hvort nauðsynlegt sé að stofna leyniþjónustu hér á landi. Þetta sagði ráðherra í ræðu á fundi Rótarýklúbbs Austurbæjar þar sem hann flutti ræðu um varnarmálin. Ræðuna birtir hann í heild á heimasíðu sinni, [www.bjornson.is](http://www.bjornson.is).



BJÖRN BJARNASON

Björn sagðist í ræðunni ætla að beita sér fyrir umræðum um leyniþjónustuna og ítrekar nauðsyn þess að nægileg pólitísk samstaða náist um málið. Hann upplýsir enn fremur að ráðuneyti sitt hafi fengið sérfræðiráðgjöf frá Evrópusambandinu um stofnun leyniþjónustunnar. -at

Austurríska stúlkan sem fannst eftir áralanga þrisund hjá sálsjúkum manni hvílist á öruggum stað:

## Vill ekki sjá foreldrana

**AUSTURRÍKI, AP** Austurríska stúlkan sem fannst í síðustu viku eftir að hafa verið í haldi mannræningja í átta og hálf ári, hefur rétt á að vera látin í friði. Þetta sögðu talsmenn austurrísku lögreglunnar í gær, eftir að foreldrar stúlkunnar kvörtuðu yfir því í fjölmiðlaviðtölum að vera meinað að hitta dótturina endurfundnu.

Foreldarnir, sem skildu skömmu eftir að stúlkan hvarf, hafa aðeins fengið að sjá hana í nokkrar mínútur til að bera kennsl á hana, en hún hefur síðan verið „á öruggum stað“ í umsjá sálfræðinga. Talsmenn lögreglu tóku fram í gær að stúlkan væri ekki í haldi. Hún hefði sjálf óskað eftir því að hitta engan núna um helgina, heldur ekki foreldrana.

„Ef Natascha vill fara niður í miðbæ [Vínarborgar] og fá sér

kaffi, þá er henni það frjálst,“ sagði Gerhard Lang, talsmaður rannsóknarlögreglunnar. „Ef hún vill getur hún farið hvert sem henni sýnist,“ sagði hann.

Natascha Kampusch skaut aftur upp kollinum í síðustu viku og í ljós kom að hinn 44 ára gamli Wolfgang Priklopil hafði rænt henni og haldið í gluggalöng kjallaraberbergi í húsi sínu í allan þennan tíma, frá því hann rændi henni þegar hún var á leið í skóla þann 2. mars 1998. Priklopil fyrirfór sér eftir að hún slapp úr þrisundinni. Hún notaði tækifærið til að laumast út þegar hann var upptekinn í símanum.

Reinhard Haller, þekktur sálfræðiþrúfandi, sagði í útvarpsviðtali að Kampusch yrði nú að læra að treysta aðstandendum sínum og kynnast öryggistilfinningu. Samkvæmt fjölmiðlafrásögnum



**VINKONUR NATÖSCHU** Þrjár fyrirverandi vinkonur Natöschu í viðtali fyrir utan húsið í smábænum Strasshof norðaustur af Vínarborg þar sem hún var í gíslingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

var Kampusch óhuggandi er hún frétti að fangari hennar hefði látið lífið. Eftir Haller er haft að Priklopil hafi heilapvegið stúlkuna. Hún virtist þjást af „Stokkhólms-

heilkenningu“ á háu stigi, en það er þegar gísl fer að „halda með“ fangara sínum og kvað vera algeng sálfræðileg varnarviðbrögð sem gera gíslfangavistina bærilegri. -aa

HUGURINN BER ÞIG  
AÐEINS HÁLFA LEIÐ

MÍN MANCHESTER

„ÉG MÆLI MEÐ GRÆNMETISRÉTTI  
HJÁ BÚDDAMUNKUM OG HRESSINGU  
EFTIR TÓNLEIKA Á BIG HANDS“.



Vildarpunktur

VISA

MasterCard Ferðaávisun gildir

FLUG OG GISTING Í 3 NÆTUR FRÁ 39.900 KR.

Ragna Skinner, hljóðmaður og tónlistarkennari, segir frá Manchester í nýjum haust- og vetrarbæklingi Icelandair, Mín borg. Við bjóðum úrval pakkaferða, helgarferða til 19 áfangastaða austan hafs og vestan, golfferða og sérferða. Kynnið ykkur málið og takið síðan ákvörðun. Ævintýrin liggja í loftinu.

+ Bókaðu á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)



WWW.ICELANDAIR.IS

\*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting á Palace Hotel\*\*\*\* á mann í tvíþví í 3 nætur og morgunverður.

Handhafar Vildarkorta VISA og Icelandair geta nýtt 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 króna greiðslu upp í flugfargjald með ætíðunarflogi Icelandair. Þetta flug gefur 3.000–7.600 Vildarpunkta.



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám á haustönn Vertu þar sem þekkingin er!



Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 33.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### Netumsjón MCP

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin.

Lengd: 121 stund/81 klst. Verð: 159.900

### MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284). Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

Lengd: 225 stundir/150 klst. Verð: 299.900

### Windows XP Professional MCP

Fyrsti áfangi þinn að MCSA gráðu (70-270).

Lengd: 60 stundir/39 klst. Verð: 89.900

### Windows Server 2003 MCP

Náðu tökum á netstjórnun strax (70-290).

Lengd: 60 stundir/39 klst. Verð: 89.900

## .NET forritun

### Visual C# .NET (+ASP) forritun

Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám. Kräftist er góðrar tölvuþekkingar.

Lengd: 121 stund/81 klst. kvöldnám  
Verð: 159.900 • Allt að 5 ára lán

### ASP .NET vefforritun

Taktu þátt í byltingu í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.

Lengd: 45 stundir/30 klst. kvöldnám  
Verð: 79.900 • Allt að 3 ára lán

## Þekkingarpróf

Taktu þekkingarpróf hjá einu VUE Select prófmíðstöðinni á Íslandi og fáðu alþjóðlega viðurkennda gráðu: GMAT, Cisco, CompTIA, IBM, Microsoft MCP og Microsoft Business Solutions, Novell, SAP, Siebel, TÖK og fleiri.

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símapijónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

## Skrifstofunám

### Hagnýtt bókhald

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjors og fleira

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! \**

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. Verð: 99.900

### Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 159.900

### Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! \**

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: 229.900

*Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)*

*\* Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

## Verkefnastjórnun

### Hagnýtt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

Lengd: 50 stundir/33 klst. Verð: 89.900

### PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnumum óaðfinnanlega.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 49.900

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar:*

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

Lengd: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld  
Verð: 69.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

Lengd: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld  
Verð: 45.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

Lengd: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi  
Verð: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Vefsíðugerð

### Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15  
Verð: 99.900 • Allt að 5 ára lán

### FrontPage 2003 og Photoshop

Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu samkvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.

Lengd: 45 stundir/30 klst, Verð: 45.900

### DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

Lengd: 49 stundir/33 klst, Verð: 49.900

### Byrjendanámskeið

Tölvunotkun: Fyrstu skrefin • 22 stundir/verð 24.500

Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900

Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900

Fingrasetning - tölvuvélritun • 6 stundir/verð: 6.900

### Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900

Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900

Access III: Fjölvar og forritun með VBA • 36 stundir/52.900

### Word

Word I: Ritvinnsla fyrir byrjendur • 22 stundir/verð 22.500

Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900

Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900

Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 16.900

Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 6.900

### Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 22.500

Excel II: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900

Excel III: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 34.500

Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

### PowerPoint

PowerPoint I: Glæsur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900

PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900

PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

### Outlook og OneNote

Outlook: póstur, tímariða og verkefni • 13 st./verð 16.900

OneNote: Hugmyndavinnsla og glósur • 9 st./verð 10.900

### Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

### Vefsíðugerð

FrontPage 2003 vefsíðugerð • 22 stundir/verð 24.500

DreamWeaver MX vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900

Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

### Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900

Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 16.900

Photoshop I: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 26.900

Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900

Freehand: Grafík, umbrot og auglýs. • 22 st./verð 31.900

Visio: Grafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

### FileMaker

FileMaker notendanámskeið • 18 stundir/verð 26.500

FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • 27 st./54.900

### Windows XP

Windows XP fyrir venjulega notendur • 9 st./verð 12.900

### Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 22 stundir/verð 49.900

Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900

Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 14.900

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu [www.tv.is](http://www.tv.is) til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG  
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is



## Rakavarnarplast, plastdúkar og þétti-bönd á frábæru verði



Verð aðeins: **5.940 kr.** pr. 100m<sup>2</sup>

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Murbúðinni eru **vottuð** hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.



### MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Akureyri – Húsavík

Fræðsla er meginmarkmið nýstofnaðs foreldrafélags ættleiddra barna á Íslandi:

## Nær 500 börn ættleidd á 20 árum

**SAMFÉLAGSMÁL** Tæplega fimm hundruð börn hafa verið ættleidd á Íslandi frá öðrum löndum undanfarið tuttugu ár. Nú hefur verið stofnað Foreldrafélag ættleiddra barna hér á landi. Sigríður Ingvarsdóttir, formaður félagsins, segir hlutverk þess vera að standa vörð um hagsmuni kjörforeldra í sem víðustu samhengi, stuðla að rannsókn á sviði ættleiðinga til hagsbóta fyrir félagsmenn og standa að fræðslu til félagsmanna og almennings um málefni tengd ættleiðingum.

Félagið heldur einnig út heimasíðu á ættleiðing.is þar



**SIGRÍÐUR INGVARSDÓTTIR** Segir að auka verði fræðslu um ættleidd börn.

sem finna má fræðslufni um ættleiðingar. „Það er sérlega brýnt að stuðla að fræðslu en

kjörforeldrar hafa fundið fyrir ýmsum vandkvæðum, til dæmis í skólakerfinu, sem rekja má til vanþekkingar á högum ættleiddra barna,“ segir Sigríður.

„Félagið vill vera í góðum tengslum við fagaðila sem tengjast þessum málflokk og þó góður árangur hafi náðst í styrkveitingum fyrir þá sem vilja ættleidda þá munum við áfram beita okkur í þeim málum,“ segir hún. Á síðustu tuttugu árum hafa 476 börn verið ættleidd frá öðrum löndum. Flest börn sem ættleidd hafa verið á Íslandi eru frá Indlandi, Kína, Indónesíu, Suður-Ameríku og Austur-Evrópu. -je

## Skiptar skoðanir um nekt barna í sjónvarpi

Fjölmíðlar eiga að móta sér stefnu í því hvernig þeir koma fram við börn.

Ósmekklegt var að sýna nakið barn í sjónvarpsþættinum Kóngur um stund segir Ingibjörg Þ. Rafnar umboðsmaður barna. Virðingarleysi gagnvart barninu.

**FJÖLMÍÐLAR** Allsnakin stúlka hleypur um reiðhöll föður síns og er í fangi hans í viðtali. Hann spyr hvort hún vilji ríða Plútó og hún játar því. Hann setur hana allsnakta á bak hestinum og teymir undir. Á höfuð hennar hefur verið settur reiðhjálmur.

Myndin er úr sjónvarpsviðtali Brynju Þorgeirsdóttur við danskan reiðlistamann. Viðtalið var sýnt í síðustu viku í hestþættinum Kóngur um stund. Í kjölfar þáttarins hafa vaknað ýmsar spurningar um nekt barna í sjónvarpi.

„Mér fannst þetta ósmekklegt. Nektin þjónaði engum tilgangi í þættinum,“ segir Ingibjörg Þ. Rafnar, umboðsmaður barna. „Mér sýnist að þetta varði ekki við lög en þetta er alltaf spurning um hvað er við hæfi.“

### Parf að lifa við þetta

Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum og eiga að gæta hagsmuna þeirra. Í þættinum hefur faðirinn ekkert við nekt barnsins að athuga. Lára Stefánsdóttir menntunarfræðingur er sammála Ingibjörgu og telur óþarfa að sýna stúlkuna nakta. Það sé réttur hverrar mannværu að ákveða sjálf hvort hún sýni sig nakta eða ekki.

„Barn á þessum aldri getur ekki tekið þá ákvörðun. Ef annar tekur þá ákvörðun að sýna barnið nakið þá er spurning hver réttur hans er til að sýna barnið nakið í sjónvarpi,“ segir hún og bendir á að þó að það sé allt í lagi að börn striplist heima hjá sér þá gildi kannski ekki það sama um sjónvarpið.

Lára bendir á að sjónvarpsþættir séu varðveittir til lengri tíma og hægt að ná í þá á netinu. „Barnið þarf að lifa við þessa skrásetningu,“ segir hún og spyr hver sé réttur stúlkunnar þegar hún kemur til vits og ára. „Mér finnst þetta vanhugsað gagnvart barninu.“

### Sýna börnum virðingu

Ingibjörg segir að börn séu fyrst og fremst á ábyrgð foreldra sinna en lýsir eftir því að að samfélagið sýni ábyrgð og veltir sérstaklega fyrir sér ábyrgð fjölmiðla. Hún



**INGIBJÖRG Þ. RAFNAR** Börn eru fyrst og fremst á ábyrgð foreldra en samfélagið verður að sýna ábyrgð og þá sérstaklega fjölmiðlar.



**LÁRA STEFÁNSDÓTTIR**

telur að fjölmiðlar eigi að hafa stefnu um það hvernig þeir koma fram við börn og hvernig börn eru sýnd í fjölmiðlum. Fjölmiðlar eigi að sýna börnum virðingu.

„Í þessu tilfelli veltir maður fyrir sér hvað er við hæfi. Hefur þetta þýðingu fyrir umfjöllunina? Er nektin í samhengi við umfjöllunarefnið? Er vanalegt að börn og fullorðnir séu fáklæddir við þær aðstæður sem fjallað er um? Svárið við öllum þessum spurningum er nei,“ segir hún.

### Sjónvarpsefni langlíft

Ingibjörg telur að fjölmiðlamáðurinn hafi átt að velja þessum spurningum fyrir sér áður en ákveðið var að hafa barn nakið. Nekt barnsins sé ákveðið virðingarleysi gagnvart barninu og börnum almenn. Sjónvarpsefnið sé langlíft. Það sé sett á netið og öðlist þar líf sem fjölmiðillinn

hafi enga stjórn yfir. Enginn viti hvar efnið endar.

Ingibjörg telur að fjölmiðlar eigi að skoða siðareglur sínar út frá hagsmunum barna. Reglur einstakra fjölmiðla og siðareglur Bláðamannafélagsins séu fátæklegar að þessu leytnu til.

Þau rök heyrast að það sé tepruskapur að vilja ekki sýna allsnakið barn í sjónvarpi. Ekki megi koma þeirri hugsun inn hjá fólki að nekt sé slæm. Lára telur álitamál hvort gengið hafi verið út fyrir velsæmismörk Íslandinga í þessari mynd.

„Íslandingar eiga meiri samleið með Norðurlandabúum en Bandaríkjamönnum í þessu efni. Við gerum ekki athugasemd þó að barn hlaupi um nakið í góðu veðri. En hvar eru næstu mörk? Mér finnst eðlilegt að setja þau mörk við að sýna allsnakið barn í sjónvarpi með fjöldadreifingu,“ segir Lára.

ghs@frettabladid.is

Arna Schram formaður Bláðamannafélags Íslands:

## Ekkert að nekt barna

**FJÖLMÍÐLAR** Arna Schram, formaður Bláðamannafélags Íslands, höfðar til siðferðiskenndar fjölmiðlamanna þegar nekt barna er annars vegar og telur að þeir eigi að gæta almenns velsæmis. Það sé ekkert að nekt en ekki sé eðlilegt að fá leyfi foreldra þegar fjallað er um börn eða tekið viðtal við þau. Arna telur enga sérstaka þörf á því að breyta siðareglum blaðamanna hvað börn varðar en verið sé að endurskoða reglurnar og ekkert ólíklegt að farið verði yfir þennan þátt líka.

Brynja Þorgeirsdóttir:

## Nekt ekki skammarleg

**FJÖLMÍÐLAR** Brynja Þorgeirsdóttir, umsjónarmaður Kóngs um stund, segir að heitt hafi verið í veðri þegar viðtalið við danska reiðlistamanninn var tekið. „Svo kom stelpa hlaupandi til pabba síns í viðtalinu og engum fannst neitt athugasemjaveitt við það,“ segir hún.



Brynja segist engin viðbrögð hafa fengið. Klipparinn hafi velt fyrir sér hvort nekt barnsins myndi „stuða einhver“ en komist að þeirri niðurstöðu að svo yrði ekki. „Mér finnst að menn eigi ekki að gera nekt barna að einhverju skammarlegu,“ segir hún.

Beint morgunflug

- allt að **26%** verðlækkun frá því í fyrra\*



# Kanarí

frá **29.795 kr.\***

Alltaf vinsæl!

Ótrúlegt verð!

**29.795 kr.**

\* Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikufé 3. eða 10. janúar, á Club Maspalomas II. Netverð á mann.

**48.490 kr.**

- hálf fæði

Gisting í tvíbýli á Hotel Rondo með hálfu fæði í viku, 3. eða 10. janúar. Netverð á mann.

\* Dæmi: Verðmunur milli ára á vikufé 1. febrúar m.v. gistingu í tvíbýli á Roque Nublo (að teknu tilliti til gengisbreytinga júní 2005- júní 2006).



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001  
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

**550 5000**

Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ



Skoðanakönnun í Danmörku:

## Jafnaðarmenn í kjörfylgi

**DANMÖRK** Fylgi við danska Jafnaðarmannaflokkinn mælist nú örlítid meira en flokkurinn fékk í kosningunum í fyrra samkvæmt nýrri skoðanakönnun Berlingske tidende. Er þetta mjög mikill viðsnúningur frá því í byrjun árs. Þá mældist stuðningur við Jafnaðarmannaflokkinn minni en hann hafði verið í rúm hundrað ár.

Sósíalíski þjóðarflokkurinn er hins vegar hástökkvari könnunarinnar og fer úr sex prósentum í tíu. Íhaldsmenn, sem sitja í ríkisstjórn ásamt Venstre, tapa flokka mest og eru nú sjötti stærsti flokkur landsins með 8,8 prósentu fylgi.

- ks

Forsætisráðherra segir afkomu ríkissjóðs á síðasta ári stórkostlega:

## Tekjuafganginum vel varið

**STJÓRNMÁL** „Þetta er náttúrulega stórkostleg afkoma sem kynnt var í gær [fimmudag] og ég sem fjármálaráðherra megnið af síðasta ári er mjög ánægður með þessa útkomu á mínu síðasta starfsári,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra um niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2005.

Afgangurinn af ríkisrekstrinum nam 113 milljörðum króna en helmingur fjárins fékkst við sölu Landssímans. Geir segir að engu að síður sé árangurinn góður. „Auðvitað skýrist þetta að hluta til af sölu Landssímans, við vissum það vel, en burt séð frá því þá er þetta mjög góður árangur og fagnaðarefni að

sjálfsögðu.“ Geir vill fátt láta uppi um líklega niðurstöðu þessa árs en vonast til að afkoman verði góð. „Nú erum við að horfa fram á veginn en þó er auðvitað gott að hafa þessa peninga í húsi.“

Sérfræðingar í fjármálum hafa hvatt til aðhalds í ríkisrekstrinum. Spurður hvort slíks aðhalds verði gætt á næsta ári, þegar kosið verður til þings, svarar Geir að tekjuafgangur undanfarinna ára hafi að mestu farið í greiðslu erlendra skulda og að styrkja stöðu Seðlabankans. „Þessum fjármunum hefur verið mjög vel varið í þágu þjóðarinnar. Nú er verið að undirbúa fjárlög fyrir næsta ár og þau



**LANDSSÍMINN** Um helmingur af tekjuafgangi ríkissjóðs er til kominn vegna sölu Landssímans.

verða auðvitað lögð fram af fyllstu ábyrgð.“

- bps



**LIFANDI STYTTA** Lifandi stytta „Narkissos á þakinu“ sem leikin er af Teodolindu Varela frá Portúgal, vann til silfurverðlauna á fyrstu heimsmeistarakeppni lifandi stytta í Arnheim í Hollandi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**DANIEL ORTEGA** Leiðtogi sandinista er á svörtum lista í Hvíta húsinu.

## Enn eitt áfallið fyrir Bush: Ortega sigurstrangur

**NÍKARAGVA, AP** Leiðtogi sandinista, Daniel Ortega, er líklegastur til sigurs í fyrstu umferð forsetakosninga sem framundan eru í Níkaragva, samkvæmt nýlegri skoðanakönnun.

Ortega var forseti lýðveldisins í langvinnu borgarastríði við Kontra-skæruliða, sem stóð frá árinu 1985 til 1990, en skæruliðarnir nutu ómælds stuðnings Bandaríkjamanna.

Velgengi vinstrimanna í kosningum í Rómönsku Ameríku vekur eftirtekt í Bandaríkjunum og þykir ekki æskilegt í Hvíta húsinu að Ortega verði forseti á ný.

- kóp

Karlmaður á fimmtugsaldri:

## Sparkaði í andlit lögreglu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir brot sem framið var aðfaranótt 18. september 2005. Ákærði sparkaði í andlit lögreglumanns þegar verið var að færa hann inn í lögreglubíl fyrir utan veitingastaðinn Players í Kópavogi. Tvær tennur brotnuðu í lögreglumanninum við höggið og krafist er að ákærði verði dæmdur til refsingar. Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness.

- ap



Veittust að lögreglumönnum:

## Hindruðu handtöku

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn á tvítugsaldri hafa verið ákærðir fyrir brot gegn lögreglumönnum aðfaranótt 11. mars 2006.

Fyrri ákærði er ákærður fyrir að hafa veist að lögreglumönnum og hindrað handtöku á ungum pilti með því að taka í fatnað lögreglumannanna og slá til þeirra. Hinn er ákærður fyrir að hafa hindrað handtöku á fyrri manningnum með því að taka lögreglumann hálstaki.

- ap

www.volkswagen.is

# Splunkunýtt verð

# 1.998.000 kr.

## Golf Trendline, 1.6 beinskiptur



Núna er rétti tíminn til að eignast nýjan Volkswagen Golf. Gæðin og glæsileikann þekja allir en verðið kemur skemmtilega á óvart. Komdu og reynsluaktu og nýttu þér þetta einstaka tækifæri.

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með 250.000 kr. sportpakka:**

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið







ÍS Í ÍRAK Írösk kona með nýkeyptan ísklump til að kæla drykkjarvatn fjölskyldu sinnar. Mikill orkuskortur er í landinu og kælskápar því oft rafmagnslausir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi félagsmanni VR í hag:

## Fékk laun í uppsagnarfresti

**VINNUMARKAÐUR** VR vann nýlega mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir hönd félagsmanns sem var vikið fyrirvaralaust úr starfi í fyrravetur. Í dómnum var verslanakeðju í Reykjavík gert að greiða félagsmanninum rúmlega eina og hálf milljón króna vegna launa í uppsagnarfresti auk málskostnaðar.

Félagsmaður VR var ráðinn í hlutastarf hjá fyrirtæki sem rekur verslanir í Reykjavík í ársbyrjun 2005. Fyrst um sinn átti konan að vera í hlutastarfi jafnhliða fæðingarorlofi og svo átti starfshlutfallið að verða fullt. Þegar eigandinn, sem er búsett-



**VANN MÁL GEGN FATAVERSLUN** Kona var rekin fyrirvaralaust úr starfi hjá fataverslun. VR höfðaði mál og vann. Konan fær greidd laun í uppsagnarfresti og málskostnað.

ur erlendis, taldi sig ekki fá fullnægjandi upplýsingar um reksturinn taldi hann viðveru konunnar ábótavant og söluna hafa dregist saman. Skömmu síðar var konunni því fyrirvaralaust sagt upp störfum og borið við að störf hennar hefðu ekki verið fullnægjandi.

Ekki höfðu verið gerðar athugasemdir við störf konunnar eða henni gefinn kostur á að bæta úr. Fyrirtækið hélt því fram að konan hefði gengið út en konan taldi uppsögnina ólögmæta og gerði kröfu um laun í uppsagnarfresti. Dómurinn féll konunni í hag.

- ghs

Réðst á lögregluþjón:

## Lögreglumaður fékk kúlu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á tvítugsaldri hefur verið ákærður fyrir héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa aðfaranótt 27. nóvember 2005 veist að lögreglumönnum við störf.

Maðurinn reyndi að ryðjast inn í hús sem lögreglan hafði lokað að gefnu tilefni.

Maðurinn réðst á lögreglumennina og varð annar þeirra fyrir þungu höggi á auga og hlaut töluvert stóra kúlu fyrir ofan augað.

Krafist er þess að ákærði verði dæmdur til að greiða lögreglumanninum 207.028 krónur í skaðabætur.

- áþ

Eiturlyfjasali í Danmörku:

## Seldi hass með pylsum og gosi

**DANMÖRK** Lögreglan í Frederiksværk á Norður-Sjálálandi lét til skarar skriða gegn pylsusala á föstudag. Samkvæmt frétt Politiken hafði lögreglan fylgst með pylsuvagni mannsins í nokkurn tíma enda lék grunur á að fleira en pylsur, remúlaði og gos væri á boðstólum.

Það kom líka á daginn, því í vagninum fannst töluvert magn af hassi og marijúana. Í bakgarði mannsins hafði hann einnig plantað um þrjú hundruð hassplöntum sem þöktu um áttatíu fermetra svæði. Gerði lögreglan alls 210 kílógrömm upptæk af plöntum ásamt 52 pappakössum, fullum af þurrkuðu kannabis, og reiðufé að upphæð rúmlega 1,5 milljónir íslenskra króna. Maðurinn var ekki hnepptur í varðhald en fær líklega skilorðsbundinn dóm. -ks

Atvinnuleysi minna meðal útlendinga en Íslendinga, segir Gissur Pétursson forstjóri Vinnuálastofnunar:

## Fáir útlendingar á bótum

**RÉTTINDI** Lítið er um að erlendir starfsmenn á Íslandi taki sér atvinnuleysisbætur, þrátt fyrir að réttur þeirra til bóta sé sá sami og réttur Íslendinga, telji þeir fram á landinu. Sama gildir um fæðingarorlofsgreiðslur.

„Atvinnuleysi meðal útlendinga er minna en meðal Íslendinga sjálfra,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar. „Flestir útlendingar koma hingað til þess að vinna.“

Til að hljóta 25 prósent atvinnuleysisbætur þarf viðkomandi að hafa unnið í þrjú mánuði samfleytt á íslenskum vinnumarkaði. Starfsmenn frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins geta þó yfirfært rétt sinn frá heimalandinu til að hljóta hundruð prósent bætur strax eftir þrjú mánuði, að sögn

Jóngeirs H. Hlinasonar, deildarstjóra atvinnuleysisstrygginga hjá Vinnuálastofnun.

„Þeir sem eru með bundið atvinnuleysi hafa ekki atvinnubótarétt,“ segir Gissur. „Þeir sem eru ráðnir tímabundið til starfa við ákveðið fyrirtæki, líkt og tíðkast hjá Impregilo og Bechtel fyrir austan, hafa því ekki rétt til að sækja um bætur. Það þarf grænt kort til að hljóta atvinnubótarétt.“

„Það er bara bull þegar því er haldið fram að útlendingar komi hingað og lifi á bótum,“ segir Gissur. „Það er engin tölfræði sem styður það.“

Almenn skilyrði til fæðingarorlofsgreiðslna á Íslandi er að hafa verið í að minnsta kosti 25 prósent starfi á íslenskum vinnumarkaði seinustu sex mánuði



**ERLENDIR VERKAMENN** Erlendir starfsmenn, sem fá tímabundið atvinnuleysi hjá ákveðnu fyrirtæki, geta ekki fengið atvinnuleysisbætur, missi þeir vinnuna.

fyrir fæðingu barnsins. Lágmarksgreiðsla til foreldris í 25 til 49 prósent starfi er 70.543 krónur á mánuði. Þessi sömu skilyrði gilda um erlenda starfsmenn jafnt og Íslendinga.

Hallveig Thordarson, deildarstjóri fæðingarorlofsdeildar hjá Tryggingastofnun ríkisins, segir að eitthvað hafi verið um umsóknir frá erlendum starfsmönnum.

steindor@frettabladid.is

# HORFUR Í EFNAHAGSMÁLUM

Morgunverðarfundur Glitnis þriðjudaginn 29. ágúst kl. 8.15–10.00.

Glitnir efnir til opins kynningarfundar um horfur í efnahagsmálum og hvernig þær snerta fyrirtæki og heimili. Fundurinn verður haldinn á Hótel Nordica í sal A/B.



### Halla Tómasdóttir

Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands stýrir fundinum.



### LEIÐIN AÐ JAFNVÆGI

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis, kynnir spá Greiningar Glitnis um helstu efnahagsstærðir, s.s. vexti, verðbólgu og laun, í umhverfi íslenskra heimila og fyrirtækja 2006–2010.



### HVERT STEFNIR KRÓNAN?

Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Greiningu Glitnis, kynnir spá Greiningar Glitnis um þróun gengis krónunnar á næstu misserum.



### HVERT STEFNIR ÍBÚÐAVERÐ?

Ingvar Arnarson, hagfræðingur hjá Greiningu Glitnis, kynnir spá Greiningar Glitnis um þróun íbúðaverðs á næstu misserum.



### FRAMÞRÓUN Á INNLENDUM FJÁRMÁLAMARKAÐI

Þórður Már Jóhannesson, fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss, fjallar um framþróun á innlendum fjármálamarkaði og þróun íslenska bankakerfisins.

Skráning fer fram á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is) og í þjónustuveri bankanna í síma 440 4000.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**FJÁRHAGSLEG VELGENNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI**



Mjög vel hefur gengið að manna pláss í heilsdagsskóla í Hafnarfirði og á Akureyri og er enginn á biðlista:

## Fleiri börn í heilsdagsvistun en áður

**SKÓLASTARF** Vel hefur gengið að manna heilsdagsskóla í Hafnarfirði og í Setbergsskóla bíða engin börn eftir pláss.

Guðríður Óskarsdóttir, skólastjóri Setbergsskóla, segir starfsfólk skólans, eins og til dæmis skólaliða, starfa við heilsdagsskólann og að hann sé fullmannaður nú í haust.

„Börn í 1-4 bekk eiga rétt á heilsdagsvistun og sótt er um fyrir nánast öll börn á þessum aldri,“ segir Guðríður og bætir við að þetta sé breyting frá því fyrir nokkrum árum þegar fleiri börn fóru heim eftir hefðbundinn skóladag. Sömu sögu má segja í Kópavogi en þar greina skólastjórnendur einnig

aukna eftirspurn eftir heilsdagsvistun fyrir börn.

Samkvæmt upplýsingum Árna Þórs Hilmarssonar, framkvæmdastjóra fræðsluviðs í Kópavogi, er staðan góð og búið að útvega flestum börnum bæjarfélagsins pláss í heilsdagsvistun. „Enn bíða þó fjórtán börn eftir vistun við Snælandsskóla og þar er verið að auglýsa eftir starfsfólki.“

Samkvæmt upplýsingum hjá Akureyrarbæ er nánast búið að manna allar stöður heilsdagsskóla í bænum. Einungis 37 prósent barna í 1.-4. bekk eru í heilsdagsvistun á vegum skólanna og flest þeirra eru í fyrsta og öðrum bekk. -hs



SETBERGSSKÓLI Nær öll börn í 1.-4. bekk skólans eru í heilsdagsvistun.



MAÓRÍSKIR STRÍÐSMENN Frumbyggjar Nýja-Sjálands voru prýddir andlitshúðflúri við útför drottningar þeirra, á dögnum. Nokkur þúsund frumbyggjar mættu í útförina.

Forkosningar í Alaska:

## Murkowski tapar fyrir Palin

**BANDARÍKIN, AP** Ríkisstjóri Alaska, Frank Murkowski, fær ekki að bjóða sig fram til starfans á ný. Flokkssystur- og bræður hans í Repúblikanaflokknum kusu Söruh Palin, fyrrum borgarstýru Wasilla, með 51 prósentu atkvæða á þriðjudagskvöld.



SARAH PALIN

Murkowski hefur skapað sér miklar óvinsældir undanfarið og er hann einn verst látni ríkisstjóri allra tíma í Alaska. Sátt það greinilega í þeim 19 prósentum atkvæða sem hann hlaut í forkosningunum.

Óvinsældirnar hefur hann bakað sér með umdeildum ákvörðunum og meintri auðsveipni við olíu- og gasfyrirtæki. -smk

Mikill skortur er á menntuðum lögglumönnum í Reykjavík:

## Ófaglærðir ráðnir til starfa

**ATVINNUMÁL** „Ég fullyrði að slíkt tíðkast hvergi annars staðar í hinum vestræna heimi og er til háborinnar skamrar,“ segir Páll E. Winkel, framkvæmdastjóri Landssambands lögglumanna. Mikill skortur er á fagmenntuðum lögglumönnum, sérstaklega í Reykjavík, og getur nánast hver sem er sótt um starf og fengið án þess að hljóta til þess nokkra menntun.

Þetta gagnrýnir Páll harðlega og fullyrðir að slík vinnubrögð tíðkast aðeins hérlendis. Margir þeir sem klári nám við Löggluskólann hverfi fljótlega til annarra starfa og telur Páll allnokkrar ástæður fyrir því. „Lág laun fyrir erfiða vinnu er líklegast stærsta ástæðan að mínu mati enda laun lögglumanna skammarlega lág. Önnur

ástæða er eflaust sú að fólk á misgott með að læra að taka á því sem fyrir getur komið í starfinu og það kemur ekki í ljós fyrr en á reynir. En það er dapurlegt að vita að ófaglært fólk starfi sem lögglumenn því starfið er afar krefjandi og það þarf að stunda af mikilli fagmennsku. Laun lögglumanna þurfa að hækka svo hægt verði að ráða til starfans menntað fólk sem hefur vilja og metnað til að stunda þessi erfiðu störf.“

Mánaðartekjur lögglumanns á fyrsta ári sem útskrifaður er úr löggluskólanum eru í dag tæpar 170 þúsund krónur að meðaltali og laun lögglumanns eftir fimmtán ára starf eru kringum 250 þúsund krónur á mánuði. -aöe



LENDA Í ÝMSU Störf lögglumanna eru krefjandi andlega og líkamlega en laun þeirra endurspeglar það ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eftir 19 ára langt borgarastríð:

## Horfur á friði í Úganda

**ÚGANDA, AP** Ríkisstjórn Úganda hefur sammælt við Andspyrnuher Drottins um vopnahlé en fylkingarnar hafa borist á banaspjót í ein nítján ár. Talsmaður stjórnarinnar sagði viðbúið að Andspyrnuherinn tilkynnti um hlé á hernaðaráttökum af sinni hálfu í síðasta lagi á morgun þriðjudag. Þá tæki vopnahléð gildi. Ríkisstjórnin hafði áður hafnað vopnahlésviðræðum, á þeim grundvelli að Andspyrnuherinn hefði ítrekað brotið gerða samninga. -kóp

### AFGANISTAN

**Breti felldur** Breskur hermaður féll og sjö aðrir særðust í árásum skæruhlöða í Afganistan í gær. Tíu meintir uppreisnarmenn talibana féllu þegar lögglela hrinti árás á stjórnarbyggingar í Helmand-héraði.

# Í ÁTT AÐ JAFNVÆGI?

GLITNIR



## „ORÐRÉTT“

## Óhólt að vera hippi

„Ef þú reykir eins og hippi, ertu fljótt með tóman haus. Reikar um með tjörutyppi, titrandi og getulaus.“

Margrét Guðjónsdóttir frá Dalsmynni í Eyja- og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi. Hún er 83 ára garðyrkjukona, heilsuhaus og hress. Fréttablaðið 27. ágúst.

## Paulvanur skoðanakönnunum

„Ég hef séð svona tölur í þrjátíu til fjörutíu ár og kippi mér ekkert upp við þetta.“

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, um niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins sem sýnir að Framsóknarflokkurinn hafi nær sama fylgi og fyrir flokksþing.

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GISSUR PÁLL GISSURARSON ÓPERUSÖNGVARI

## Eignast lítinn tenór eða sópran

„Frétt fréttanna er náttúrulega sú að ég mun eignast erfingja í október, það er bara spurning hvort það verði lítill tenór eða sópran,“ segir Gissur Páll Gissurarson tenórsöngvari. „Annars er ég þessa dagana að undirbúa mig fyrir tónleika sem verða í Salnum á morgun. Ég var bara að heyrja af því mér til mikillar ánægju að það er næstum því uppselt,“ bætir hann ánægður við, en tónleikarnir í Salnum eru þeir fyrstu sem Gissur Páll heldur hér á landi síðan hann fluttist af landi brott í nám erlendis.

Gissur Páll býr í borginni Parma á Ítalíu þar sem hann er að mennta sig í söngnum en eyðir núna dögnum í sumarfríi hér á landi. „Ég kom hingað til lands í byrjun ágúst og við hjúin erum búin að nota tímann vel til að slaka á í sveitinni. Fjölskyldan á sumarhústað við Laugarvatn og við höfum farið mikið

þangað en svo keyrðum við um Suðurlandið. Það er nú svo að þó lífið sé gott í Parma þá er alltaf gott að koma til Íslands og verður sífellt betra og betra, sérstaklega þegar sól er í heiði, þá er hvergi betra að vera.“

Gissur kvartar þó ekki yfir dvölinni á Ítalíu en hann er matmaður mikill sem fer vel saman við það að búa í borginni Parma. „Það væsir svo sem ekki um mann í Parma. Þetta er mikil matarborg og til merkis um það hvað þeir eru stoltir af matarmenningu sinni má nefna það að þeir bönnuðu McDonalds að opna veitingastað innan borgarmarkanna.“

En þó nú styttest í að Gissur Páll hverfi að landi brott til matarborgarinnar miklu líður ekki á löngu þar til hann lætur sjá sig aftur hér á landi. Mega landsmenn eiga von á því að geta séð hann á fjölda tónleika hér á landi sem hann ætlar að halda í desember.

nær og fjær  
tilveran

## Ryðfríar grillgrindur

TILBOÐ  
54.900 kr.

Á margar gerðir jeppa!



67 mm grindur · handpólaraðar suður festingar fyrir ljóskastara

Bilgerð	Bilgerð
Chevrolet Silverado	Nissan Navara NÝR
Grand Cherokee	Nissan Pathfinder
Ford F150/250	Nissan Patrol
Honda CRV	Nissan Terrano
Hyundai Santa Fe	Suzuki Gr.Vit
Hyundai Terrac	Toyota Hiace
Lexus RX300	Toyota Hilux
MB M-Class	Toyota LC90
MMC L200	Toyota LC100
MMC Pajero	Toyota LC120 há
Musso Sports	Toyota LC120 lág
Nissan Crew Cab	Toyota Rav4
Nissan Murano	VW Touareg



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



SÓLRÚN ENGIÐBERTSDÓTTIR, HILDUR FJÓLA ANTONSDÓTTIR OG ALISTAIR INGI GRETARSSON Premeningarnir eru reiðubúnir að láta til sín taka þar sem þeirra er þörf. Sólrun fer til Nairobí í Kenía, Hildur Fjóra til Barbados og Alistair Ingi til Nýju-Delí á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Spennandi verkefni við þróunarstarf erlendis

Þrjú Íslendingar halda hver í sína heimsálfu til þróunarstarfa en utanríkisráðuneytið fjármagnar stöður þeirra. Þetta er liður í ungliðaverkefni sem er á vegum Sameinuðu þjóðanna. Bláðamaður talaði við þremmingana.

„Ég veit svo sem ekki alveg hvað ég er að fara út í,“ segir Sólrun Engilbertsdóttir sem starfa mun fyrir Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna eða UNICEF í Kenía. „Nema hvað að ég fer til borgarinnar Nairobí sem stundum er kölluð Nairobbery því glæpatíðni er mjög mikil. Þannig að eitt af því fyrsta sem ég verð að gera þegar ég er komin út er að fá mér öryggisvörð svo að ég er væntanlega að fara að eiga við svona öryggisatriði sem ég þarf ekki að leiða hugann að hér heima. Hvað starfið varðar veit ég að mín biða ótal verkefni sem lúta að menntun barna og þá sérstaklega stúlkna. Eins eru miklir þurrkar þarna svo að mikið af þróunarstarfinu felst í því að sjá þeim verst stöðu fyrir næringu og börnum fyrir bólu-

setningu.“  
„Ég mun starfa hjá Kvinnasjóði Sameinuðu þjóðanna, UNIFEM, á svæðisskrifstofu samtakanna fyrir eyjarnar í Karíbahafinu en hún er á Barbados,“ segir Hildur Fjóra Antonsdóttir. „Par eru hin ýmsu þróunarverkefni í gangi og mörg verkefni í jafnréttisbaráttunni biða þar líkt og annars staðar,“ segir hún ákveðin en hún hefur unnið mikið að þeim málum hér á landi. „En þó er ástandið ekki svo slæmt þar enda er oft talað um Barbados sem þróaðasta þróunarríkið og margir vilja meina að það ætti ekki að fylla þennan flokk.“

„Ég hef ekki farið til Indlands áður,“ segir Alistair Ingi Gretarsson sem starfa mun á upplýsingaskrifstofu UNICEF í Nýju-

Delí. „Það sem ég hef heyrt um borgina er það að hún sé brjáluð, mikið af fólki, mikil stéttaskipting, mikil fátækt, mikill hiti, mikil mengun og mig svona grunar að mér eigi eftir að finnast þetta allt mjög skemmtilegt,“ segir hann og brosir við. „Ég bjó í Aþenu svo eflaust er ég svolítið markaður að því,“ bætir hann við til útskýringar. „Hvað starfið áhræfir mun ég verða mest í samskiptum við styrktaraðila. Svo mun ég taka þátt í að halda úti vefsíðu samtakanna, vinna að sjónvarpsefni og útvarpsefni en UNICEF leggur mikla áherslu á að kynna starfsemina sína vel.“

Samningur þeirra er til eins árs en möguleiki er á að fram- lengja hann um eitt ár til viðbótar. jse@frettabladid.is

## Lög fyrir báða brjóstahaldara

Sú hefð hefur skapast að halda tónleika í Fríkirkjunni á Menningararnótt og var engin undantekning þar á að þessu sinni. Ragnar Bjarnason, Jón Kr. Ólafsson og Anna Sigríður Helgadóttir, betur þekkt sem Anna Sigga, sungu þá margar af helstu söngperlum landsins við undirleik paulvanra manna. Söngtríóið hefur nú fengið viðurnefnið Lævirkjarnir.

„Það er alveg yndislegt að syngja með þeim Ragga og Jóni,“ segir Anna Sigga. „Raggi hefur oft sungið hjá okkur á þessum tónleikum svo hann er að verða svona innstokksmunur hérna en Jón söng í fyrsta sinn og það er vonandi að



FIMM HRESSIR Áni Scheving, Karl Möller, Alfreð Alfreðsson, Ragnar Bjarnason og Jón Kr. Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

hann komi að ári,“ bætir hún við. „Það var troðfullt út úr dyrum enda ekkert smá lið þarna á ferð-

inni,“ segir Jón Kr. Ólafsson. „Svo er það ekkert of oft sem fólki gefst kostur á að heyrja þessi gömlu lög sem þarna voru sungin, lögin hans Sigfúsar Halldórssonar og annarra snillinga. En það er heldur ekki gert á öðrum brjóstahaldaranum að syngja þau,“ segir Jón Kr. sem þekktur er fyrir að komast oft skemmtilega að orði. „Ég söng meðal annars „Fyrir sunnan Fríkirkjuna“ sem var sérlega vel við hæfi en svo þurfti ég náttúrulega að syngja „Ég er frjálst“, það er víst orðin skylda,“ segir Jón Kr. sem gerði garðinn frægan með umræddu lagi með hljómsveitinni Facon á sínum tíma. -jse

allt matur

Alla föstudaga



# ACE CORE 2 DUO

## GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

### INTEL CORE 2 DUO

Core 2 Duo tæknin sem er nýjasta þróun Intel skilar sér í allt að 40% meiri afköstum en áður hefur þekkt



### 7600GT ZERO NOISE

MSI GeForce 7 7600GT er ótrúlega öflugt skjákort með ofur hraðvirkt 256MB DDR2 1400MHz minni



### SATA II - 16MB

Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari



### CRYSTALBRITE

17" LCD Gamers Edition skjár með 8ms viðbragðstíma og ótrúlega líti með CrystalBrite



### 5.1 HLJÓÐKERFI

Altec Lansing 151i glæsilegt og kraftmikið 5.1 hljóðkerfi með 5 hátalurum og öflugum bassaboxi



### ALLT ÞRÁDLAUST

Logitech þráðlaus mús og íslenskt lykklaborð hlaðið flýthöppum sem auðveldar stjórn á hljóði og vöfrum



<b>Örgjörvi</b>	Intel E6400 Core 2 Duo 2.13GHz 2MB flýtiminni, 2000FSB
<b>Móðurborð</b>	MSI 965P NEO-F - SATA2 PCI-E 16x, 8xUSB2, 4xDDR2 800MHz
<b>Minni</b>	1GB DUAL DDR2 667MHz Corsair Corsair minni með listfóðrabýrgð
<b>Harðdiskur</b>	320GB WD SE 16MB - SATA 2 SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer
<b>Skjákort</b>	256MB GeForce7 NX7600GT MSI PCI-E 16x, DDR3, Zero Noise
<b>Skjár</b>	17" LCD Acer AL1751as Gamers CrystalBrite og 8ms viðbragðstími
<b>Skrifari</b>	16x DVD± 8x DL skrifari Skrifari og les DVD og CD diska
<b>Hljóðkort</b>	7.1 Dolby Digital DTS - EAX2 Frábært í leiki og bíómyndir
<b>Hátalarar</b>	5.1 Altec Lansing hljóðkerfi 5 öflugir hátalarar og bassabox
<b>Netkort</b>	Gigabit 10/100/1000 Gigabit netkort
<b>Stýrikerfi</b>	Windows XP Home - SP2 Á íslensku eða ensku

**VL18**  
• Samtals kr. 786.223  
**9.994**

**VERÐ 179.900**

**ACE AMD TILBOD 3**



**VL15**  
• Samtals kr. 134.466  
**8.660**

3800+ Athlon64 örgjörvi með 2000FSB og HT 1GB DUAL 400MHz DDR minni • 250GB WD SATA2 harðdiskur 16MB 17" LCD skjár • 256MB GeForce7 NX7600GS PCI-E 16x skjá kort 16xDVD±/DL skrifari • Gigabit netkort • Öflugt Logitech S200 2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 129.900**

**ACE AMD TILBOD 4**



**VL15**  
• Samtals kr. 155.169  
**9.993**

3800+ AM2 Athlon64 X2 örgjörvi með 2000FSB og HT 1GB DUAL 667MHz DDR2 minni • 250GB WD SATA2 harðdiskur 16MB 17" LCD skjár • 256MB GeForce7 NX7600GT PCI-E 16x skjá kort 16xDVD±/DL skrifari • Gigabit netkort • Öflugt Altec Lansing 5.1 hátalarakerfi • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 149.990**

Öll verð eru birt með fyrirvara um broytingar, innviðanvörur og myndvængi

**ACE AMD TILBOD 2**



**VL15**  
• Samtals kr. 103.471  
**6.660**

3000+ AMD Sempron 64-BIT HT 1GB DDR minni • 200GB harðdiskur 16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár 128MB GeForce6 6100 skjástýring 2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 99.900**

**ACE INTEL TILBOD 2**



**VL12**  
• Samtals kr. 124.114  
**9.992**

3.2GHz Intel PD 940 DualCore EM64T 1GB DDR2 minni • 250GB harðdiskur 16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár 128MB ATI X300 skjá kort • Netkort 2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 119.900**

**ACE INTEL TILBOD 3**



**VL15**  
• Samtals kr. 155.169  
**9.993**

Intel E6300 1.86GHz Core 2 Duo 1GB DDR2 minni • 250GB harðdiskur 16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár 256MB MSI Geforce7 NX7300GT skjá kort 2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 149.900**

**ACE AMD TILBOD 5**



**VL18**  
• Samtals kr. 175.872  
**9.439**

4200+ AM2 DualCore X2 HT 1GB DDR2 minni • 320GB harðdiskur 16xDVD±RW skrifari • 17" Gamers skjár • 256MB MSI NX7600GT skjá kort 5.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 169.900**

Trend Internet Security 2006, öflug virusvörn  
**VERÐ 4.990**

MSI PCI þráðlaus netkort 54Mbps 802.11g frá MSI  
**VERÐ 3.990**

Logitech QuickCam Messenger vefmyndavél  
**VERÐ 5.990**

1GB Corsair USB2 lykkill með 10 ára ábyrgð  
**VERÐ 6.990**

Canon Lide 25 örbunnur borðskanni, 1200x2400dpi  
**VERÐ 8.990**

Canon iP4200, 5 hylkja ljósmyndaprentari  
**VERÐ 11.900**

Microsoft Office 2003 skólaleyfi fyrir 3 vélar  
**VERÐ 16.900**

Logitech Cordless Desktop MX5000 lykklaborð og mús  
**VERÐ 17.900**

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bæst við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

**TÖLVULISTINN**  
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400


**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400

**EGILSSTÖÐUM**  
Miðvangi 2-4  
Sími 471 2400



## Svona erum við

&gt; Íslendingar í listnámi í háskólum innanlands.



Heimild: Hagstofa Íslands

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: INTERPOL

## Þarf að gæta hlutleysis í hvívetna

Alþjóðlega lögreglustofnunin, Interpol, var stofnuð árið 1923 til að stuðla að alþjóðlegu samstarfi í rannsókn á glæpamálum. Starfsmenn stofnunarinnar voru 384 frá 54 löndum árið 2001 og er hún starfrækt allan sólarhringinn. Ísland er meðal aðildarríkja.

## Hvað er Interpol?

Interpol er þriðja stærsta alþjóðlega stofnun heims, á eftir Sameinuðu þjóðunum og Alþjóða knattspyrnusambandinu FIFA. Aðildarríkin eru nú 184 talsins og fjármagna stofnunina með því sem nemur 30 milljónum evra á ári. Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Lyon í Frakklandi og for-



seti hennar er Jackie Selebi, yfirmaður suðuráfrísku lögreglunnar. Aðalritari Interpol er Ronald K. Noble, sem áður starfaði fyrir fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna.

## Hverju beitir Interpol sér fyrir?

Sakir þess að stofnunin verður að vera hlutlaus tekur hún ekki þátt í upprætingu glæpa sem varða ekki mörg aðildarríkjanna eða þeirra glæpa sem tengjast stjórnmálum, hernum, trúarbrögðum eða kynþáttismunum. Aðalstarf

Interpol varðar almannaoýggi, hryðjuverk, skipulagða glæpastarfsemi, stríðsglæpi, framleiðslu og sölu fíkniefna, vopnasmygl, mansal, peningþvætti, barnaklám, efnahagsbrot, tölvuglæpi og spillingu.

## Hvernig komst stofnunin í núverandi horf?

Interpol lenti í höndum nasistastjórnar Þýskalands í seinni heimsstyrjöldinni, þegar Þjóðverjar innlimuðu Austurríki inn í veldi sitt. Starfsfólk og aðstaða Interpol voru notuð til gagnaoðflunar fyrir Gestapó-leynilögregluna til stríðsloka. Yfirmenn hermála frá Belgíu, Frakklandi, Skandinavíu og Bretlandi endurskipulögðu Interpol og komu stofnuninni í núverandi horf.

## SPURT &amp; SVARÐ

ÚRVALSVÍSITALA



ÞÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON Forstjóri Kauphallarinnar.

## Mælir verðbreytingar

Úrvalsvísitalan rauf sex þúsund stiga múrinn í fyrradag og hafði hækkað í tólf daga í röð. Þórður Friðjónsson er forstjóri Kauphallarinnar.

## Hvað er Úrvalsvísitalan?

Úrvalsvísitalan mælir verðbreytingar 15 stærstu og seljanlegustu félaganna í Kauphöllinni. Val í hana er endurskoðað tvisvar á ári, í júní og desember. Við valið er tekið tillit til stærðar félaganna og veltu með hlutabréf þeirra en auk þess verða félögin að uppfylla ymis önnur skilyrði.

## Hvaða hlutverki gegnir hún?

Úrvalsvísitalan, eins og aðrar viðmiðunarsvísitalur, gegnir margs konar hlutverki. Í fyrsta lagi er henni ætlað að lýsa þróun hlutabréfaverðs almenn. Í öðru lagi á hún að endurspegla helstu fjárfestingarkosti á markaðnum. Í þriðja lagi er hún tæki til markaðssetningar fyrir Kauphöllina og innlenda hlutabréfmarkað. Síðast, en ekki síst, er henni ætlað að veita félögum hvata til að stuðla að auknum seljanleika skráðra hlutabréfa þeirra.

## Vaxtaverkir háskólanna

Íslenska háskólakerfið hefur verið í örum vexti og kalla kerfisbreytingarnar á nýja stjórnarhætti, samkvæmt skýrslu OECD um háskólastigið á Íslandi.

Undanfarinn áratug hafa einkareknir háskólar verið stofnaðir, ýmsar stofnanir færðar á háskólastig, nýjar fjármögnunarleiðir hafa verið kynntar til sögunnar, samkeppni milli skóla hefur aukist gríðarlega og frá árinu 1999 hefur orðið sprenging í fjölda nemenda á háskólastigi. Vaxtaverkir íslenska háskólastigsins felast fyrst og fremst í brýnni þörf á nýjum fjármögnunarleiðum og eftirliti með gæðamálum, ef marka má skýrslu OECD um háskólana á Íslandi.



KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR „Í það heila finnst mér skýrslan vera mjög jákvæð“, segir rektor Háskóla Íslands.

## Eftirlit með gæðamálum

Samkeppni er lykilorðið í stefnu ríkisstjórnarinnar um menntamál á háskólastigi og í skýrslu OECD segir að sú áhersla hafi í meginatriðum heppnast vel, bæði innan háskólanna og þeirra á milli. Hins vegar er einnig bent á þá hættu að langtíamarkmið um rannsóknir verði látin sitja á hakanum í samkeppninni um nemendur og fjármagn og markmið til styttri tíma verði látin ráða.

menning@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

AGÚST

25 26 27 28 29 30 31

### Mánudagur

#### ■ ■ FYRIRLESTRAR

- 12.30 Danski myndlistarmaðurinn **Birthe Jörgensen** heldur fyrirlestur á vegum **Opna listaháskólans**. Fyrirlesturinn fjallar um skapandi iðnað í **London** og þau nýju tækifæri og margþættu hlutverk sem skapast hafa í kjölfarið fyrir unga listamenn. Fyrirlesturinn er haldinn í **Listaháskóla Íslands, Laugarnesi**.

#### ■ ■ SÝNINGAR

- 09.00 Sumarsýning **Listvínafélags Hallgrímskirkju** á verkum **Ásgerðar Búadóttur**. Sýningunni lýkur þriðjudaginn 29. ágúst.

- 11.00 Sýning **Sigrídar Österby** stendur nú yfir í **Saltfisksetri Íslands í Grindavík**. Sýningunni lýkur þriðjudaginn 29. ágúst.

- 11.00 Sýning **Borgarskjalasafns Reykjavíkur** í tilefni af **70 ára afmæli Laugarnesskóla** stendur yfir á **Reykjavíkurtorgi, Tryggvagötu 15**, 1. hæð. Sýningunni lýkur 31. ágúst.

#### ■ ■ NÁMSKEIÐ

- 18.00 **Kór Langholtskirkju** heldur söngnámskeið í **Langholtskirkju** sem hefst í dag og stendur til fyrsta september. **Bergþór Pálsson, Harpa Harðardóttir, Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Sesselja Guðmundsdóttir** og **Sigrún Sæmundsdóttir** sjá um söngkennslu og þjálfun í tónheyrn og nótalestri.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



**Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!**

**Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!**

**Miðasala er þegar hafin!**

Næstu sýningar:

Föstudaginn	18. ágúst	kl. 20.00
Laugardaginn	26. ágúst	kl. 19.00

Á ÞAKINU LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is // Austurbæjarbíó – Snorrabraut 37




UNNIÐ Í VEGGFÓÐRI Guðný Rósa Ingimarsdóttir leggur hér lokahönd á hljóðlát verk sín sem hún kallar Murmur.

## Andrúmsloftið engu líkt

**Nautið Guttormur og hvíslandi veggfóður koma saman í menningarmiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði þar sem Guðný Rósa Ingimarsdóttir og Gauthier Hubert opnuðu sýningu um helgina.**

„Við erum hjón sem sýna saman, en það höfum við aldrei áður gert á þann hátt að við blöndum verkunum okkar saman,“ segir Gauthier



Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

Fimmtudag	7. september	kl. 20	Laus sæti
Föstudag	8. september	kl. 20	Laus sæti
Laugardag	9. september	kl. 20	Laus sæti
Sunnudagur	10. september	kl. 16	Laus sæti
Föstudagur	15. september	kl. 20	Laus sæti
Laugardagur	16. september	kl. 20	Laus sæti
Laugardagur	23. september	kl. 20	Laus sæti
Sunnudagur	24. september	kl. 16	Laus sæti

**LEIKHÚSTILBOÐ**  
Tvíréttaður matur, miði og frítt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs  
Frá kr. 4300 - 4800  
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600

Hubert um sýningu sína og Guðnýjar Rósu Ingimarsdóttur. Hjónin eru bæði listamenn og hafa verið saman í tólf ár, en sýna nú í fyrsta sinn listsköpun sína í sama herbergi. Áður hafa þau þó haldið saman sýningu í aðskildum rýmum á Nýlistasafninu. „Á sýningunni unnum við ekkert verk saman en ákváðum þess í stað að verkin skyldu mætast augliti til auglitis. Við unnum með okkar eigin boðskap en blöndum verkunum saman í rýminu,“ bætir hann við.

Gauthier segir að verk Guðnýjar Rósu séu hljóðlát þar sem hún notar teikningar og rýmið. „Teikningarnar eru settar inn í rýmið, en á sama tíma notar hún rýmið eins og það lifir og fellir alla hluti inn í það, stundum beint á veggina. Núna er hluti herbergisins klæddur veggfóðri og svo vinnur hún frekar á veggfóðri.“

Andstæðan er skýr milli hljóðlátrar listsköpunar Guðnýjar Rósu og verka eiginmanns hennar. „Ég valdi að vinna með styrk, því þegar ég kom til Íslands í fyrsta sinn fyrir ellefu árum man ég að það fyrsta sem mér var sagt á flugvellingum var að Íslendingar væru sterkustu menn í heimi. Mér þótti þetta mjög fyndið og blanda þessu núna við staðreyndina að ég er fæddur í maí og tilheyrir því stjórnumerkinu nautinu.“

Gauthier lék sér enn fremur með nafnið sitt og heimfærir það upp á íslensku, því félagar hans sem eiga í erfiðleikum með franskan framburð á nafninu Gauthier kalla hann Gutta. Faðir Gauthier heitir André Hubert og úr öllu saman varð til nafnið Guttormur Andrasón. „Nautið Guttormur er tákn styrksins, jafnvel í Biblíunni,“ bætir Gauthier við en hann er með þrjár teikningar sem standa fyrir mismunandi ásjáð styrksins. Sýningin ber heitið Taurus: Gagnrýni á framkomu og er einn hlekkur í sýningaröð Gauthiers sem

miðar að því að sýna mistök þess utanaðkomandi. „Ég er að reyna að vera Íslendingur en tekst það ekki,“ bætir Gauthier við.

Hjónin búa í Brussel en hafa dvalist undanfarnar vikur á Seyðisfirði í listamansbúð Skaftfells. „Við höfum unnið verkin að mestu leyti hérna og höfðum því tækifæri til að vinna vel með rýmið,“ segir Gauthier. Hann bætir við að þau hafi þó ekki staðið fyrir stórum breytingum á salnum eða unnið með flóknar innsetningar, heldur nýtt tækifæri til að hugsa vel um upp- og niðurbætur verkanna og hvernig þau blandast saman.

Aðspurður segist Gauthier hafa kunnað vel við andrúmsloftið á Seyðisfirði. „Þetta er engu líkt,“ segir hann og bætir við að hjónin hafi notað tímann mjög vel og kynnst öðrum listamönnum. „Mér finnst athyglisvert hvað er mikil menningarstarfsemi hérna á Seyðisfirði. Fyrst þegar maður kemur hefur maður á tilfinningunni að ekkert gerist hérna, eins og einstefnugata í fjarðarbotninum, en hérna er mikið að gerast og margir listamenn búa hér og starfa. Þetta er mjög áhugaverður staður,“ bætir hann við.

Sýningin var opnuð um helgina og stendur til 24. september. - at



SEYÐISFJÖRÐUR Að mati Gauthier Hubert sem búsettur er í Belgíu er langt frá því að Seyðisfjörður sé einstefnugata í fjarðarbotninum.

### BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR	PINA BAUSCH
Sun 10/9 kl. 14 Lau 30/9 kl. 14	LOKSINS Á ÍSLANDI! Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pínu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Aqua í Borgarleikhúsinu.
VILTU FINNA MILLJÓN?	Sun 17/9 kl. 20 Mán 18/9 kl. 20 Þri 19/9 kl. 20 Mið 20/9 kl. 20 Aðeins þessar 4 sýningar.
FOOTLOOSE	Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.
EYFI STÓRTÓNLEIKAR	Sunnudaginn 3. september verður opið hús í Borgarleikhúsinu. Allir velkomnir.
MANNAKORN ÚTGÁFUTÓNLEIKAR	ÁSKRIFTARKORT
Fös 1/9 kl. 20 Fös 1/9 kl. 22	Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir! Mein Kampf e. George Tabori Amadeus e. Peter Shaffer Fagra veröld e. Anthony Neilson Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Simonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson. Lík í óskilum e. Anthony Neilson Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren Viltu finna milljón? e. Ray Cooney. Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson Íslenski dansflokkurinn og margt, margt fleira.
HÖRÐUR TORFA AFMÆLISTÓNLEIKAR	
Fös 8/9 kl. 19:30 Fös 8/9 kl. 22	

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

**AUGLÝSINGASÍMI**

**550 5000**

**FRÉTTABLAÐIÐ**



# Tangóinn dunar um næstu helgi

Von er á fjöldanum öllum af erlendum gestum á Tangóhátíð í Reykjavík sem hefst á fimmtudaginn. Hátíðin stendur fram á sunnudag og fer fram í Kramhúsinu, Iðnó, Þjóðleikhúskjallaranum og Bláa lóninu.

Aðalatriði hátíðarinnar eru tangónámskeið sem haldin verða í Kramhúsinu og Iðnó. Byrjendur jafnt sem þeir sem eru lengra komnir geta komið og lært ný spor af frábærum kennurum. Cecilia Gonzalez, Donato Juarez, Pablo Inza og Moira Castellano koma til landsins frá Argentínu og íslensku tangó-dansararnir Bryndís Halldórsdóttir og Hany Hadaya kenna á námskeiðunum.

Kvöldhátíðirnar eru ekki af verri

endanum og hefst tangóhátíðin með glæsilegum dansleik og sýningu í Iðnó. Carlos Quilici bandoneon-leikari og Javier Fioramonti, gítarleikari frá Argentínu, leika fyrir dansi og allir kennarar hátíðarinnar verða með danssýningu. Á föstudags- og laugardagskvöldin dunar tangóinn í Þjóðleikhúskjallaranum. Á sunnudagskvöldið er svo kominn tími til að láta tangóstregina líða úr líkamanum á lokakvöldinu sem haldið er í Bláa lóninu.

Hátíðin er öllum opin, bæði þeim sem dansa og ekki, og hefst miðsala á kvöldviðburði klukkan 20 á þeim stað sem uppákominn er hverju sinni. Þeir sem skrá sig á námskeið fá þátttökukort sem gildir á alla viðburði og námskeið hátíðarinnar.



ÁRLEG TANGÓHÁTÍÐ UM HELGINA Hundruð Íslendinga dansa reglulega tangó og ætla margir að eyða vikunni í að þússa skóna fyrir tangóhátíðina um helgina.



REIST Á SANDI Í tilefni alþjóðlegrar listahátíðar í ísraelsku borginni Haifa tóku nokkrir listamenn sig til og byggðu sandskúlpúta á ströndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



SPENNANDI STARFSÁR FRAMUNDAN Að venju er efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands full af einstökum tónlistarviðburðum.

## Fjölbreyttar nýjungar á nýju starfsári

Kammertónleikaröð, ör-hátíð með öllum sinfóníum Brahms og píanó-konsertum Beethovens og útitónleikar á Austurvelli eru á meðal nýjunga sem Sinfóníuhljómsveit Íslands býður tónleikagestum næsta starfsárs upp á. Fyrir helgi kynnti hljómsveitin dagskrá starfsársins 2006 til 2007 og kennir þar ýmissa grasa að venju.

Tónleikaárið byrjar með hvelli í næstu viku þegar fyrirhugaðir eru útitónleikar á Austurvelli, ef verður leyfir, og upphafstónleikar starfsársins þar sem ein fremsta sópransöngkona heimsins, Barbara Bonney, syngur með hljómsveitinni. Sjaldheyrðar sinfóníur og söngbók Björgvins Halldórssonar eru svo á meðal þess sem hljómsveitin býður upp á september. Tvennir afmælistónleikar eru á efnisskrá hljómsveitarinnar í vetur. Tónlistarskóli Mosfellsbæjar fagnar fjörutíu ára afmæli og karlakórinn Fóstbræður eru níutíu ára í ár.

Fleiri íslenskir kórar stíga á

svið með sinfóníuhljómsveitinni í vetur. Schola Cantorum, ásamt tenórsöngvaranum Gunnari Guðbjörnssyni og fleirum undir stjórn hljómsveitarstjórans Hermanns Bäumer, flytja fyrsta hluta Edduóratoríu Jóns Leifs og er það tímamótflutningur hér á landi.

Kammertónleikaröðin í Listasafni Íslands hefur fengið nafnið Kristallinn og samanstendur hún af sex tónleikum. Tónleikarnir verða á laugardögum klukkan 17 og stíga þar á stökk vel valdir hljóðfærleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Einir tónleikanna sem margir bíða með óþreyju eru stórtónleikar Björgvins Halldórssonar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Miðar á viðburðinn seldust upp á tveimur klukkustundum og verður Laugardalshöll fullskipuð á tónleikunum laugardaginn 23. september. Þess vegna er um að gera að tryggja sér miða á óskatónleikana svo að aðrir kræki ekki í þá á undan.

## EIGNARRÉTTUR Í SJÁVARÚTVEGI: NÆSTU SKREF

Málfundur RSE í Ársal, Hótel Sögu.  
Þriðjudaginn 29. ágúst kl. 15:30



### DAGSKRÁ MÁLFUNDAR

15:30 – 16:15

Yfirlit: Notkun eignarréttar í fiskveiðum í heiminum.

**Ross Shotton**, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu Þjóðanna.

Reynsla Nýsjálandinga, þróun og horfur.

**Tom McClurg**, framkvæmdastjóri Aotearoa Ltd., Nýja Sjálandi.

Íslenska kvótakerfið: Næstu skref.

**Ragnar Árnason prófessor**, Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

16:15 – 17:00

Pallborðsumræður

**Gordon Munro prófessor**, Háskólanum í bresku Kólumbíu (Vancouver).

**Ross Shotton**, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu Þjóðanna

**Tom McClurg**, framkvæmdastjóri Aotearoa Ltd., Nýja Sjálandi.

**Ragnar Árnason prófessor**, Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

**Gary Libecap prófessor**, Háskólanum í Kaliforníu (Santa Barbara)

**James Wilen prófessor**, Háskólanum í Kaliforníu (Davis)

Fundarstjóri:

**Birgir Þór Runólfsson dósent**, Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.

Nánari upplýsingar á [www.rse.is](http://www.rse.is).

Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál



ADVANCES IN PROPERTY RIGHTS  
BASED FISHERIES MANAGEMENT



RSE

allt tilboð

Alla föstudaga




# Tom Cruise er mesta karlremban

Tom Cruise hefur verið kosinn mesta karlremban í Hollywood vegna afskipta sinna af ferli eiginkonu sinnar, Katie Holmes. Holmes var á góðri leið með að skapa sér stórt nafn í kvikmyndaborginni með frammistöðu sinni í Batman Begins þegar hún kynntist Cruise og síðan þá hefur lítið til hennar spurst. Holmes eignaðist sitt fyrsta barn fyrir skömmu og sér nú um að ala stúlkuna Suri upp á heimili skótu-hjúanna.

Nicole Kidman, sem var gift Cruise í rúman áratug, hefur sjálf viðurkennt að hafa sett sig í annað sætið til að ala upp börnin þeirra tvö, Connor og Isabella.

**KARLEMBAN** Tom Cruise hefur verið kosinn mesta karlremban í Hollywood.



Síðan Kidman skildi við leikarann hefur henni gengið allt í hagin í kvikmyndaleik sínum og er nú meðal virtustu leikkvenna í Hollywood.

Cruise hlaut nafnbótina á Ernie-verðlaunahátíðinni en þar eru útnefndar verstu fréttatilkynningar og yfirlýsingar ársins. Cruise hlaut nafnbótina „Karlremba ársins“ fyrir yfirlýsinguna: „Ég er búinn að setja Holmes á afvikinn stað þar til fæðingin er yfirstaðin þannig að enginn getur náð til okkar.“

**FERILLINN Í PÁSU** Nicole Kidman hefur viðurkennt að hafa sett sig í annað sætið á meðan hjónaband hennar og Cruise stóð yfir.



# Með stríðsöxina á lofti

Eins og flestir vita eiga Sir Paul McCartney og Heather Mills í harðvítugum skilnaði sem enn sér ekki fyrir endann á. Af þeim sökum rótaði Fréttablaðið í moldinni og gróf upp nokkra af eftirminnlegustu skilnaðum tónlistarmanna hin síðari ár.

## Eminem og Kim Mathers

Rapparin Marshall Mathers II, eða Eminem, kvæntist æskuást sinni Kim árið 1999 um svipað leyti og fyrsta plata hans, The Slim Shady LP, fór að vekja athygli. Í júní ári síðar gekk Eminem af göflunum þegar hann sá Kim kyssa annan mann og lamdi hann með skammbyssu. Ekki löngu síðar reyndi Kim að fremja

sjálfsvíg og í framhaldinu sótti Eminem um skilnað. Kim svaraði með því að höfða mál gegn honum þar sem hún krafðist 700 milljóna króna í skaðabætur vegna þess tilfinningalega skaða sem hún varð fyrir þegar lag Eminem, Kim, varð heimsfrægt. Þar syngur hann um að myrða hana á grimmilegan hátt. Í janúar á þessu ári grófu þau heldur betur óvænt stríðsöxina og giftust aftur. Sá ráðahagur entist þó ekki lengi því þau skildu þremur mánuðum seinna.

## Britney Spears og Jason Alexander

Britney og æskuástin hennar Jason Alexander giftust eftir nýársfylleri í Las Vegas árið 2004. Eftir tveggja daga hjónaband óskaði Britney eftir skilnaði og sagðist ekki hafa verið með sjálfri sér þegar hún játaðist Jason. Nokkrum mánuðum síðar ákvað Jason að tjá sig um atvikið og sagði Britney hafa beðið sín eftir að þau höfðu átt nokkrar sjóðheitar nætur saman. Sagðist hann hafa fengið borgaðar um 35 milljónir króna

fyrir að vera góður drengur og skrifa undir skilnaðarpappírana. Britney er nú gift Kevin Federline og er ófrísk að öðru barni þeirra.

## Michael Jackson og Debbie Rowe

Eftir tuttugu mánaða samband sitt við Lisu Marie Presley kvæntist poppkóngurinn fyrrverandi Michael Jackson hjúkrunarkonunni Debbie Rowe árið 1996. Margir töldu að hjónabandið yrði ekki langlíft og kom það því fáum á óvart þegar þau skildu þremur árum seinna. Jackson fékk forræðið yfir börnum þeirra en í staðinn fékk Rowe litlar 350 milljónir króna í sárabætur. Skrifaði hún jafnframt undir samning þar sem henni var stranglega

legga sig um samband sitt við Jackson. Eftir að Jackson var ákærður fyrir kynferðislega



**PAUL OG HEATHER** Bitillinn fyrrverandi á harðvítugum skilnaði við Heather Mills.



**JACKSON OG DEBBIE** Mörgum þótti það afar undarlegt þegar Michael Jackson kvæntist Debbie Rowe.

misnotkun gegn ungum dreng gekk Rowe á lagið og hefur nú krafist þess að fá forræði barna sinna á nýjan leik.

## Jessica Simpson og Nick Lachey

Eftir að hafa eytt hveitbrauðdögum sínum í raunveruleikaþætti með þeim sjálfum í aðalhlutverki voru margir á því að hjónabandið Lachey og Simpson myndi fara út um þúfur. Enginn átti þó von á því að skilnaðurinn gengi í gegn svona fljótt. Lachey var lengi grunaður um að hafa haldið fram hjá Simpson, meðal annars með klámmyndastjörnu, og um leið og þau hættu saman kastaði hann sér í fang bombunnar Cavallari og MTV-gellunnar Vanessa Minnillo. Lachey á rétt á helmingi eigna Simpson eftir skilnaðinn og samkvæmt nýjustu fregnum ætla hann að sækjast eftir þeim.



**SIMPSON OG LACHEY** Sætt par en því miður entist hjónabandið engan veginn.



**SEAN CONNERY** Segir kvikmyndaíðnaðinn í Hollywood gráðugan og skorta fagmennsku.

## Connery er hættur

Skoski leikarinn Sean Connery tilkynnti á blaðamannafundi sem haldinn var vegna kvikmyndahátíðarinnar í Edinborg að hann væri hættur að leika í Hollywood. Yfirlýsingin var nokkuð harkaleg og ásakaði Connery kvikmyndaíðnaðinn um að hafa eyðilagst síðustu mynd hans, The League of Extraordinary Gentlemen.

Connery fékk fyrr um daginn Bafta-verðlaun Skotlands fyrir ævilangt starf í þágu kvikmynda- og sendi kvikmyndaíðnaðinum í Hollywood tóninn. Sagði hann kvikmyndaborgina vera keyrða áfram af græðgi og skorti á fagmennsku. „Minn tími er liðinn og ég dreg mig í hlé vegna slaks gengis á síðustu mynd minni. Órvænting mín er slík að ef ég hætti ekki núna gæti ég drepit einhvern,“ lýsti Connery yfir. „Ef við tökum sem dæmi leikstjóra The League, Stephen Norrington, þá var hann ungur og fullur eldmóðs. Ég reiknaði hins vegar aldrei með því að hann yrði sendur til hinnar fallegu borgar Prag með fulla vasa fjár án þess að vita hvað hann væri að gera,“ sagði Connery sem fagnar 76 ára afmæli sínu um þessar mundir. Hann er þekktastur fyrir túlkun sína á James Bond.



**KIM MATHERS** Fyrrum eiginkona Eminem var ekki sátt þegar hann samdi lag um hana.

**Í BRÚÐARKJÓLNUM** Britney Spears hefur gift sig tvisvar á frekar skömmum tíma.



**JASON ALEXANDER** Jason var aðeins kvæntur popprinsessunni Britney Spears í tvo daga.

## HL STÖÐIN

Starfsemin hefst  
mánudaginn 4. september  
skv. stundatöflu (sjá [www.hlstodin.is](http://www.hlstodin.is)).

Vinsamlega staðfestið þátttöku  
í síma **561 8002** milli kl. 10 og 16  
eða á [hlstodin@simnet.is](mailto:hlstodin@simnet.is).

## HL STÖÐIN

Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga  
Hátúni 14 - 105 Reykjavík - Sími 561 8002

## Jolie beið í bílnum

Angelina Jolie beið úti bíl í klukkutíma fyrir utan samkvæmisstað í Hollywood vegna þess að hún vildi ekki hitta föður sinn, Jon Voight. Lengi hefur verið stírt milli þeirra feðgina og hefur Jolie sakað föður sinn um að hafa eyðilagst móður sína með stöðugu framhjáaldi. Atvikið átti sér stað fyrir utan skemmtistað þar sem Scott Caan, meðleikari Brads Pitt í Ocean's 13, hélt stórt teiti.

Þegar stjórnuparið mætti á svæðið kom kona aðvífandi að bíl skótu-hjúanna og tilkynnti Jolie að faðir hennar væri staddur á stað-

um. Pitt og Jolie keyrðu nokkra hringi í kringum húsið og að endingu steig Pitt út úr bílnum og hvarf inn í mannfjöldann. Skömmu síðar yfirgaf Voight samkvæmið og Jolie sást lauma sér inn um bakdyrnar. „Ég hata ekki pabba minn, ég vil bara ekki sjá mömmu mína gráta enn einu sinni,“ sagði Jolie við fjölmiðla fyrir ekki margt löngu.

**JOLIE** Vildi ekki hitta pabba sinn í samkvæmi sem haldið var í Hollywood og beið þess í stað fyrir utan í bíl.

FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES







# VAKNAÐU VEL

Heimir og Sirrý vekja Íslendinga með fréttatengdum dægurmálþætti.  
Ísland í bítíð á NFS, Stöð 2 og Bylgjunni alla virka daga frá 7 - 9.



**NFS**



**BYLGJAN**  
989

nfs@365.is

digital ísland

**vísir**  
VEF.TV



Skjárinn Breiðband Símans



**Nýtt í bíó**

**GRETTIR ER MÆTTUR AFTUR**  
TVÓFALT FYNDNARI!  
TVÓFALT BETRI!  
**GRETTIR 2**  
MED ISLENSKU OG ENSKU TALI

Aaron Eckhart, Maria Bello, Cameron Bright, Adam Brody, Sam Elliott, Katie Holmes, David Koechner, Rob Lowe, William H. Macy, J.K. Simmons, and Robert Duvall

“ÁTTU ELD?”  
S.U.S.-XFM

**TAKK FYRIR AÐ REYKJA**  
THANK YOU FOR SMOKING  
Ein umtalaðasta mynd seinni ára með úrval frábærra leikara!  
Kolsvört gamanmynd sem sló í gegn á Toronto hátíðinni 2005 og Sundance hátíðinni 2006  
“Stórskemmtilegur glaðningur! Klárlega þess virði að mæla með.”  
Kvikmyndir.is

**SILENT HILL**

**MIAMI VICE**

**YOU, ME and Dupree**

**SNAKES ON A PLANE**

**THE SENTINEL**

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

**Borgarbíó** Sími 462 3500

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

**GRETTIR 2 ISL. TAL** kl. 4 og 6  
**GRETTIR 2 ENSKT TAL** kl. 4, 6, 8 og 10  
**TAKK FYRIR AÐ REYKJA** kl. 5.50, 8 og 10.10 B.L. 7 ÁRA  
**SÝND Í LÚXUS** kl. 5.50, 8 og 10.10  
**MIAMI VICE** kl. 8 og 10.50 B.L. 16 ÁRA  
**THE SENTINEL** kl. 8 og 10.20 B.L. 14 ÁRA  
**ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ISL. TAL** kl. 4  
**OVER THE HEDGE ISL. TAL** kl. 4 og 6

**400 kr. í bíó!**  
Gæta á öllum spjögum í Regnbögnun myndir með reykju

www.laugarasbio.is

**LAUGARAS BÍÓ** - bara lúxus

**GRETTIR 2**  
Owen Wilson, Kate Hudson, Matt Dillon, Michael Douglas

**YOU, ME and Dupree**  
Owen Wilson úr Wedding Crashers fer á kostum í myndasta grínsmell ársins  
Sýnd kl. 6, 8 og 10.15

**MIAMI VICE**  
Sýnd kl. 10 B.L. 16

**SNAKES ON A PLANE**  
Sambill L. Jackass  
Sýnd kl. 8 og 10.15 B.L. 16


**GRETTIR 2 ENSKT TAL** kl. 6 og 8

**SNAKES ON A PLANE** kl. 10 B.L. 16

**www.laugarasbio.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**B**reska stórleikkonan **Helen Mirren** hefur skrifað grein í dagblaðið The Times um ástandið í Úganda. Hin virta leikkona heimsótti landið árið 2004 á vegum góðgerðasamtakanna Oxfam og varð skelfingu lostin yfir því ástandi



sem þar ríkir. Mirren hefur lýst yfir miklum áhyggjum af þeim 25 þúsund börnum sem hefur verið rænt á þeim tíma sem borgarastyrjöldin hefur staðið yfir og krefst þess að alþjóðarsamfélagið gripi þarna inn í.

## Parker afbrýðisamur

Eva Longoria segir kærasta sinn Tony Parker vera svo afbrýðisaman að hann geti ekki hugsað sér að sjá hana tala við aðra karlmenn. Leiknan hefur heillað karlpeninginn upp úr skónum með frammistöðusinni í Aðþrengdum eiginkonum og fær mikla athygli frá kynbræðrum Parkers. Longoria sat nýlega fyrir á forsiðu Maxim þar sem hún var fáklædd í eyðimörkinni. „Hann gerir allt sem hann getur til að koma í veg fyrir að



ég daðri við aðra menn. Hann sýnir ákveðna líkamlega tjáningu til að láta aðra menn vita að þeir séu að eyða of miklum tíma í mig,“ sagði Longoria

**LONGORIA**  
Hefur slegið í gegn í þáttunum um aðþrengdu eiginkonurnar.



**DÍVAN** Jessica Simpson á erfitt uppráttar þessa dagana því nú hafa Jackass-strákarnir skrifað um hana lag með klúrum texta.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Jessica fær lag um sig

Poppdrottningin Jessica Simpson á ekki auðvelt líf þessa dagana því strákarnir í sjónvarpsþættinum Jackass hafa nú samið um hana lag með klúrum texta sem mun koma í þættinum innan skamms. Söngkonan á að hafa verið með Bam Margera, einum af Jackass-strákunum, eina nótt og bráðum fær allur heimurinn að vita hvað gerðist þessa nótt. Jackass-strákarnir vilja ekki gefa neitt út á innihald textans en segja hann ekki vera fjölskylduvænan. Simpson skildi nýverið við eiginmann sinn Nick Lachey eins og kunnugt er og hefur greinilega verið iðin við kolann í strákamálum síðan þá.

**Geggjuð grínmynd!**

Owen Wilson, Kate Hudson, Matt Dillon, Michael Douglas

**You, Me and Dupree**

**600** kall miðinn frá 28. ágúst til 3. september!

**MasterCard**

Lauflett gamanmynd með þeim Matt Dillon, Kate Hudson og Owen Wilson í aðalhlutverk. Dillon og Hudson leika Carl og Molly sem gætu ekki verið hamingjusamari. Þau eru ung, nýgift og njóta velgengni í vinnunni.

Owen Wilson leikur Randy Dupree, besta vin Carl, sem skröpaði í vinnunni til að komast í brúðkaupið þeirra, en missti bæði vinnuna og íbúðina í kjölfarið. Eftir slíka fórn bjóða Carl og Molly honum að sjálfsgöðu að búa hjá sér á meðan hann kemur undir sig fótunum aftur, en það gæti orðið dyrkeyptara en þau héldu!

Myndin verður sýnd í Laugarásbíói, Sambíóunum Álfabakka, Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri

**Dagana 28. ágúst - 3. september 2006 færðu miðann á 600 kr. gegn því að greiða með MasterCard.**

**Borgarbíó** **LAUGARAS BÍÓ** **ÁLFABAKKA SAMBÍÓUN**

Meira á [www.kreditkort.is/klubbar](http://www.kreditkort.is/klubbar)

## Leyndarmálinu lekið út

Bandaríska idolstjarnan Jesse McCartney, sem hefur tekið að sér hlutverk Lucy Ewing í kvikmynd sem verður byggð á sjónvarpsþáttunum vinsælu Dallas, var spurð að því um daginn í útvarpsþætti af hverju Jennifer Lopez hætti við að leika í myndinni. „Nú hún hætti ekki við. Hún er ólétt,“ svaraði Jesse en sneri sér svo að aðstoðarkonu sinni og spurði hvort hún hefði ekki mátt segja þetta. Lopez hefur ekki ennþá staðfest þennan orðróm en hún hefur lengi verið að reyna að eignast barn með manni sínum, Marc Anthony söngvara.



**JENNIFER LOPEZ** Leyndarmáli hennar virðist hafa verið ljóstrað upp því samleikari hennar í Dallas sagði hana vera ólétt og þess vegna hafi hún hætt við að taka þátt í endurgerðinni á sjónvarpsþáttunum vinsælu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Úr dönsku neðanjarðarbyrgi

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Stuttu eftir að ég var búinn að sannfæra sjálfan mig að það væri lítið spennandi að gerast í Danmörku tónlistarlega séð fæ ég þessa gruggugu plötu í hendurnar. Þetta hljómar eins og þetta komi beint úr kjallara Listaháskólans í Kristjaníu, ef hann væri til. Það er svolítið erfitt að setja alla þá tónlist sem er hér undir eina stefnu. Þetta er allt frekar hæg og fljótandi tónlist en sveitin hugar ekki við að fara frá heilsteyptum lögum með Portishead-grúfi og fallegru melódíu yfir í Einstürzende Neubauten-lega tilraunasúpu þar sem strengjaktartett leikur stef úr þriðju símfóníu Gorecki yfir skítuga raftakta og brotajárn ásláttis. Allt hljómar þetta temmlega reykfyllt og afar smekklegt. Þau nota líka glás af áhugaverðum

hljóðfærum á borð við þeramín, stáltrommur frá Jamaíka, strengi og klukkuspil.

Söngkonan hefur svo mjög aðlaðandi rödd. Hún raular öll lögin hljóðlega með miklum andardrætti og minnr á köflum bæði á Beth Gibbons úr Portishead og Björk „okkar“ Guðmundsdóttur. Hún kóperar þó hvoruga, en það kæmi mér ekki á óvart ef hún hefur hlustað mikið á báðar.

Þetta er svolítið tilfinningalega þung tónlist. Frekar sprottn úr myrkri en ljósi, þannig að það er ekki verra að vera örllítið blúsaður eða vonlaus út í tilveruna áður en maður byrjar að hlusta. En hvernig sem lítið er á það er þetta mjög falleg tónlist. Kannski heyrirðu fegurðina í depurðinni eða í listrænum útsetningum og tjáningu. Eða þá í Sigur Rós-legum tóktunum eftir að lögin brotna yfir í þyngra rokk. Þó alltaf með örllítið fjögurari hrynjanda en sú þjóðareign.



UNDER BYEN

SAMME STOF SOM STOF

**Níðurstaða:** Nýjasta breiðskífa Under Byen er listavel gerð. Draugalegt, skitugt en fallett sveimrokk með frábærum söng ofan á.

Þetta er tónlist kjörin fyrir draugalegar bíómyndir, afbragðs skífa frá listamönnum sem tjá sig frá kjarna sínum.

Birgir Örn Steinarrson



**ÁLFABAKKA**

YOU, ME AND DUPREE	KL. 3:40-5:50-8-10:10	LEYFD
YOU, ME AND DUPREE VIP	KL. 3:40-5:50-8-10:10	
LADY IN THE WATER	KL. 5:45-8-10:20	B.I. 12
5 CHILDREN & IT	KL. 4-6	LEYFD
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 5-7-8-10	B.I. 12
THE LONG WEEKEND	KL. 8	B.I. 14
OVER THE HEDGE ísl. tal	KL. 3:45	LEYFD
OVER THE HEDGE enskt. tal	KL. 10:10	LEYFD
BÍLAR ísl. tal	KL. 3:45	LEYFD

**KRINGSLUNNI**

*LADY IN THE WATER	KL. 6-8-10-10:30	B.I. 12
5 CHILDREN & IT	KL. 6	LEYFD
MIAMI VICE	KL. 8-10:45	B.I. 16
*PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 8-10:45	B.I. 12
*OVER THE HEDGE ísl. tal	KL. 6	LEYFD

**KEFLAVÍK**

SNAKES ON A PLANE	KL. 8-10:10	B.I. 16
THE SENTINEL	KL. 8	B.I. 14
HALF LIGHT	KL. 10:10	B.I. 16

**AKUREYRI**

5 CHILDREN & IT	KL. 6	LEYFD
LADY IN THE WATER	KL. 8-10:20	B.I. 12
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 6-9	B.I. 12

**ÁLFABAKKA**

YOU, ME AND DUPREE	KL. 5:50-8-10:10	LEYFD
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 5:30-7-8:30-9-10:30	B.I. 12
SUPERMAN RETURNS	KL. 5:30-8:30	B.I. 10
THE BREAK UP	KL. 5:30	LEYFD

SAMBÍÓIN SIMI: 575-8900 www.sambioin.is HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

## Bruckheimer styður Cruise heils hugar

Fáir eru jafnmikið í fréttum um þessar mundir og stórstjarnan Tom Cruise en eins og greint er frá hér annars staðar í blaðinu var hann kosinn mesta karlremban í Hollywood. Cruise var á dögnum rekinn frá kvikmyndafyrirtækinu Paramount og var ástæðan sögð sú að undarleg hegðun leikarans hefði neikvæð áhrif á aðsóknina á kvikmyndir hans.

Framleiðandinn Jerry Bruckheimer telur þó að Summer Redstone, yfirmaður Paramount, hafi gert alvarleg mistök en Bruckheimer hefur framleitt kvikmyndir á borð við Con Air og Pirates of the Caribbean. Redstone lýsti því yfir á miðvikudaginn að hopp Cruise á sófanum hjá Oprah, ófgafullur stuðningur hans við Vísindakirkjuna og

meiðandi yfirlýsingar í garð leikkonunnar Brooke Shields hefðu verið listrænt sjálfsmorð. Bruckheimer telur að Tom Cruise verði ávallt ein stærsta stjarna heims en þeir unnu saman við gerð myndarinnar Top Gun sem skaut Cruise upp á stjórnuhimininn. „Redstone má segja hvað sem hann vill en ég hefði gert hlutina öðruvísi. Tom Cruise verður alltaf stærsta kvikmyndastjarna heims og það breytist ekki neitt.“



**BRUCKHEIMER** Er sannfærður um að vinsældir leikarans hafi ekkert dvínað.

**TOM CRUISE** Hefur átt erfitt uppráttar að undanförmu.

## Schwarzenegger semur

Arnold Schwarzenegger hefur samið við bresku sjónvarpskonuna Önnu Richardson um mála-lyktir í máli sem hún höfðaði gegn honum. Sjónvarpskonan hélt því fram að ríkisstjórnin í Kaliforníu hefði gripit í brjósti hennar á blaðamannafundi og var málið allt hið vandræðalegasta fyrir Schwarzenegger sem er kvæntur sjónvarpsfréttakonunni Marie Shriver. Richardson og Schwarzenegger hafa samið um endalok málsins þannig að þau eru bæði sátt við niðurstöðuna en hafa ekki gefið frá sér opinbera yfirlýsingu. Fjölmíðlafulltrúi leikarans, Sheryl Main, staðfesti þessa niðurstöðu við fjölmíðla en sagðist ekki geta tjáð sig meira um málið að



**LAUS ALLRA MÁLA** Arnold Schwarzenegger hefur samið við sjónvarpskonuna Önnu Richardson. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

svo stöddu. „Við erum öll ánægð að þetta mál er fyrir bí,“ sagði Main.

## Madonna léleg í Danmörku

Tónleikaferð poppdívunnar Madonna hefur verið mikið til umfjöllunar í erlendum fjölmiðlum enda gengst poppdrottningin upp í því að hneyskla viðstadda. Frændur okkar Danir voru ekki þar hrifnir af frammistöðu hennar.

Tónlistargagnrýnendur danskra fjölmiðla létu gamminn geysa í gær eftir tónleika Madonna í Horsens á Jótlandi. Eru þeir sammála um að frammistaða hennar hafi valdið vonbrigðum og eins fá tónleikaskipuleggjendur skömm í hattinn því lítill hluti tónleikagesta á að hafa séð almennilega upp á svið. Hjóðkerfið var ekki upp á marga fiska og því yfirgnæfðu harmakvein pirraðra tónleikagesta tónlistina. Fá tónleikarnir aðeins eitt hjarta af sex í gagnrýni Politiken og segir þar að réttast væri að endurgreiða miðana líkt og gert er í bíó þegar film-an bílar, en miðarnir kostuðu 700 danskar krónur. Ekstrablaðið



**KROSSFESTINGIN** Fór ekki fyrir brjóstið á dönskum áhorfendum enda sagði Politiken að réttast hefði verið að endurgreiða miðana vegna slakrar frammistöðu poppdívunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**LÉLEG GÆÐI** Hjóðkerfið sveik áhorfendur og sýning Madonna minnti á leikverk þar sem ekki gafst neitt svigrúm til að breyta út af. Þá missti ræða Madonna um stjórnsmál og trúarbrögð algjörlega marks að mati gagnrýnanda Berlingske tidende.

segir tónleikana hafa verið hneyksli og segist finna til með Rolling Stones sem þurfi að standa á þessu sama sviði í næstu viku. Samúðin sé þó enn meiri með addendum hljómsveitarinnar sem þurfi að sætta sig við svo slæman aðbúnað. Blaðamaður Berlingske tidende er ögn jákvæðari og gefur sviðinu sjálfu fullt hús en söngkonunni aðeins tvær. Segir hann tónleikana hafa minnt

á leiksýningu þar sem allt er þaulæft og engin leið að fara út fyrir handritið. Eins hafi predikun hennar um trúarbrögð og stjórnsmál misst marks.

En veitingamenn og búðareigendur í Horsens eru vafalítið sáttir við sitt enda ruku Madonnuréttirnir, brauðin og kokkteilanir út fyrir tónleikana. Þó frammistaða söngkonunnar hafi sennilega spilt fyrir sölu eftir þá.

- ks

**SENDU SMS JA GBV Á NÚMERIÐ 1900 ÞÚ GÆTIR UNNID! VINNINGAR ERU DVD SPILARI, BÍÓMÍÐAR FYRIR TVÖ, DVD MYNDIR, VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI OG MARGT FLEIRA**

**9. HVER VINNUR!**

**TVÖFALT FYNDNARI! TVÖFALT BETRI!**

# GRETTIR 2

**FRUMSÝND 25. ÁGÚST UM LAND ALLT MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI**

WINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPVOGL. MED ÞVI AD TAKA ÞATT ERTU KOMINN Í SMS KLÓBB. 99 KR/SKEYTID.





### FH bikarmeistari

FH varð um helgina bikarmeistari í frjálsum íþróttum en þetta var í þrettánda sinn í röð sem Hafnfirðingar fagna sigri á mótinu. Breiðablik varð í öðru sæti.

# sport

sport@frettabladid.is

## 1. DEILDARLIÐ LEIKNIS ÚR BREIÐHOLTI: SÓKNARMENNIRNIR HAFNA TÝNT MARKASKÓNUM

# Leiknir hefur ekki skorað í 526 mínútur

Sumarið hefur verið mjög furðulegt hjá 1. deildarliði Leiknis. Liðið hóf leiktíðina mjög vel og gott gengi liðsins kom mörgum skemmtilega á óvart. Það var ekki bara að liðið væri að hala inn stig heldur skoraði það fjölda marka og flest mörk allra liða í fyrri hluta 1. deildarinnar. Það eru ólíkir tímar núna því sóknarmenn liðsins virðast hafa týnt markaskónum. Liðinu hefur ekki tekist að skora í síðustu fimm leikjum sínum og það eru 526 mínútur síðan Einar Örn Einarsson skoraði síðast fyrir liðið en það var í 2-3 tapleik gegn Fram þann 21. júlí síðastliðinn.

„Þetta er ekki skemmtilegt ástand,“ sagði Garðar Gunnar Ásgeirsson, þjálfari Leiknis. „Það vantar ekki að menn skori á æfingum og fái færi í leikjum.“

Það virðist bara ekki vera hægt að koma blöðrunni yfir blessaða línuna. Það má samt ekki gleyma að við höfum haldið markinu hreinu í fjórum af þessum fimm leikjum og það er mjög jákvætt.“ Leiknir er í sjöunda sæti 1. deildarinnar eftir sextán leiki og svo gott sem búið að bjarga sér frá falli en aðeins eitt lið fellur úr deildinni í sumar. Það sem vekur einnig athygli við markapurðina er sú staðreynd að félagið hefir endurheimt markaskoraran Jakob Spangsberg á þessu tímabili en hann kom aftur frá Val og


bjuggust margir við því að þá myndi mörkunum byrja að rigna en það er ekki og Jakob á enn eftir að skora fyrir liðið í sumar.

„Þetta er örugglega ekkert auðvelt fyrir framherjana en ég óttast ekkert á meðan við höldum áfram að skapa okkur færi,“ sagði Garðar en hann segist ekki hafa íhugað að beita einhverjum óhefðbundnum aðferðum til að leysa markavandræðin.



### > Birgir í fimmta sæti

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson stóð sig mjög vel á Ecco-mótinu í Danmörku um helgina en mótið er liður í áskorendamótaröðinni. Birgir Leifur hafnaði í fimmta sæti mótsins ásamt Englendingnum Sam Walker en báðir léku þeir hringina fjóra á 14 höggum undir pari. Sigurvegarinn, James Heath frá Englandi, lék á 19 höggum undir pari. Hann lék jafnt golf alla dagana en fyrstu tvo dagana kom hann í hús á 66 höggum en síðari dagana kom hann í hús á 67 höggum.



DAVID TREZEGUET Gæti verið á förum frá Juventus. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

David Trezeguet:

## Orðaður við Man. Utd

**FÓTBOLTI** Brunaútsölnunni hjá Juventus er hugsanlega ekki lokið þrátt fyrir fögur loforð um annað því fransk landsliðsframerjinn David Trezeguet var orðaður við Manchester United í fíftösklu blöðunum um helgina. Ítalskir fjölmiðlar halda því fram að þegar sé byrjað að funda um kaupin á framherjanum.

United er enn á höttunum eftir framherja þar sem skarð Ruuds Van Nistelrooy, sem fór til Real Madrid, hefur ekki enn verið fyllt. United er ekki eina liðið sem hefur áhuga á Trezeguet því frönsku meistaramenn í Lyon eru einnig taldir vera að undirbúa tilboð í Frakklandi. - hbg



THOMAS GRAVESEN Fær ekki að spila með Real Madrid. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Thomas Gravesen:

## Óttast um framtíðina

**FÓTBOLTI** Danski landsliðsmaðurinn Thomas Gravesen óttast mjög að hann verði læstur inni hjá Real Madrid þar sem ekki er enn búið að ganga frá sölu eða láni á honum til annars félags en hann á enga framtíð hjá Madrídará-liðinu eftir að Fabio Capello tók við liðinu.

Gravesen hefur staðfest að Celtic, Newcastle, Bolton, Middlesbrough og hans gamla félag, Everton, hafi öll áhuga á sér en það hefur ekki skilað neinu hingað til.

„Ég óttast að vera fastur hér án þess að spila og ekki gera það sem ég elska mest. Vonandi fara hlutirnir að smella. Það eru víðræður í gangi og ég verð að vona það besta,“ sagði Gravesen. - hbg

# Hvað gerir „Bikar-Höski“ gegn Keflavík í kvöld?

Höskuldur Eiríksson, fyrirlíði Víkings, verður undir smásjanni í leik Víkings við Keflavík í kvöld en hann hefur skorað grimmt í bikarnum. Einnig verður áhugavert að fylgjast með rimmu Daníels Hjaltasonar og Guðmundar Mete.

**FÓTBOLTI** Í kvöld mætast Víkingur og Keflavík í undanúrslitum VISA bikarkeppni karla í knattspyrnu. Leikurinn byrjar kl. 20.00 og er á Laugardalsvelli.

Víkingar hafa farið þrengslin á leið sinni í undanúrslitum. Í 16 liða úrslitum mættu þeir Íslandsmeisturum FH í Kaplakrika og unnu þann leik 2-1 þar sem Höskuldur Eiríksson, fyrirlíði Víkings, skoraði bæði mörk liðsins.

Í 8 liða úrslitum mættu Víkingar Valsmönnum þar sem lokatölur urðu þær sömu og gegn FH, 2-1. Aftur var það Höskuldur Eiríksson sem kom liði sínu áfram, skoraði sigurmarkið eftir að Daníel Hjaltason hafði jafnað leikinn fyrir Víkinga. Höskuldur er því ekki kallaður annað en „Bikar-Höski“ þessa dagana og verður spennandi að fylgjast með honum í kvöld.

Ekki verður síður spennandi að fylgjast með rimmu Daníels Hjaltasonar, framherja Víkings, og Guðmundar Mete, varnarmanns Keflavíkur, en Daníel fór ófögurum orðum um Guðmund á heimasíðu sinni á dögunum og ásaði hann um alls kyns fautasþap á vellið sem og að hafa hóttað sér lífláti.

Keflvíkingar mættu Leikni Reykjavík á útivelli í 16 liða úrslitum og sigruðu örugglega 3-0. Stefán Örn Arnarson skoraði tvö mörk í leiknum og Guðmundur Steinarsson eitt.

Keflvíkingar fóru svo upp á Skaga í 8 liða úrslitum og mættu ÍA í hörkuleik. Guðmundur Steinarsson skoraði tvö mörk og þeir Þórarinn B. Kristjánsson og Símun E. Samuelsen sitt markið hvor í 4-3 sigri Keflvíkinga.

„Ég held að þetta verði þræl-skemmtilegur leikur og ég hlakka til að takast á við þetta verkefni,“ sagði Höskuldur Eiríksson, fyrirlíði Víkings.

Höskuldur sagðist hálfpartinn



FYRIRLIÐARNIR Guðmundur Steinarsson, fyrirlíði Keflavíkur, til vinstri, og Höskuldur Eiríksson, fyrirlíði Víkings, verða í lykhillutverkum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vorkenna Keflvíkingunum því Víkingar ætli sér að mæta mjög grimmir í þennan leik eftir að hafa fengið á sig mark á síðustu sekúndunum í leik liðsins gegn Grindavík í síðustu viku.

„Þetta leggst bara vel í mig og ég á von á mjög skemmtilegum leik. Þetta eru búnir að vera mjög spennandi leikir á milli liðanna í deildinni í sumar,“ sagði Guðmundur Steinarsson, fyrirlíði

Keflvíkinga.

Keflvíkingar léku illa í síðasta leik gegn ÍA í deildinni en Guðmundur sagði að Keflvíkingar væru staðráðnir í að taka sig saman í andlitinu. „Allir leikmenn okkar átta sig alyg á því hvað fór úrskeiðis gegn ÍA og það er mjög einfalt að laga það. Við mætum endurnærðir og hungraðir í þennan leik,“ sagði Guðmundur að lokum. dagur@frettabladid.is

Íslenska landsliðið í körfubolta varð í þriðja sæti á æfingamóti í Hollandi:

# Tap fyrir Svíum í lokaleiknum í Hollandi

**KÖRFUBOLTI** Íslenska landsliðið hefur undanfarna daga tekið þátt í æfingamóti í Hollandi en því lauk um helgina. Lokaleikur liðsins var viðureign við frændur vora Svía og höfðu Svíarnir betur, 63-75. Ísland varð þar með í þriðja sæti á mótinu en liðið lagði Belgíu en tapaði fyrir Hollandi og Svíþjóð.

Leikurinn gegn Svíum tapaðist í öðrum leikhlutum en þá voru okkar menn úti að aka og töpuðu leikhlutunum stórt, 9-23, en Ísland var yfir eftir fyrsta leik-

hluta, 19-14. Sigurður Ingimundarson landsliðsþjálfari var duglegur að dreifa álaginu í leiknum en enginn leikmaður spilaði meira en 21 mínútu að því er fram kemur á heimasíðu Körfuknattleikssambandsins. Jón Arnór Stefánsson var stigahæstur í íslenska liðinu með 12 stig og Fannar Ólafsson kom næstur með 10 stig. Logi Gunnarsson skoraði 9 og Jakob Sigurðarson 8.

Það er skammt stórra högga á milli hjá landsliðinu því það hélt

rakleitt til Dublin á Írlandi eftir mótið en það spilaði við Norðmenn í gær og leikur síðan við Íra í dag.

Leikurinn við Íra er síðasti leikurinn í undirbúningi liðsins fyrir Evrópukeppnina. - hbg

JÓN ARNÓR STEFÁNSSON Var stigahæstur gegn Svíum en Ísland hafnaði í þriðja sæti á æfingamóti í Hollandi.



JOSE ANTONIO REYES Er með heimþrá. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Jose Antonio Reyes:

## Arsenal-ferlinum er lokið

**FÓTBOLTI** Ef eitthvað er að marka spænska landsliðsmanninn Jose Antonio Reyes þá hefur hann leikið sinn síðasta leik í búningi Arsenal. Hann hefur margoft lýst yfir áhuga sínum á því að fara aftur heim til Spánar og bæði Real og Atletico Madrid hafa gert tilboð í hann en án árangurs.

Á meðan ekki berst nógu gott tilboð í hann verður hann áfram í herbúðum félagsins. Hann hefur samt ekkert leikið með liðinu á leiktíðinni og það mun ekki breytast eftir því sem hann segir.

„Það sem ég vil er að komast til Spánar. Ég mun ekki spila aftur á Englandi. Ég vil komast heim og er í raun sama hvort ég spila með Real Madrid, Atletico Madrid eða Sevilla. Ég vil bara komast heim,“ sagði Reyes sem virðist vera orðinn þunglyndur yfir ástandinu. Sevilla er hans gamla félag en það hefur ekki enn sent inn tilboð í kappann en hann virðist vera tilbúinn að leika hvar sem er svo framarlega sem það sé á Spáni en ekki á Englandi.

Hann gæti samt verið að lenda í vondum málum því leikmannamarkaðurinn lokar um mánaðamótin og eftir því sem Arsenalmenn segja hafa tilboðin sem þegar hafa komið verið nokkuð frá því sem þeir séu að hugsa um. - hbg







ROY KEANE Búist er við að hann verði kynntur sem nýr stjóri Sunderland í dag.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Roy Keane:

## Mætti á æfingu í gær

**FÓTBOLTI** Roy Keane mætti á æfingu hjá Sunderland í gær ásamt stjórnarformanninum Naill Quinn. Keane var ekki þar sem leikmaður heldur er talið að Naill Quinn hafi verið að kynna hann fyrir hópnunum, en Roy Keane hefur mikið verið orðaður við stöðu knattspyrnustjóra hjá Sunderland síðustu daga.

Keane hefur ekki skrifað undir samning en búist er við að það gerist þó fyrir leik Sunderland og WBA í kvöld. Ef Keane tekur við liðinu er ljóst að hans bíður erfitt verkefni en Sunderland hefur tapað fjórum fyrstu leikjum tímabilsins.

- dsd

Reykjavík Open:

## Haukar unnu hjá körlunum

**HANDBOLTI** Haukar báru sigurorð af HK í úrslitaleik Reykjavík Open sem fram fór um helgina með 31 marki gegn 27.

Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, var að vonum sáttur með sigurinn á mótinu og sagði að handboltinn sem spilaður var á þessu móti hafi verið nokkuð góður miðað við það að liðin séu aðallega búin að vera að vinna í líkamlega þættinum á æfingum til þessa. „Ég er sáttur við hópinn eins og hann er og þetta er sá hópur sem ég ætla að vera með,“ sagði Páll. Hann gagnrýndi samt sem áður tímasetninguna á þessu móti og sagði það vera alltof snemma.

Undir þá gagnrýni tók Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK. „Það er mánuður í mót og að mínu mati er þetta mót 2 vikum of snemma,“ sagði Gunnar. Hann var samt sáttur við sína menn á mótinu en bætti því við að von væri á rússneskum línumanni í næstu viku og þá væri endanlegur hópur klár fyrir veturinn hjá HK.

- dsd



GARETH BARRY Sáttur við Martin O'Neill.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Gareth Barry:

## Framlengir við Aston Villa

**FÓTBOLTI** Gareth Barry hefur bundið enda á allar vangaveltur um framtíð sína og skrifað undir nýjan samning við Aston Villa sem gildir til ársins 2010. Hann var mjög eftirsóttur í sumar og flestir sparspekningar voru á því að hann myndi yfirgefa Villa Park en af því verður ekki.

„Þetta eru búnir að vera langir mánuðir og ég er mjög ánægður með að hlutirnir séu komnir á hreint,“ sagði Barry í gær. „Það að Martin O'Neill sé orðinn stjóri hjá Villa hafði stór áhrif á ákvörðun mína að vera áfram hjá félaginu. Ég tel að félagið sé komið með réttan stjóra sem geti farið lengra með liðið.“

- hbg

Mikil spenna í Tyrklandskeppakstrinum:

## Fyrsti sigur Massa og Alonso jók forskotið

**FORMÚLA 1** Það var mikil spenna í Tyrklandskeppakstrinum í gær en eftir magnaðan keppastur var það Felipe Massa sem fagnaði sigri. Hann fagnaði mikið og Spánverjinn Fernando Alonso fagnaði einnig vel og innilega enda kom hann í mark annar og rétt á undan Michael Schumacher og er því 12 stigum á undan Þjóðverjanum í stigakeppni okumanna.

„Þetta var frábær dagur fyrir mig. Þegar ég hugsa um allt sem ég gerði til að komast hingað þá verð ég mjög glaður,“ sagði til-

finningaríkur Massa eftir keppnina.

Aðeins eru fjórar keppnir eftir á tímabilinu og Schumacher á verk fyrir höndum ef hann ætlar að endurheimta heimsmeistaragnina af Alonso. Hann vildi lítið tala um það eftir keppnina og ákvað þess í stað að hrósa liðsfélaga sínum hjá Ferrari.

„Felipe stóð sig frábærlega. Þetta er eitt af því góða við þetta lið, ef einhver klárar ekki dæmið þá er annar til staðar sem gerir það,“ sagði Schumacher.

- hbg



FÖGNUMUR Felipe Massa fagnaði ógurlega sínum fyrsta sigri í Formúlu 1-keppakstrinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# VISA BIKARINN

Forsala aðgöngumiða er á [www.midi.is](http://www.midi.is)

Almennt verð fyrir 17 ára og eldri er 1.500 kr.  
Ef greitt er með VISA kreditkortu er miðinn á 1.200 kr.  
Verð fyrir 11-16 ára er 300 kr. og frítt er fyrir 10 ára og yngri.

## UNDANÚRSLIT KARLA

**Víkingur R. – Keflavík**

Mánudaginn 28. ágúst 2006  
Laugardalsvöllur kl. 20:00

**Próttur – KR**

Þriðjudaginn 29. ágúst 2006  
Laugardalsvöllur kl. 20:00

# VISA styður íslenska boltann



Netleikur á [www.visa.is/bikarleikur](http://www.visa.is/bikarleikur)

Utanlandsferð í vinning og fjöldi glæsilegra aukavinninga.

Bikarleikur þar sem spáð er um úrslit leikja er á [www.visa.is/bikarleikur](http://www.visa.is/bikarleikur) í verðlaun eru utanlandsferð fyrir tvo auk fjölda glæsilegra aukavinninga.





Valur skaust upp í annað sæti Landsbankadeildarinnar eftir sigur á arfaslökum Fylkismönnum:

# Fylkismenn komnir í bullandi fallbaráttuslag

**FÓTBOLTI** Fylkismenn eru í miklum vandræðum eftir 0-1 tapleik gegn Valsmönnum á heimavelli í gær. Liðið hefur ekki náð miklu úr síðustu leikjum sínum og af leik liðsins að dæma í gær er það einfaldlega ekki líklegt til frekari afreka á vellinum í haust. Valsmenn einbeittu sér að varnarleiknum í gær og uppskárú dýrmæt þrjú stig.

„Við vorum slakir í fyrri hálfleik og komum betur inn í leikinn í seinni hálfleik og stjórnuðum honum að miklu leyti,“ sagði Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, og



**SIGURMARKIÐ** Barry Smith fagnar hér markinu sínu í Árbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

var heldur niðurlútur að leik loknum. „Við bara nýttum ekki þau færi sem við fengum í leiknum til að skora mark og er það ekki í fyrsta skiptið í sumar. Við spiluðum ekki vel í dag en við mætum liði sem leggur áherslu á að drepa leikinn niður, hanga til baka og grenja í grasinu. Ég hef aldrei mætt jafn slæmu liði hvað þetta varðar áður. En þeir komust upp með þetta og unnu leikinn. Þetta greinilega virkar fyrir þá,“ sagði Leifur.

Það er óvarlega áætlað að segja að leikur Fylkis og Vals hafi verið einn verstur leikur sumarsins. Það var hreint með ólíkindum að sjá leikmenn beggja liða framkvæma hvert klúðrið á fætur öðru enda bauð spil og samleikur manna ekki upp á mikið. Síendurteknar háloftasendingar og illa útfært miðjuspil var einkennandi fyrir leikinn sem og klaufangangur sóknarmanna þegar upp að marki andstæðingsins var komið. Átti þetta sérstaklega við um Fylkisliðið.

Valsmenn áttu nokkrar ágætar sóknir í leiknum og var Matthías Guðmundsson nærri því að skora

í þau skipti. Það var þó varnarmáðurinn Barry Smith sem skoraði eina mark leiksins þegar Fjalar Þorgeirsson, markvörður Fylkis, kýldi boltann beint fyrir framan fætur hans í glórulausu úthlaupi. Smith skoraði í autt markið.

Fjalar átti reyndar afleitan dag og var stálheppinn að hafa ekki fengið fleiri mörk á sig og einnig var hann í tvígang afar nálægt því að handleika knöttinn utan vítateigs. Bjarni Halldórsson varmarkvörður átti fina innkomu í síðasta leik Fylkis og hlýtur að gera tillakk til byrjunarliðsætis í næsta leik.

Gamli Fylkismaðurinn hinum megin á vellinum, Kjartan Sturluson, steig ekki feilspor í leiknum en það reyndi heldur ekki mikið á hann. Þeir Albert Ingason og Haukur Ingi Guðnason áttu bestu færi heimamanna með skömmu millibili í síðari hálfleik en í bæði skiptin fór boltinn hárfínt fram hjá marki Vals.

„Þetta var vinnusigur og afar ljúfur sigur. Nú erum við í 2. sæti og endanlega lausir við fallhætt-



**BARÁTTA** Það var fast tekist í þegar Fylkir tók á móti Val og hér tæklar Valsarinn Baldur Aðalsteinnsson einn leikmanna Fylkis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

una. Það er mikill léttir og er mikil gleði í hópnum,“ sagði Matthías Guðmundsson Valsari. „Deildin býður upp á svona leiki enda spennan mikil í neðri hluta deildarinnar. Núna ætlum við að berjast fyrir því að halda 2. sætinu.“

„Við þurfum á sigrinum að halda og var ég að vonast til að hann hefði komið í dag,“ sagði Leifur. „Við erum enn í fallhættu og þurfum við að gera okkur betur grein fyrir því.“

- esá

	<b>1-1</b>	
<b>FH</b>		<b>Breiðablik</b>
Kaplakrúavöllur, áhorf.: 2.490 Ólafur Ragnarsson (8)		

0-1 Olgeir Sigurgeirsson (39.)  
1-1 Allan Dyring (90.)

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16-6 (6-4)
Varin skot	Daði 3 - Hjörvar 5
Hörn	12-3
Aukaspjrnur fengnar	11-15
Rangstöður	3-0

FH 4-3-3	BREIÐAB. 4-5-1
Daði Lárússon 7	Hjörvar Hafliða 8
Ásgeir Gunnar 6	Árni Kristinn 7
Tommy Nielsen 7	Guðmann Þóris 8
Ármann Smári 7	Gasic 7
Hermann Alberts 6	Stig Haaland 7
(73. Atli Guðna. -)	Podzemsky 7
Sigurvin Ólafsson 3	Arnar Grétars. 6
(83. Dyring -)	<b>Olgeir Sigurgeirs. 8</b>
Baldur Bett 2	Kristján Óli 3
Dennis Siim 3	Steinþór Freyr 4
Ólafur Páll Snorra 2	Ellert Hreins 5
Tryggvi Guðm. 4	(59. Ragnar Heimir 4)
André Lindbaek 2	(80. Magnús Páll -)

\*Maður leiksins

	<b>0-1</b>	
<b>Fylkir</b>		<b>Valur</b>
Fylkisvöllur, áhorf.: 1.015 Eyjólfur Kristinnsson (5)		

0-1 Barry Smith (34.)

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-9 (2-2)
Varin skot	Fjalar 1 - Kjartan 2
Hörn	5-1
Aukaspjrnur fengnar	15-18
Rangstöður	2-2

FYLKIR 4-3-3	VALUR 4-4-2
Fjalar 3	*Kjartan Sturlu. 7
Arnar Þór 4	Steinþór Gísla. 7
Guðni Rúnar 5	Barry Smith 7
Ragnar Sig. 6	Atli Sveinn 6
Þóris Hannes. 5	Birkir Már 7
Páll Einarsson 2	Baldur Ingimar 6
(81. Hermann Aðal. -)	Sigurbjörn Örn 5
Ólafur Stígs. 3	(90. Þorvaldur M. -)
Eyjólfur Héðins. 4	Pálmi Rafn 4
Sævar Þór 4	Kristinn Hafliða 4
Haukur Ingi 3	Guðmundur Ben. 3
Albert Brynjar 3	(87. Örn Kató -)
	Matthías Guðm. 6

\*Maður leiksins

## STAÐAN Í LANDSBANKAÐEILDINNI

FH	15	9	4	2	25-12	31
VALUR	15	6	6	3	22-14	24
KR	15	7	2	6	17-25	23
KEFLAVÍK	15	6	4	5	27-16	22
VÍKINGUR	15	5	5	5	20-12	20
FYLKIR	15	5	4	6	20-21	19
GRINDAVÍK	15	4	6	5	22-20	18
BREIÐABLIK	15	5	3	7	22-29	18
ÍA	15	5	2	8	20-25	17
ÍBV	15	4	2	9	13-34	14

# Tvö töpuð stig hjá Breiðablik

FH fagnaði ekki sigri á Íslandsmótinu í gær en meistarnir voru afsþyrnuslakir gegn Blikum á heimavelli. Gestirnir úr Kópavogi voru klaufar og hefðu hæglega getað tryggt sér öll stigin þrjú í 1-1 jafntefli.

**FÓTBOLTI** Það var frítt í Kaplakrúkann í gær og var engu líkara en leikmenn tækju það sem svo að þeir ættu ekki að bjóða áhorfendum upp á nokkurn skapaðan hlut. Fyrstu 20 mínútur leiksins eru hugsanlega einhverjar leiðinlegustu mínútur í sögu Landsbankadeildarinnar.

Það gerðist nákvæmlega ekki neitt þessar mínútur og bestu tilþrifin átti Guðmundur Árni Stefánsson, sendiherra og fyrrum formaður knattspyrnudeildar FH, þegar hann sporðrenndi einni pylsu með öllu á listilegan hátt og var rétt rúma mínútu að verkinu. Vel að verki staðið hjá sendiherranum. Eins gaman og það var að fylgjast með honum var jafn sorglegt að fylgjast með úrvalsdeildarleikmönnum eiga í vandræðum með 3 metra sendingar. Þetta var í einu orði sagt grátlegt.

Fyrsta skottíraun leiksins kom á 21. mínútu þegar Olgeir Sigurgeirsson skaut yfir FH-markið. Það kom eins og þruma úr heiskíru lofti þegar Blikar tóku forystuna sex mínútum fyrir hlé. Árni Kristinn átti þá góðan sprett upp hægri kantinn, hann renndi boltanum á Olgeir sem skoraði með laglegu innanfótarskoti.

Þegar rúmur klukkutími var



**FELLUR ÞETTA MARK BLIKA?** Hjörvar Hafliðason horfir hér á eftir boltanum í netið í upp-bótartíma í gær. Blikar misstu þarna af tveim dýrmætum stigum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

liðinn fengu Blikar tvö dauðafæri sem nýttust ekki og það átti eftir að koma í bakið á þeim.

Eftir færin ákváðu Blikar einhverra hluta vegna að pakkja í vörn. Furðuleg ákvörðun því þeir voru með leikinn í höndunum. FH byrjaði að stýra umferðinni en skapaði ekki neitt af viti og eina

hættan kom úr langskotum. Undir lokin komu dauðakippir hjá FH. Tommy Nielsen fékk dauðafæri á 88. mínútu og jöfnunarmarkið lá í loftinu. Það kom í upp-bótartíma þegar varamaðurinn Allan Dyring, sem hefur meira minnt á langhlaupara en knattspyrnumann í sumar, skallaði í netið eftir

hornspyrnu. Blikar ætluðu allan tímann að liggja til baka og þeirra leikaðferð gekk nánast upp. Hjörvar var öruggur í markinu, Guðmann frábær í miðri vörninni og Olgeir drifkafturinn þar fyrir framan. Meiri trú vantaði á eigin getu og hefði hún verið til staðar hefðu Blikar stungið af með öll stigin í pöknum.

FH-ingar voru mjög slakir í þessum leik en fá samt stig og það segir sitt um liðið. Það hefur mikil deyfð verið yfir FH síðustu vikur og leikmenn virðast hafa takmarkaðan áhuga á verkefnum. Vissulega getur verið erfitt að „mótivera“ sig þar sem liðið er löngu búið að klára mótið en tvö stig í fimm leikjum er ekki sæmandi fyrir meistara. Þegar leikmenn nenna vart að tækla og fórna sér fyrir stigin þá fá stuðningsmennirnir ástæðu til að kvarta. Það er verk Ólafs þjálfara að fá menn aftur á tærnar fyrir leikinn gegn ÍBV.

Við þennan leik verður ekki skilið án þess að minnst á frammiðstöðu Ólafs Ragnarssonar dómara sem dæmði frábærlega fyrir utan atvik undir lokin er hann skorti kjark til að henda Dennis Siim af velli.

henry@frettabladid.is

Tryggvi Guðmundsson, leikmaður FH, var allt annað en sáttur við dómara leiksins í gær:

# Það neikvæða á Íslandi í dag er dómgæslan

**FÓTBOLTI** „Við gátum ekki neitt í dag. Ég veit ekki hvað er að gerast í hausnum á mönnum, við erum værukærir og það er bara eins og við nenum þessu ekki,“ sagði Tryggvi Guðmundsson, leikmaður FH, eftir slakan leik FH-liðsins í gær.

Tryggvi sagði að það jákvæða við leikinn hefði verið það að liðið hélt áfram að pressa og náði í eitt stig. „Það neikvæða á Íslandi í dag finnst mér vera dómgæslan. Ég er ekki að kenna dómaraman um tapið hérna í leiknum en ef maðurinn sér ekki að ég er dúnraður niður inni í teig, 5 eða 10 metra frá honum, þá verður hann bara að skila inn skirteininu. Þetta er ekki hægt. Það sáu þetta allir nema þetta blessaða tríó,“ sagði Tryggvi í lokin.

„Það er svekkjandi að fá á sig

mark í upp-bótartíma en við höfum líka skorað mark í upp-bótartíma og fengið stig þannig. Svona er þetta stundum,“ sagði Ólafur H. Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir leikinn. Ólafur tók það fram að fyrir leikinn hefði hann alveg sætt sig við eitt stig. „Við spiluðum vel í 93 mínútu og 50 sekúndur en í 1 sekúnda varð til þess að við fengum eitt stig en ekki þrjú. Fyrir leikinn hefði ég þegið stigið en eins og leikurinn spilaðist þá vildi ég þrjú,“ sagði Ólafur.

Breiðablik á nú 3 leiki eftir í deildinni og ljóst er að hver leikur er gríðarlega þýðingarmikill. „Næsti leikur er gegn Skagarmönnum og það er leikur sem við hreinlega ætlum að vinna. Og vinnum,“ sagði kokhraustur þjálfari Breiðabliks, Ólafur H. Kristjánsson.



**LOK, LOK OG LÆS** Guðmann Þórisson stöðvar hér Tryggva Guðmundsson einu sinni sem oftast í gær. Það er engu líkara en að Tryggvi slái Guðmann í andlit á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

ASTON VILLA - NEWCASTLE UNITED	2-0
1-0 Luke Moore (2.), 2-0 Juan Pablo Angel (38.).	
BLACKBURN ROVERS - CHELSEA	0-2
0-1 Frank Lampard (49.), 0-2 Didier Drogba (81.).	

STAÐAN:

MAN. UNITED	3	3	0	0	10-2	9
ASTON VILLA	3	2	1	0	5-2	7
EVERTON	3	2	1	0	5-2	7
CHELSEA	3	2	0	1	6-2	6
PORTSMOUTH	2	1	1	0	3-0	4
WEST HAM	3	1	1	1	5-4	4
LIVERPOOL	2	1	1	0	3-2	4
BOLTON	3	1	1	1	3-3	4
MAN CITY	3	1	1	1	1-3	4
FULHAM	3	1	1	1	3-6	4
MIDDLESB.	2	1	0	1	4-4	3
WIGAN	2	1	0	1	2-2	3
READING	3	1	0	2	4-5	3
NEWCASTLE	2	1	0	1	2-3	3
TOTTENHAM	3	1	0	2	2-4	3
CHARLTON	3	1	0	2	3-6	3
ARSENAL	2	0	1	1	1-2	1
WATFORD	3	0	1	2	3-5	1
SHEFF UNITED	3	0	1	2	1-4	1
BLACKBURN	3	0	1	2	1-6	1

Spænska 1-deildin

DEPORTIVO - REAL ZARAGOZA	3-2
0-1 Diego Milito (9.), 1-1 Juan Rodriguez (17.), 2-1 Sergio (38.), 3-1 Arizmendi (75.), 3-2 Ewerthon (81.).	
OSASUNA - GETAFE CF	0-2
0-1 Fabio Celestini (53.), 0-2 Nacho (75.).	
RACING SANTANDER - ATLETICO MADRID	0-1
0-1 Fernando Torres (12.).	
RCD ESPANYOL - GIMNASTIC	0-1
0-1 Campano (51.).	
RECREATIVO HUELVA - RCD MALLORCA	1-1
0-1 Juan Arango (86.), 1-1 Santi Cazorla (93.).	
REAL MADRID - VILLARREAL	0-0
ATHLETIC BILBAO - REAL SOCIEDAD	1-1
1-0 Aduritz, viti (38.), 1-1 Aranburu (87.).	

Norska 1-deildin

FC LYN OSLO - SANDEFJORD FOTBALL	2-0
Indriði Sigurðsson var í byrjunarliði Lyn.	
FREDRIKSTAD FK - IK START	4-0
LILLESTRÖM SK - HAM KAM	3-1
ODD GREENLAND - TROMSÖ	3-2
SK BRANN - MOLDE FK	2-1
Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson voru báðir í byrjunarliði Brann.	
VIKING FK - VALERENGA FOTBALL	1-2
Árni Gautur Arason lék allan leikinn fyrir Valerenga og Birkir Bjarnason var í byrjunarliði Viking.	

STAÐAN:

SK BRANN	18	10	4	4	27-18	34
LILLESTRÖM	18	9	6	3	33-23	33
ROSENBORG	17	8	6	3	27-18	30
STABÆK	17	7	7	3	30-20	28
O. GREENLAND	18	7	7	4	27-21	28
VALERENGA	18	7	4	7	25-23	25
FC LYN OSLO	18	7	4	7	24-26	25
IK START	18	6	6	6	18-23	24
SANDEFJORD	18	6	4	8	24-31	22
FREDRIKSTAD	18	5	6	7	26-30	21
HAM KAM	18	5	4	9	27-28	19
TROMSÖ, IL	18	4	5	9	21-28	17
VIKING FK	18	4	5	9	16-24	17
MOLDE FK	18	5	2	11	18-30	17

Pýski handboltinn:

LEMGO-MINDEN	26-19
Logi Geirsson skoraði 4 mörk fyrir Lemgo og Asgeir Örn Hallgrímsson 2. Einar Örn Jónsson skoraði eitt mark fyrir Minden.	



MAREL JÓHANN BALDVINSSON Lékk ekki með Breiðablik í sökum meiðsla.

Marel Jóhann Baldvinsson:

Treysti sér ekki til að spila

**FÓTBOLTI** Það vakti athygli manna á leik FH og Breiðablik í gær að Marel Jóhann Baldvinsson var ekki með Blikum.

„Ég var ekki búinn að ná mér almennilega af þessum meiðslum sem ég hlaut á landsliðsæfingunni. Ég gat æft síðustu tvo dagana fyrir leikinn en án þess þó að taka einhverja spretti eða skjóta á markið og þá er maður bara ekki tilbúinn að spila leik. Maður gleymir sér alltaf í leik og fer á fullt,“ sagði Marel í gær um ástæðu þess að hann hafi ekki spilað.


Marel sagði jafnframt að hann væri bara að pakka niður núna og að hann færi sennilega út á morgun, en Marel er sem kunnugt er að fara í atvinnumennsku hjá Molde í Noregi.

**FÓTBOLTI** Chelsea gerði góða ferð til Blackburn í gær og vann 2-0 sigur. Frank Lampard skoraði fyrra markið úr vítaspyrnu og Didier Drogba, sem komið hafði inn á sem varamaður í leiknum, innsiglaði sigurinn undir lokin.

„Mér fannst John Terry falla frekar auðveldlega. Þessi vítaspyrnudómur breytti algjörlega gangi leiksins. Ef þetta á alltaf að vera svona þá fáum við þrjár vítaspyrnur á okkur í hverjum leik. Þetta var engin vítaspyrna,“ sagði Mark Hughes, framkvæmdastjóri Blackburn, allt annað en sáttur við dómarrinn.

„Mér fannst þetta vera vítaspyrna. Dómarrinn sá að Andre Ooijer hélt um mig með báðum höndum svo þetta var pottþétt vítaspyrna,“ sagði John Terry, fyrirlíði Chelsea, eftir leikinn.

„Það var mjög mikilvægt að fá þessi þrjú stig hérna í dag,“ sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea. „Blackburn er ekki auðveldasti staðurinn til að koma á eftir tapleik af því að liðsmenn eru mjög erfiðir andstæðingar. Þeir eru mjög sterkir heima fyrir og gáfu okkur lítið pláss til að spila boltanum í fyrri



FRANK LAMPARD Sést hér skora fyrra mark Chelsea úr vítaspyrnu sem dæmd var eftir að brotið var á John Terry.

hálfleik. Við hins vegar stjórnudum miðjunni í síðari hálfleik,“ sagði ánægður stjóri Chelsea, Jose Mourinho.

Í hinum leik gærdagsins áttust við Aston Villa og Newcastle á Villa Park. Luke Moore kom Aston Villa yfir strax á annarri mínútu og það var svo Juan Pablo Angel sem skoraði annað markið og þar við sat. 2-0 sigur Aston Villa var staðreynd.

„Ég hef í raun ekki gert neitt. Leikmennirnir hafa alfarið séð um þetta sjálfir. Það er góður andi í liðinu og leikmennirnir vilja spila

góðan fótbolta,“ sagði Martin O'Neill, stjóri Aston Villa, eftir leikinn í gær.

„Við lékum illa á köflum og við lékum líka vel á köflum í leiknum en það voru sumir leikmenn sem ollu mér vonbrigðum. Ég hef aldrei þurft að segja það áður. Við höfum núna tvær vikur til að laga þessa hluti og vonandi verða komnir nýir leikmenn til félagsins fyrir fimmtudaginn,“ sagði Glenn Roeder, framkvæmdastjóri Newcastle.

Nýjasti leikmaður Newcastle, Obafemi Martins, fór meður af velli í gær.

Frank Lampard og Didier Drogba tryggðu Chelsea góðan sigur í gær:  
**Chelsea vann góðan útisigur á Blackburn í gær**



FRANK LAMPARD Sést hér skora fyrra mark Chelsea úr vítaspyrnu sem dæmd var eftir að brotið var á John Terry.

hálfleik. Við hins vegar stjórnudum miðjunni í síðari hálfleik,“ sagði ánægður stjóri Chelsea, Jose Mourinho.

Í hinum leik gærdagsins áttust við Aston Villa og Newcastle á Villa Park. Luke Moore kom Aston Villa yfir strax á annarri mínútu og það var svo Juan Pablo Angel sem skoraði annað markið og þar við sat. 2-0 sigur Aston Villa var staðreynd.

„Ég hef í raun ekki gert neitt. Leikmennirnir hafa alfarið séð um þetta sjálfir. Það er góður andi í liðinu og leikmennirnir vilja spila

góðan fótbolta,“ sagði Martin O'Neill, stjóri Aston Villa, eftir leikinn í gær.

„Við lékum illa á köflum og við lékum líka vel á köflum í leiknum en það voru sumir leikmenn sem ollu mér vonbrigðum. Ég hef aldrei þurft að segja það áður. Við höfum núna tvær vikur til að laga þessa hluti og vonandi verða komnir nýir leikmenn til félagsins fyrir fimmtudaginn,“ sagði Glenn Roeder, framkvæmdastjóri Newcastle.

Nýjasti leikmaður Newcastle, Obafemi Martins, fór meður af velli í gær.



CARMELO ANTHONY Átti góðan leik í gær og skoraði 20 stig.

HM í körfubolta:

**Öruggur sigur Bandaríkjanna**

**KÖRFUBOLTI** Bandaríska landsliðið í körfubolta vann öruggan sigur á liði Ástrala í 16 liða úrslitum á HM í körfubolta í Japan í gær. Lokatölur urðu 113-73. Carmelo Anthony skoraði 20 stig, Joe Johnson 18 og Dwyane Wade 15 fyrir bandaríska liðið sem mæti Þjóðverjum í næstu umferð.

Önnur úrslit í gær voru þau Þjóðverjar unnu Nígíeríu 78-77, Frakkar báru sigurorð á Angóla 68-62 og Grikkir unnu öruggan sigur á Kína 95-64.

Paul Robinson:

**Af hverju var Carrick seldur?**

**FÓTBOLTI** Markvörður Tottenham, Paul Robinson, undrast það að félagið hafi selt Michael Carrick til Manchester United og segir það hafa verið ranga ákvörðun.

„Mér finnst þetta vera skref aftur á bak. Manchester United er mikill andstæðingur Tottenham og ef við ætlum að komast í hóp fjögurra efstu liða þá ættum við ekki að selja leikmenn til helstu andstæðinga okkar,“ sagði Paul Robinson.

**Kynning á vinnuvélum og bílum**

Vélasvið HEKLU leggur upp í hringferð um landið í þeim tilgangi að kynna eftirfarandi bíla og tæki fyrir landsbyggðinni:

- SCANIA R 500 árgerð 2006
- GOLDHOFER 3ja öxla vélavagn árgerð 2006
- CAT TH 210 skotbómulyftari, árgerð 2006
- CAT 301.8C smágrafa árgerð 2006
- CAT 302.5CR smágrafa árgerð 2006
- CAT 303.CR smágrafa árgerð 2006
- CAT CVP 110 jarðvegsþjappa
- ATLAS COPCO MP 500 fleygur
- ENGCON rototilt



Kynningin verður á eftirtöldum stöðum:

Þriðjudaginn 29. ágúst,	kl. 14:00	Húsavík - hjá Alla Geira.
Miðvikudaginn 30. ágúst	kl. 10:00	Egilsstaðir - hjá Aðalflutningum.
Miðvikudaginn 30. ágúst	kl. 15:00	Reyðarfjörður - hjá HEKLU.
Fimmtudaginn 31. ágúst	kl. 10:00	Höfn í Hornafirði - hjá Flytjanda.
Föstudaginn 1. september	kl. 10:00	Hvolsvöllur - hjá Flytjanda.
Föstudaginn 1. september	kl. 15:00	Selfoss - hjá HEKLU.

Vélasvið HEKLU er til húsa í Klettagörðum 8-10, Reykjavík, í glæsilegri þjónustumiðstöð sem er sérhönnuð með tilliti til starfsemi Vélasviðs og gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar úrvalspjónustu.

HEKLA er eitt elsta starfandi fyrirtæki landsins í sölu og þjónustu á atvinnutækjum og býr þar af leiðandi yfir ómældri reynslu til að miðla til viðskiptavina sinna.





## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„Kinky. But I like my sex the way I play basketball, one on one with as little dribbling as possible.“

frá 1994.

Svar: Frank Drebin úr Naked Gun 33 1/3: The Final Insult

# dagskrá




VIÐ TÆKIÐ: VALGEIR RAGNARSSON SOFNAR UNDANTEKNINGARLAUST YFIR 6 TIL SJÓ

## Heimilisleg og róandi

Að loknum erfiðum vinnudegi í hasarnum sem fylgir blaðamennskunni þykir mér það mjög frestandi að leggja aðeins upp í sófa. Oftast set ég einhverja þægilega tónlist undir geislann og læt þreytuna líða úr mér í klukkutíma eða svo. Síðustu daga hef ég hins vegar verið að uppgötva að þátturinn 6 til sjó með Guðrúnu Gunnarsdóttur og Felix Bergssyni er alveg ótrúlega notalegur til þess að sofna yfir. Þátturinn er mjög krúttlegur og þægilegur enda öll umgjörðin í kringum hann mjög heimilisleg. Hasarinn er ekki mikill og gestirnir fremur afslappaðir. Þau Felix og Guðrún fá til sín góða gesti sem elda eitthvað fljótlegt og frestandi á meðan þau spjalla við þá á létum og óformlegum nótum. Á meðan ligg ég uppi í sófa og læt fara vel um mig. Ég man yfirleitt nokkuð vel eftir upphafsatriðinu og kannski fyrsta gestinum, en um það leyti sem maturinn er kominn á borðið er masið í gestunum farið að fjarlægjast mig og augnlokin farin að síga. Ólíkt því þegar ég vaki eftir boxbardögum eða NBA leikjum þá slæ ég ekki sjálfan mig í framan til þess að vakna. Ég læt bara Guðrúnu og Felix vinna sitt verk og svæfa mig, bara ef þau gætu komið og breitt yfir mig teppið og gefið mér koss á ennið, ó hvað það væri fullkomið.


Það er ekkert við þau að sakast, þátturinn þeirra er ekkert verri en hvað annað. Felix og Guðrún eru ágætis sjónvarpsfólk en þau eru bara í loftinu á þeim tíma sem flestir sem ekki eru að vinna eða að elda, nota til þess að slaka á. Kannski er það ætunin hjá SkjáEinum að búa bara til slakandi þátt með vinalegum andlitum svo að áhorfendur geti hlaðið batteríin fyrir Melrose Place sem hefst beint þar á eftir. Maður þarf nefnilega að vera ágætlega undirbúinn andlega til þess að komast í gægnum þær miklu hörmungar.

6 TIL SJÓ Valgeiri finnst alveg fullkomið að sofna yfir 6 til sjó.



22.20  
Spenna

GLÆPAHNEIGÐ




21.35  
Drama

HUFF




20.00  
Gaman

SEINFELD



20.10  
Sci-fi

SURFACE



21.10  
Skýringar

60 MINUTES

### SKJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Grey's Anatomy

### SIRKUS TV

### SKJÁREINN

7.00 6 til sjó (e) 8.00 Dr. Phil (e)

### NFS

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

15.45 Helgarsportíð 16.10 Enska mörkin (2:32) 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bára (13:26) 18.05 Búi! (3:26) 18.15 Lubbi læknir (25:52)

18.30 Vistaskipti (13:26) (Foreign Exchange) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.40 Bikarkeppnin í fótbolta Bein útsending frá leik Víkings og Keflavíkur sem leika til undanúrslita í Vísa-bikarkeppni karla í knattspyrnu á Laugardalsvelli. Seinni leikur undanúrslitanna verður sýndur á sama tíma á þriðjudag.

22.00 Tiufréttir  
22.20 Glæpahneigð (7:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsvið lögreglumanna sem hefur þann starfa að ryna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

23.05 Enska mörkin (2:32) 0.00 Út og suður 0.25 Dagskrárlök

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Fierce Creatures 15.00 You Are What You Eat 15.25 Tónlist 16.00 Barnatími Stóðvar 2 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.40 The Simpsons (16:22) (Simpson-fjölskyldan) 20.05 Extreme Makeover: Home Edition (6:25) (Hús í andlitslyftingu) Ali-fjölskyldan hefur gengið í gegnum miklar og erfíðar raunir.

20.50 Related (10:18) (Systrabönd) Jólafrið er búð og Rose verður að horfast í augu við vandamála sín.  
21.35 Huff (11:13) Bönnuð börnum.  
22.30 Carried Away (Óðagot) Rómantískt og ögrandi drama. Dennis Hopper leikur miðaldra menntaskólakennara sem býr á býli ásamt dauðvona móður sinni. Bönnuð börnum.

0.20 Medium (Bönnuð börnum) 1.00 NCIS 1.45 High Noon 3.15 Related 4.10 Huff (Bönnuð börnum) 5.00 The Simpsons 5.25 Fréttir og Ísland í dag 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TIVI

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Fashion Television 20.00 Seinfeld

20.30 Sushi TV (4:10) (e) Hvort sem þau þurfa að borða eitthvað í ákeppni eða taka stórfurðulegar áskoranir frá stjórnmendum þá er það öruggt að þú átt eftir að grenja úr hlátri.

21.00 Falcon Beach (13:27) (Reckless Love) Paige, Lane og Erin eru öll í frii á Falcon Beach.

21.50 Smallville (16:22) (Hypnotic) Frábærir þættir um Ofurmennið á yngri árum sínum.

22.40 Killer Instinct (13:13) (e) (Fifteen Minutes Of Flame)

23.30 Stacked (11:13) (e) 23.55 Seinfeld

15.55 Game tívi (e) 16.20 Beverly Hills 90210 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjó

19.00 Melrose Place 19.45 Trailer Park Boys (e) 20.10 Surface Laura verður alveg brjáluð þegar hún missir vinnuna. Cirko og Lee finna mikilvægar upplýsingar sem gætu hugsanlega útskýrt tilveru fyrirbæranna sem tengjast breyttu hitastigi á jörðinni.

21.00 The Contender Leitinn er hafin að næstu hnefaleikastjórn!

22.00 Law & Order Leikkona sem á erfitt uppdráttar í bransanum finnst myrt.

22.50 Jay Leno Leno sem tekur á móti fræga fólkinu í sjónvarpsal er alltaf jafn léttur og kátur og þekktur fyrir sinn kaldhæðnislega og sérstaka húmor.

23.35 C.S.I.: New York (e) 0.25 Beverly Hills 90210 (e) 1.10 Melrose Place (e) 1.55 Óstöðvandi tónlist

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttarfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttir 13.00 Sportíð 14.00 Fréttavaktin 17.00 5fréttir 18.00 Íþróttir og veður

18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ísland í dag 19.40 Peningarnir okkar Þáttur um fjármál heimilanna, eins konar námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða. Ingólfur H. Ingólfsson sér um þáttinn.

20.00 Fréttayfirlit 20.20 Brot úr fréttavakt 21.00 Fréttir 21.10 60 Minutes 22.00 Fréttir Fréttir og veður 22.30 Peningarnir okkar

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10 Fréttavaktin 6.10 Peningarnir okkar

### BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Confessions of a Teenage Drama Queen 8.00 Dirty Dancing: Havana Nights 10.00 The Guys 12.00 Stuck On You 14.00 Dirty Dancing: Havana Nights 16.00 The Guys 18.00 Stuck On You 20.00 Confessions of a Teenage Drama Queen (Játningar gelgjudrottningar) 22.00 Man on Fire (Í eldínunni) Stranglega bönnuð börnum. 0.25 The Pentagon Papers (Bönnuð börnum) 2.00 Chasing Holden (Bönnuð börnum) 4.00 Nine Lives (Stranglega bönnuð börnum)

### SKJÁR SPORT

14.00 Charlton – Bolton 16.00 Aston Villa – Newcastle 18.00 Þrumuskot 18.55 Middlesboro – Portsmouth 21.00 Að leikslokum Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni. 22.00 Man City – Arsenal 0.00 Þrumuskot (e) 1.00 Dagskrárlök

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 Live from the Red Carpet 15.00 Live from the Red Carpet 17.00 Sexiest Red Carpet Divas 18.00 E! News Weekend 19.00 Live from the Red Carpet 21.00 Sexiest Red Carpet Divas 22.00 Live from the Red Carpet 0.00 Live from the Red Carpet 2.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion!

### AKSJÓN

Fréttabútturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

# BYLGJAN 20 ÁRA

Afmælisdagskrá Bylgjunnar í dag, mánudag:

Kl. 9-12 Páll Þorsteinsson og Valdí Gunnarsdóttir.

Kl. 12-16 Anna Björk Birgisdóttir og Ívar Guðmundsson.

Kl. 16-18.30 Steingrímur Ólafsson, Þorgeir Ástvaldsson og Kristófer Helgason.

BYLGJAN  
989



## VIÐ MÆLUM MED

## STÖÐ 2 BÍÓ

## Man on Fire

Alda mannrána gengur yfir Mexíkó og á sex dögum eru framin 24 mannrán. Þess vegna ákveða rík hjón að ráða lífvörð fyrir níu ára dóttur sína, Pita Ramos. Fyrir valinu verður John Creasy, sem leikinn er af Denzel Washington, útbrunninn leyniþjónustumaður sem er búinn að missa alla trú á lífinu. Smám saman nær Pita að brjóta niður múrana sem John hefur reist og milli þeirra myndast sterkt vinasamband. Svo gerist það að Pitu er rænt og John særist illilega. Hann sver þess dýran eð að drepa alla þá sem komu nálægt ráninu og upphéfst blóðug hefnd sem enginn virðist geta stoppað.



## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

## Lausn á gátu gærdagsins

9	7	3	2	4	6	5	1	8
6	4	1	7	5	8	9	3	2
5	8	2	9	3	1	7	6	4
7	9	4	8	1	2	3	5	6
8	3	6	4	7	5	1	2	9
1	2	5	3	6	9	4	8	7
4	5	8	6	9	3	2	7	1
2	1	7	5	8	4	6	9	3
3	6	9	1	2	7	8	4	5

	7						1	
5		4					3	
		8	7					9
8				5	2			
	4							9
			9	8				3
7					8	9		
		9				5		6
	5						4	



20.15

Fótbolti

SAGA FÓTBOLTANS

SYN  
besta sætið

17.30 Landsbankamörkin 2006 18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportið

18.30 Landsbankadeildin 2006 (Landsbankadeildin 2006) Útsending frá leik í Landsbankadeild karla í knattspyrnu sem nú er í hámarki.

20.15 Saga fótboltans (For Club and Country) Magnaður myndaflokkur um vinsælustu íþrótt í heimi, knattspyrnu. Í þessum þætti er m.a. fjallað um uppgang franskrar knattspyrnu en þjóðin sigraði á HM 1998 og EM 2000.

21.10 Ensku mörkin 2006-2007 (Ensku mörkin 2006-2007)Frábær þáttur þar sem farið er yfir allt það helsta á hverjum tíma í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

21.40 World Golf Championship 2006 (Bridgestone Invitational)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5



6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.20

Hádegisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Sameinuð stöndum vér 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Suð-

rænt 19.40 Laufskálinn 20.20 Kvöldtónar 21.00 Framtíð lýðræðis 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Tónlistarhornið 22.30 Kvöldsagan 23.00 Sumartónleikar í Skálholtskirkju 2006 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlarp 18.24 Auglýsingar 18.25

Spegillinn 19.30 Á vellinum 20.00 Fótboltarásin 22.10 Uppruni tegundanna 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn

## BYLGJAN FM 98,9



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalagahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN

FM 99,4 ÚTVARP SAGA

FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin

FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp

FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni

FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

NÁÐU  
FRAM  
ÞVÍ  
BESTA!

## Við hjálpum þér að:

- Efla sjálfstraustið
- Ná framúrskarandi árangri í mannlegum samskiptum
- Bæta tjáningarhæfnina
- Efla leiðtogahæfileikana
- Draga úr áhyggjum, streitu og kvíða
- Setja þér raunhæf og krefjandi markmið
- Bæta þig í tímastjórnun

KYNNINGARFUNDUR  
-allir velkomnir:Miðvikudaginn 30. ágúst kl. 20:00-21:15  
Suðurlandsbraut 12, gengið inn á vinstri hlið hússins.NÁMSKEIÐ  
HEFJAST:5. september  
13. september  
18. september  
21. september, leiðtoga- og samskiptaþjálfun fyrir konur.Námskeiðin standa frá  
kl. 18:00 - 22:00,  
eitt kvöld í viku í 12 vikur.[www.dalecarnegie.is](http://www.dalecarnegie.is)

## Guðrún Ólafía Tómasdóttir, innheimtustjóri DHL á Íslandi ehf.

Í Dale Carnegie þjálfuninni lærði ég að þekkja styrkleika mína. Sjálfstraustið og hugrekkið jókst og ég tileinkaði mér nýjar aðferðir við að sigrast á óþarfa áhyggjum og brjótast í gegnum hindranir! Ég þjálfaði upp áhrifarikar leiðir til að setja mér markmið reglulega og blása í mig eldmóði til að ná þeim. Ég tók miklum framförum í tjáningu/framsögn og finnst mér nú að ég geti tjáð mig á skýrari og hnitmiðaðri hátt fyrir framan hóp af fólki.

DALE CARNEGIE®  
ÞJÁLFUN  
Sími 555 7080





## HRÓSIÐ FÆR...

hín 83 ára gamla Margrét Guðjónsdóttir sem blómstrar á nýræðisaldri og er öðrum til fyrirmyndar í bæði leik og starfi.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

### LÁRÉTT

2 svei 6 kyrrð 8 neðan 9 kraftur 11 samþykki 12 heimting 14 söngleikur 16 rás 17 málmur 18 niður 20 í röð 21 ögn.

### LÓÐRÉTT

1 land 3 tveir eins 4 fót 5 forsögn 7 fáfróður 10 þunnur vökvi 13 skref 15 svara 16 espa 19 tveir eins.

### LAUSN

2 svei, 6 kyrrð, 8 neðan, 9 kraftur, 11 samþykki, 12 heimting, 14 söngleikur, 16 rás, 17 málmur, 18 niður, 20 í röð, 21 ögn.  
LÓÐRÉTT: 1 írak, 3 un, 4 spjarf, 5 spá, 6 sá, 7 arfa, 8 fát, 9 afli, 10 þunnur, 11 skref, 12 svara, 13 skref, 14 spjarf, 15 svara, 16 espa, 17 niður, 18 niður, 19 tveir eins, 20 í röð, 21 ögn.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

- 1 Sjöttíu ára afmælis Flugmálafélags Íslands.
- 2 Ólafur Rafnar.
- 3 Elvis.

# Winstone og Cave á frumsýningu

Kvikmyndahátíðinni IIFF verður hleypt af stokkunum á miðvikudaginn þegar kvikmyndin Factotum verður frumsýnd að viðstöddum aðalleikurum, þeim Matt Dillon og Marisu Tomei. Degi síðar verður íslensk-kanadíska kvikmyndin Bjólfskviða einnig frumsýnd og mun vonarstirni Breta, Gerald Butler, verða viðstaddur sýninguna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður lokamynd hátíðarinnar The Proposition, sem gerð er eftir handriti Nicks Cave, en hann semur líka tónlistina. Myndin verður sýnd föstudaginn 15. september og herma heimildir blaðsins að Nick Cave ætli að reyna að mæta á frumsýninguna en hann mun halda tónleika hér á landi daginn eftir.

Honum mun hafa borist formlegt boð og rær að því öllum árum að koma þessu við í þéttskipaðri dagskrá sinni.

Hins vegar hefur verið staðfest að Ray Winstone muni verða viðstaddur frumsýninguna en hann leikur eitt aðalhlutverkanna í þessari mynd. Þessi breski leikari þykir með þeim virtustu í kvikmyndaheiminum og aðdáendur glæpamynda muna eflaust eftir honum í Sexy Beast þar sem Winstone fór hamförum á móti Ben Kingsley. Meðal næstu verkefna Winstone er kvikmyndin The Departed þar sem hann leikur undir stjórn Martins Scorsese ásamt Leonardo DiCaprio og Jack Nicholson. Kvikmyndahátíðinni lýkur síðan



MEÞA TIL LANDSINS Ray Winstone mætir til landsins vegna frumsýningar myndarinnar The Proposition og Nick Cave rær að því öllum árum að komast einnig. Hér eru þeir ásamt John Hurt sem einnig leikur í myndinni.

viku síðar, þann 21. september, en fyrir þá sem vilja ólmir kynna sér dagskrá hátíðarinnar skal bent á að

sérstakt fylgirit um kvikmyndir hennar sem fylgir Fréttablaðinu á miðvikudaginn.

## HEBA ÞÓRISDÓTTIR: SLÆR Í GEGN HJÁ STJÖRNUNUM

# Gerir sína fimmtu mynd með Scarlett

Förðunarsérfræðingurinn Heba Þórisdóttir gerir það gott í Hollywood um þessar mundir. Á næstunni fer hún til Englands þar sem hún sér algerlega um förðun leikkonunnar Scarlett Johansson í kvikmyndinni The Other Boleyn Girl sem auk Johansson skartar Natalie Portman og Eric Bana í helstu hlutverkum en myndin segir frá tveimur systur sem reyna að vinna hylli Hinriks VIII.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Heba starfar með Scarlett því þær hafa unnið saman við fjórar kvikmyndir, nú síðast við The Black Dahlia sem frumsýnd verður á næstunni. Heba hefur auk þess verið Cate Blanchett innan handar og sá um förðun hennar við gerð kvikmyndarinnar The Good German sem Steven Soderbergh leikstýrir en þar leikur George Clooney aðalhlutverkið.

VILL ENGA AÐRA Cate Blanchett vildi fá Hebu til að sjá um förðun sína fyrir kvikmyndina The Good German þar sem hjartaknúsarinn George Clooney leikur aðalhlutverkið.



Heba var nývöknú á heimili sínu í Los Angeles þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Hún hefur búið í Bandaríkjunum undanfarn tuttugu ár og hefur komið sér vel fyrir þar vestra. Heba var fyrst ráðin af Scarlett fyrir kvikmyndina The Island og leikkonan virtist kunna það vel við handbragð hennar að hún vill enga aðra hafa. „Við eigum mjög gott samband enda sitja þær í stólum hjá mér í marga tíma,“ útskýrir Heba en vill sem minnst ræða um samband sitt við stórstjörnurnar. „Þær vita nánast allt um mig og ég veit allt um þær,“ bætir hún við og hlær en þar við situr.

Leikkonunarnar treysta Hebu í einu og öllu um að þær líti vel út í mynd og nú þegar hún ein er ábyrg fyrir förðun þeirra þarf Heba að fylgjast vel með hvernig þær líta út á hvíta tjaldu. „Ég þarf að sjá hvernig er verið að lýsa þær og hvort það komi vel út á hvíta tjaldu,“ útskýrir Heba en eins og gefur að skilja er þetta ákaflega mikilvægt starf og ekki er hverjum sem er falið að inna það af hendi.

Aðeins eru átta ár síðan Heba fór að farða fyrir kvikmyndir en þá fékk Quentin Tarantino hana til liðs við sig fyrir Kill



HEBA ÞÓRISDÓTTIR Hefur komið sér vel fyrir í kvikmyndaþorginni Los Angeles en hún er á leiðinni til Englands ásamt þeim Scarlett Johansson, Natalie Portman og Eric Bana.

Bill myndirnar tvær. „Þá voru strákarnir mínir líka orðnir aðeins eldri og það var auðveldara fyrir mig að fara að heiman,“ útskýrir Heba enda segir hún að ekki hafi verið hægt að segja nei við Tarantino. „Ég fór á tókustað kvikmyndarinnar Jackie Brown og hitti hann. Þá sagði ég við hann að ég vildi vera með í næstu mynd. Síðan liðu þrettán ár þar til kallið kom,“ segir Heba.



FYRSTU KYNNIN Heba vann fyrst með Scarlett við gerð myndarinnar The Island. „Hún er rosalega viðkunna stúlka,“ segir Heba um þessa stórstjörnu.

# Hugmyndaríkur þrjónastrákur

„Ég er gjörsamlega sneyddur öllu tiskuviti. Þetta bara gerðist alveg ósjálfrátt að ég leiddist út í þennan bransa,“ segir Guðmundur Hallgrímsson, betur þekktur sem Mundi, en peysur eftir hann eru seldar í versluninni Kronkron og hafa vakið mikla athygli. Peysurnar eru síðar ullaþrepsur með stórru hettu og kraga með skemmtilegu munstri sem sýnir tvo geimfara leiðast. „Munstrið á að sýna þyngdarleysi og spratt hugmyndin þegar ég var að horfa á HeMan í sjónvarpinu og byrjaði að rissa þetta niður á blað. Svo vatt þetta bara upp á sig og allt í

einu er ég þekktur sem fatahönnuður. Gott dæmi um hvernig góðar hugmyndir geta þróast á óvantan hátt.“ Mundi þrjónar ekki sjálfur og fer að hlæja þegar blaðamaður spyr hann um það „Ég læt konu á saumastofunni Janus þrjóna allt fyrir mig enda hef ég ekkert vit á svona hlutum.“ Munda finnst íslenska ullin vera vanmetið efni og segir peysurnar sínar vera hlýjar og góðar og 66° norður ætti bara að fara að vara sig. „Allar peysurnar mínar eru fóðraðar með flísefni því aðalvandamálið með ullina er hvað hún stingur mikið.“

Mundi er aðeins 19 ára gamall og er á öðru ári í námi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. Hann komst inn með undanþágu enda ekki búinn með stúdentspróf. „Ég lét bara á þetta reyna án þess að vera með neinar væntingar en þetta gekk í gegn mér til mikillar gleði og undrunar,“ segir Mundi en hann hefur ekki hug á flytja sig yfir í fatahönnunardeildina enda segist hann vera fyrst og fremst listamaður sem hefur gaman af gera alls kyns munstur. „Ég ætla að halda hönnun minni áfram undir Mundi Design og svo er aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér,“ segir þessi fjólhæfi ungi listamaður að lokum.



FATAHÖNNUÐUR MEÐ MEIRU Guðmundur er aðeins 19 ára gamall en hefur nú þegar vakið mikla athygli fyrir peysurnar sem hann hannar og eru seldar í versluninni Kronkron.



„ÞRJÓN ER EKKI SVEITÓ“ Munda finnst íslenska ullin vera vanmetin og fólk ætti að bera meiri virðingu fyrir henni enda er hún hlý og góð.

Upplýsingar í síma 590 2525  
Textavarp: Stöð 2 • 150-153  
RÚV • 281, 283 og 284

**Lotto**

Vinningstölur laugardaginn 26.8.2006

17 20 22 24 38

Einfaldur 1. vinningur næsta laugardag

Bónustala 35

Jóker 4 4 8 2 1

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 23.8.2006

Aðaltölur 3 6 13 20 26 46

Bónustölur Ofurtala 7 47 29

Einfaldur 1. vinningur næsta laugardag

Jóker 4 8 8 3 6

1. vinningur gekk ekki út

Bytt með lýðnum um þessur



# Young Chang

20 ára reynsla á Íslandi

Í Tónastöðinni finnur þú einstakt úrval hljóðfæra á góðu verði, nótur og fylgihluti.

Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áralangri reynslu.



softfall



## TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn



# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rittstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, rittstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

## Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS



**BAKÞANKAR**

PRÁINS BERTELSSONAR

### Um dónaskap með hjálpartækjum

Fyrir utan að vera refsivert athæfi eru gægjur flokkaðar undir ónáttúru og sálfræðingar og geðlæknar reyna eftir mátti að hjálpa þeim afbrigðilegu einstaklingum sem þjást af njósnaflkn og leggjast á glugga og skráargöt og nota nætursjónauka eða stjórnu-kíki til að skoða mannlífið. Að liggja á hleri er hins vegar ekki talið alveg jafn sjúklegt og gægjurnar og flokkast fremur sem dónaskapur og skortur á manna-siðum nema viðkomandi dóni hafi komið sér upp hjálpartækjum og noti sérstakan hlerunarbúnað til að svara ónáttúru sinni og sé þar með orðinn brotlegur við bæði lög og almennt siðgæði.

**GÆGJUR** og hleranir misbjóða blygðunarkennd fólks og flokkast undir hneykslanlegt athæfi þótt vaxandi skilningur á afbrigðilegu sálarlífi hafi kennt okkur umburð-arlyndi gagnvart flestum þeim perversjónum sem leggjast á sjúk-ar sálir.

**EINSTAKLINGAR** og ríki sem þjást af skömm yfir afbrigðilegri hegðun sinni reyna yfirleitt í lengstu lög að mæta skömminni með þögn og leynd. Það hefur Ragnar Aðalsteinsson hæstarétt-arlögmaður fengið að reyna, en hann hefur nú um skeið reynt að fá Íslenska ríkið til að létta á sam-visku sinni varðandi þær sjúku og siðlausu hleranir sem ráðamenn stunduðu á kaldastríðsárunum.

**AFNEITUN** á sjúkdómi ber vott um að viðkomandi sjúklingur sé ekki tilbúinn að undirgangast lækni meðferð til að losna við veikleika sinn. Ragnar segir „eins-dæmi hversu hart stjórnvöld ber-ist gegn því að veita upplýsingar um hleranir“. Sem bendir til þess að heilsufarið á bænum sé miður gott og er leitt til þess að vita. En Ragnar Aðalsteinsson ætlar þó ekki að gefast upp við að reyna að að lækna Íslenska ríkið af þessari sjúklegu ónáttúru. „Málið endar fyrir Hæstarétti ef fer sem horf-ir,“ segir hann.

**ÓNÁTTÚRA** og gægjuflkn Íslenska ríkisins virðist vera á mjög hættulegu stigi. Á sama tíma og afneitun er eina svarið sem okkar fremsti lögspekingur mætir hjá dómismálaráðuneytinu er sjálf-ur dómismálaráðherrann að svara lund sinni með því að ræða í karla-klúbbum úti í bæ hvort „nauðsyn-legt sé að stofna hér leynipjón-ustu“.

IMPREZA SUBARU

## Sumartilboð 1.990.000 kr.\*

Subaru Impreza er á lygilegu tilboði í ágúst og er fyrir vikið á mun betra verði en bílar í sama flokki, þ.m.t. Volkswagen Golf. Gerðu verðsamanburð. Núna er rétti tíminn til að fjárfesta í Subaru Impreza.

SYMMETRICAL AWD

STADALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

Ingvar Helgason	Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíð: Mánudaga - fimstudaga kl. 9:00-18:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Njarðvík 421-8808
	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453

\* Aukahlutir á mynd: 17" álfelgur

SUBARU IMPREZA SUMARTILBOÐ:

Beinskiptur Sedan	1.990.000 kr.
Sjálfskiptur Sedan	2.140.000 kr.
Beinskiptur Wagon	2.060.000 kr.
Sjálfskiptur Wagon	2.190.000 kr.



# FJARNÁM ÖFLUGT OG ÓDÝRT

Skráning á [www.verslo.is](http://www.verslo.is)

23. ágúst - 4. september

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS